

# ÁRSSKÝRSLA 2007–2008



### **Fjögur meginmarkmið í starfi Samtaka atvinnulífsins**

- Að vera heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda og málsvari þeirra í almennum hagsmunamálum atvinnulífsins.
- Að hafa mótandi áhrif á starfsumhverfi atvinnulífsins og stuðla að samkeppnishæfum og arðsömum atvinnurekstri.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi atvinnurekenda að sameiginlegum hagsmunamálum.
- Að annast samskipti við stéttarfélög og gera kjarasamninga fyrir hönd aðildarfyrirtækja sem falið hafa samtökunum umboð til þess. Jafnframt að leiðbeina aðildarfyrirtækjum um framkvæmd kjarasamninga og önnur vinnumarkaðsmál.

# ÁRSSKÝRSLA 2007–2008

AÐALFUNDUR SA  
18. APRÍL 2008



**EFNISYFIRLIT**

ÁVARP FORMANNS . . . . .	3
1. kafli: Stjórnir, nefndir og aðildarfélög Samtaka atvinnulífsins . . . . .	4
2. kafli: Efnahags- og atvinnumál . . . . .	7
<i>Áherslur atvinnulífsins í atvinnu- og byggðamálum . . . . .</i>	12
3. kafli: Kjaramál og samningar . . . . .	14
4. kafli: Stofnanir á vinnumarkaði . . . . .	17
5. kafli: Jafnréttismál . . . . .	18
6. kafli: Lífeyrismál . . . . .	21
7. kafli: Umhverfismál og vinnuumhverfi . . . . .	22
8. kafli: Samskipti við stjórnvöld . . . . .	25
9. kafli: Erlend samskipti . . . . .	28
10. kafli: Menntamál . . . . .	34
11. kafli: Útgáfa og kynning . . . . .	38
12. kafli: Rekstur SA, innra starf og skipulag . . . . .	43
Skipurit Samtaka atvinnulífsins . . . . .	46
Áritun endurskoðanda . . . . .	47
Ársreikningur Samtaka atvinnulífsins 2007 . . . . .	48
Ársreikningur Réttarverndarsjóðs SA . . . . .	49
Ársreikningur Vinnudeilusjóðs SA . . . . .	50

Ritstjórn og umsjón með ársskýrslu: Hörður Vilberg  
 Ljósmyndir: Jóhannes Long, Birgir Ísleifur Gunnarsson, starfsfólk SA o.fl.  
 Hönnun og umbrot: Prentsmiðjan Oddi ehf.  
 Prentvinnsla Prentsmiðjan Oddi ehf.

## ÁVARP FORMANNS



**Ingimundur Sigurpálsson**  
formaður Samtaka atvinnulífsins

Undirbúningur kjarasamninga bar hæst í starfsemi Samtaka atvinnulífsins á síðasta starfsári. Samtökin hafa jafnframt sinnt öðrum málaflokkum en þar má nefna skattamál, málefni erlends starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði, starfsmenntamál, réttindi og endurhæfingu örorkulífeyrisþega, umhverfismál og atvinnumál landsbyggðar. Samtökin hafa haldið úti öflugum starfi með fundum, ráðstefnum, námsskeiðum, útgáfum og vefsíðu og félagsmenn hafa leitað mjög til samtakanna við túlkun og framkvæmd kjarasamninga og um aðstoð við fjölmörg atriði.

Nýrri ríkisstjórn, sem tók til starfa í maí síðastliðnum, fylgdu góðar óskir frá Samtökum atvinnulífsins og lýstu samtökin stuðningi við þau markmið ríkisstjórnarinnar að tryggja lága verðbólgu, lágt vaxtastig, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jafnan og öflugan hagvöxt og trausta stöðu ríkissjóðs. Samtökin lýstu á hinn bóginn þungum áhyggjum yfir vaxtastefnu Seðlabankans og í bréfi til forsætisráðherra þann 4. júní 2007 sagði m.a. að gengið væri orðið allt of hátt miðað við stöðu atvinnulífsins og jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Gengið ætti eftir að hækka enn frekar áður en það lækkaði á ný og það myndi gerast þrátt fyrir háa stýrivexti Seðlabankans. Bankinn myndi ekki að óbreyttu um fyrirsjáanlega framtíð sjá möguleika á því að lækka vexti.

Allt hefur þetta gengið eftir og er einsýnt, að Seðlabankinn einn leysir ekki það viðfangsefni að halda aftur af verðbólgu. Samtökin lögðu áherslu á að stýrivextir yrðu lækkaðir sem fyrst og að jafnhliða því yrði öðrum hagstjórnartækjum beitt, aðhald aukið í ríkisbúskapnum og komið í veg fyrir viðvarandi hallarekstur sveitarfélaga. Jafnframt var lögð áhersla á að stjórnvöld búi atvinnulífinu samkeppnishæf starfsskilyrði.

Stjórn Samtaka atvinnulífsins fjallaði á starfsárinu um stöðu íslensku krónunnar sem gjaldmiðils, en þar hafa komið fram skoðanir um nauðsyn þess að taka upp evru sem gjaldmiðil hér á landi. Gengi krónunnar sveiflast ekki lengur í takt við stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina heldur eru nú aðstæður á fjármálamarkaði ráðandi um þróun gengisins auk tímabundinna áhrifa af vaxtastefnu Seðlabankans. Var því beint til stjórnar aðildarsamtakanna að kanna hvort breytingar, sem orðið hafa á íslensku atvinnu- og efnahagslífi, gefi tilefni til endurmats á því, hvort einstakar atvinnugreinar telji sér betur borgið með öðrum gjaldmiðli en íslenski krónu. Samtökin stóðu fyrir tveimur umræðufundum fyrir aðildarsamtökin um gjaldmiðilinn

og um Evrópusambandið og verða þessi áleitnu umfjöllunarefni til frekari umræðu og úrvinnslu á vettvangi samtakanna.

Kjarasamningar SA við landssambönd verkalýðshreyfingarinnar runnu út um síðustu áramót. Stefnumótun vegna nýrra kjarasamninga var til umfjöllunar á fulltrúaráðsfundi í nóvember og á stjórnarfundum í byrjun desember 2007. Þar kom fram, að laun og kaupmáttur hafi aukist mjög á samningstímabilinu sem var að renna út, verðbólga hafi verið allt of mikil og tími væri kominn til að hægja á launa- og verðlagsbreytingum. Launabreytingar í nýjum kjarasamningum yrðu að takmarkast við breytingar á launum í nálægum löndum, þar sem árlegar hækkanir hafa verið um og innan við 3%. Megináhersla var lögð á að nýta svigrúm til að hækka lægstu laun, færa lægstu kauptaxta nær greiddum launum og að tryggja þeim launahækkun, sem einungis hafa fengið almennar launahækkanir.

Í kjarasamningum SA við ASÍ og landssambönd þess þann 17. febrúar síðastliðinn, gengu þessi markmið eftir í aðalatriðum og náðist góð sátt um þá stefnu, sem fylgt var. Kjarasamningarnir gilda til 30. nóvember 2010, en forsendur þeirra verða metnar í febrúar 2009 með hliðsjón af þróun kaupmáttar og verðbólgu. Framkvæmd kjarasamninganna er nú sem fyrr mjög undir atvinnurekendum komin. Samtökin hafa lagt áherslu á að þeir kynni sér efni samninganna vel og haldi eins og kostur er aftur af öðrum launabreytingum.

Auk launabreytinga var samið um önnur kjaratriði. Þar er ástæða til að nefna ákvörðun samningsaðila um nýjan *Endurhæfingarsjóð*, sem er ætlað að veita þjónustu og úrræði fyrir starfsmenn, sem veikjast til lengri tíma eða slasast þannig að vinnugeta þeirra skerðist. Markmiðið er að koma eins snemma að málum og kostur er og stuðla að því að hver einstaklingur verði sem fyrst virkur á vinnumarkaði á ný. Undirbúningur að stofnun Endurhæfingarsjóðs hefur staðið um langa hríð í viðræðum milli SA og ASÍ og er ástæða til að fagna þessum áfanga.

Samtök atvinnulífsins hafa markað nýja stefnu í byggða- og atvinnumálum undir yfirskriftinni: *Hagvöxt um land allt – styrka innviði*. Samtökin telja nauðsynlegt að stjórnvöld geri sem fyrst og hrindi í framkvæmd áætlun um uppbyggingu innviða um land allt. Áhersla er lögð á að atvinnulífinu verði sköpuð sem best skilyrði um land allt, þannig að frumkvæði og kraftur fyrirtækja og einstaklinga fái notið sín. Á þann hátt geti atvinnulífið best staðið undir auknum kröfum um hagvöxt og velferð fólks um land allt.

Íslendingum hefur gengið margt í haginn á undanförunum árum. Atvinnulífið hefur eflst mjög og skilað landsmönnum bættum lífskjörum. Samstaða samningsaðila á almennum vinnumarkaði um stöðugleika í efnahagslífi og styrka samkeppnisstöðu atvinnulífsins hefur skilað verulegum árangri. Nýir kjarasamningar leggja mikilsverðan grunn að efnahagsstarfseminni næstu árin. Nú standa landsmenn frammi fyrir nýjum skilyrðum og ögrandi tímum. Sú stund er runnin upp, að ríkisstjórn og Seðlabanki verða að samræma aðgerðir sem duga til þess að tryggja efnahagslegan stöðugleika.

# STJÓRNIR, NEFNDIR OG AÐILDARFÉLÖG SAMTAKA ATVINNULÍFSINS



## 1.1. AÐALFUNDUR SA 2007

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn 17. apríl 2007. Sagt er frá störfum fundarins í 12. kafla ársskýrslunnar.

## 1.2. FRAMKVÆMDASTJÓRN SA

Sagt er frá störfum framkvæmdastjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Ingimundur Sigurpálsson formaður  
Íslandsþóstur hf.

Vilmundur Jósefsson varaformaður  
Gæðafæði ehf.

Bjarni Ármannsson  
Samtök fjármálafyrirtækja

Helgi Magnússon  
Samtök iðnaðarins

Friðrik J. Arngrímsson  
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Hrund Rudolfsdóttir  
Milestone ehf.

Kristín Jóhannesdóttir  
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.

Áheyrnarfulltrúi  
Grímur Sæmundsen  
Bláa Lónið hf.

## 1.3. STJÓRN SA

Sagt er frá störfum stjórnar í 12. kafla ársskýrslunnar

Ingimundur Sigurpálsson formaður SA  
Íslandsþóstur hf.

Vilmundur Jósefsson varaformaður  
Gæðafæði ehf.

Arnar Sigurmundsson  
Samtök fiskvinnslustöðva

Bjarni Ármannsson  
Samtök fjármálafyrirtækja

Björgólfur Jóhannsson  
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Brynjólfur Bjarnason  
Skipti hf.

Eiríkur Tómasson  
Þorbjörn hf.

Franz Árnason  
Norðurorka hf.

Friðrik J. Arngrímsson  
Landssamband íslenskra útvegsmanna

Grímur Sæmundsen  
Bláa Lónið hf.

Guðjón Rúnarsson  
Samtök fjármálafyrirtækja

Gunnar Karl Guðmundsson  
Skeljungur hf.

Gunnar Sverrisson  
Íslenskir aðalverktakar hf.

Helgi Bjarnason  
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Helgi Magnússon  
Samtök iðnaðarins

Hrund Rudolfsdóttir  
Milestone ehf.

Hörður Arnarson  
Marel Food Systems hf.

Jón Karl Ólafsson  
Icelandair Group hf.

Kristín Jóhannesdóttir  
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf.

Loftur Árnason  
Ístak hf.

Rannveig Rist  
Alcan á Íslandi hf.

Áheyrnarfulltrúi  
Jens Pétur Jóhannsson  
Rafmagnsverkstæði Jens Péturs

## 1.4. STJÓRN VINNUDEILUSJÓDS SA

Þorgeir Baldursson, OPM ehf.  
Friðrik J. Arngrímsson, LIÚ  
Sveinn Hannesson, SI

## 1.5. STJÓRN RÉTTARVERNDARSJÓDS SA

Friðrik J. Arngrímsson, LIÚ  
Jón Steindór Valdimarsson, SI  
Ragnar Árnason, SA

## 1.6. AÐILDARFÉLÖG SA OG STJÓRNIR PEIRRA

### Stjórn LIÚ frá 2007

Björgólfur Jóhannsson formaður  
Adolf Guðmundsson  
Einar Valur Kristjánsson  
Eiríkur Tómasson  
Guðmundur Kristjánsson  
Guðrún Lárusdóttir  
Gunnar Ásgeirsson  
Hjörtur Gíslason  
Kristján Loftsson  
Ólafur H. Marteinsson  
Ólafur Rögnvaldsson  
Sigurgeir B. Kristgeirsson  
Þorsteinn Már Baldvinsson  
Þorsteinn Erlingsson  
Þórður Rafn Sigurðsson

### Stjórn Samorku frá 2008

Franz Árnason formaður  
Friðrik Sophusson  
Guðmundur Þorodsson  
Júlíus Jónsson  
Páll Pálsson  
Tryggvi Þór Haraldsson  
Þórður Guðmundsson

### Stjórn SAF frá 2008

Árni Gunnarsson formaður  
Anna Sverrisdóttir  
Gunnar Guðmundsson

Lára B. Pétursdóttir  
Ólafur Torfason  
Steingrímur Birgisson  
Sævar Skaptason

### Stjórn SART frá 2008

Jens Pétur Jóhannsson formaður  
Ármann Ármannsson  
Ásmundur Einarsson  
Guðmundur G. Breiðfjörð  
Hjörleifur Stefánsson  
Jóhann Kristján Einarsson  
Jóhann P. Jóhannsson  
Lárus A. Jónsson  
Magnús Gíslason  
Óskar Smári Haraldsson  
Sævar Óskarsson

### Stjórn SF frá 2007

Arnar Sigurmundsson formaður  
Ágúst Torfi Hauksson  
Einar Sigurðsson  
Erla Kristinsdóttir  
Gestur Geirsson  
Guðmundur Smári Guðmundsson  
Gunnar Tómasson  
Gunnþór Ingvason  
Haukur Björnsson  
Hermann Stefánsson  
Jóhann Pétur Andersen  
Jóhannes Pálsson  
Jón E. Friðriksson  
Kristján G. Jóakimsson  
Óðinn Gestsson  
Sigurður Viggósson  
Svavar Svavarsson

### Stjórn SFF frá 2007

Lárus Welding formaður  
Ásgeir Baldurs  
Guðmundur Hauksson  
Halldór J. Kristjánsson  
Helgi Bjarnason  
Hreiðar Már Sigurðsson  
Sævar Helgason  
Valgeir Pálsson  
William Fall

### Stjórn SI frá 2008

Helgi Magnússon formaður  
Aðalheiður Héðinsdóttir  
Anna María Jónsdóttir  
Ingvar Kristinsson  
Loftur Árnason  
Sigurður Bragi Guðmundsson  
Tómas Már Sigurðsson  
Þorsteinn Víglundsson

### Stjórn SVP frá 2008

Hrund Rudolfsdóttir formaður  
Ásbjörn Gíslason  
Björn Árni Ágústsson  
Brynjólfur Bjarnason  
Gunnar Karl Guðmundsson  
Jóhanna Waagfjörð  
Sturla Gunnar Eðvarðsson

## 1.7. SKRÁ YFIR NEFNDIR OG RÁÐ SEM SA EIGA AÐILD AÐ

### ATVINNULEYSI OG VINNUMIÐLUN

#### Atvinnuleysistryggingasjóður – stjórn

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA  
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA  
Varam: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA  
Varam: Kristín Jónsdóttir, SA

#### Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Aðalm: Ragnar Árnason, SA  
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

#### Ábyrgðasjóður launa

Aðalm: Álfheiður M. Sívertsen, SA  
Varam: Jón H. Magnússon, SA

#### Stjórn Vinnuálastofnunar

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA  
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA  
Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA  
Varam: Ragnar Árnason, SA

#### Vinnumarkaðsráð

SA skipa tvo aðalmenn og varamenn þeirra í átta vinnumarkaðsráð á landinu.

#### Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Aðalm: Ragnar Árnason, SA  
Varam: Kristín Jónsdóttir, SA

#### Ráðgjafarnefnd á sviði vinnuverndar

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA  
Varam: Pétur Reimarsson, SA

#### Nefnd um stöðu miðaldra og eldra fólks á vinnumarkaði

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA  
Varam: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

### ALPJDAMÁL

#### ILO-þing árið 2007 – fulltrúar SA

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam: Jón H. Magnússon, SA

#### ILO-þing Sérfræðingur á fiskiskipum

Aðalm: Jón H. Magnússon, SA

#### Samstarfsnefnd um málefni Alþjóðavinnuálastofnunarinnar

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

#### Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

#### Ráðgjafarnefnd EFTA

Aðalm: Guðlaugur Stefánsson, SA  
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

#### Eftirlitsnefnd með framkvæmd laga nr. 47/1993 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

#### Samráðsnefnd félagsmálaráðuneytis vegna EES samningsins

Aðalm: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA  
Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

#### Samstarfsnefnd um atvinnuleyfi útlendinga

Aðalm: Ragnar Árnason, SA  
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

### EFNAHAGS- OG KJARAMÁL

#### Kjararannsóknarnefnd

Hannes G. Sigurðsson, SA  
Sigurður Jónsson, SVP

#### Ráðgjafarnefnd Hagstofu Íslands um vísitölu neysluverðs

Aðalm: Guðlaugur Stefánsson, SA

#### Nefnd SA og ASÍ um samningsforsendur

Vilhjálmur Egilsson, SA  
Hannes G. Sigurðsson, SA

#### Samráðshópur um launakannanir

Hannes G. Sigurðsson, SA

#### Notendahópur Hagstofu Íslands um þjóðhagsreikninga

Hannes G. Sigurðsson, SA

#### Nefnd til að skoða kosti og galla verðtryggingar lánsamninga og meta áhrif þess á innlent fjármálakerfi

Aðalm: Hannes G. Sigurðsson, SA  
Varam: Guðlaugur Stefánsson, SA

#### Nefnd til að fara yfir skattkerfið og varpa ljósi á hvaða þættir gera Ísland samkeppnishæft og skilvirkt

Vilhjálmur Egilsson, SA

### FÉLAGSDÓMUR

Aðalm: Valgeir Pálsson, Tryggingamiðstöðin hf.  
Varam: Pétur Guðmundarson, Logos sf.

### JAFNRÉTTISMÁL

#### Jafnréttisráð

Aðalm: Hörður Vilberg, SA  
Varam: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

#### Starfshópur til að leita leiða til að eyða óútskýrðum launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði og jafna stöðu karla og kvenna í stjórn stofnana og fyrirtækja

Aðalm: Guðlaugur Stefánsson, SA  
Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA

### LÍFEYRISSJÓÐIR

SA tilnefna 24 fulltrúa atvinnurekenda og varamenn þeirra í stjórnir 9 lífeyrissjóða skv. reglugerðum sjóðanna. *Sjá 6. kafla ársskýrslunnar um lífeyrismál.*

### MENNTAMÁL

SA tilnefna í ýmis ráð og nefndir er fjalla um menntamál. *Sjá nánar í 10. kafla ársskýrslunnar um menntamál.*

### SAMGÖNGUMÁL

#### Flugráð

Aðalm: Jens Bjarnason, Icelandair ehf.  
Varam: Þorgeir Haraldsson, Icelandair ehf.  
Aðalm: Árni Gunnarsson, Flugfélag Íslands ehf.  
Varam: Friðrik Adolfsson, Flugfélag Íslands ehf.

#### Hafnarráð

Aðalm: Friðrik J. Arngrímsson, LÍÚ  
Varam: Guðmundur Nikulásson, Eimskip ehf.

### UMHVERFISMÁL

Nefnd til að semja drög að frumvarpi til innleiðingar á tilskipun um raf- og rafeindaúrgang 2002/96/EB  
Pétur Reimarsson, SA

#### Samráðshópur stjórnar Sorpu og SA

Pétur Reimarsson, SA  
Bryndís Skúladóttir, SI  
Sigurður Jónsson, SVP

#### Umhverfisfræðsluráð

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA  
Varam: Jónína Gissuraradóttir, SA

#### Fimmta umhverfisþing

Pétur Reimarsson, SA

#### Dagur umhverfisins – ákvörðun um veitingu viðurkenninga

Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVP

#### Stjórn Matvælarannsóknar hf.

Arnar Sigurmundsson, SF

Starfshópur sem gera á tillögur að framtíðarfyrrirkomulagi um söfnun úrgangsolíu, úrvinnslugjald og verndun hafs og stranda  
Grétar Mar Steinarsson, Óliudreifing hf.  
Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.

#### Starfsleyfis- og eftirlitsreglur um hollustuhætti og mengunarvarnir

Bryndís Skúladóttir, SI

Starfshópur sem vinnur lagafrumvarp til að innleiða tilskipun 2004/35/EB um umhverfisábyrgð í íslenska löggjöf  
Pétur Reimarsson, SA







**Uppbygging gjaldskrár heilbrigðiseftirlitssvæða**  
Pétur Reimarsson, SA

#### UPPLÝSINGA- OG TÓLVUMÁL

**Samráðshópur um fjarskiptaáætlun 2005–2010**  
Guðni B. Guðnason, Lyf og heilsa hf.  
Guðfjinnur Johnsen, LIÚ

**Stýrihópur um tilraunasamfélög fyrir rafræn viðskipti í Evrópu**  
Haukur Oddsson, Borgun hf.

#### Fjarskiptaráð

Gestur G. Gestsson, Vodafone  
Hjörtur Þorgilsson, Icelandair ehf.  
Páll Ásgrímsson, Síminn hf.

#### ÚTFLUTNINGS- OG SAMKEPPNISMÁL

**Samráðsnefnd atvinnulífs og stjórnvalda um utanríkisviðskipti og útflutningsaðstoð**  
Vilhjálmur Egilsson, SA

#### Stjórn Útflutningsráðs Íslands 2007–2009

Aðalm: Valur Valsson, formaður  
Aðalm: Pétur Björnsson, Ísfell ehf.  
Aðalm: Ólafur Daðason, Hugvit hf.  
Aðalm: Hjörtur Gíslason, Ögurvík hf.  
Aðalm: Martin Eyjólfsson, utanríkisráðuneytið  
Aðalm: Jón Karl Ólafsson, Icelandair ehf.  
Aðalm: Heiðrún Jónsdóttir, Eimskip ehf.

#### VINNUVERNDAR-, ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMÁL

#### Vinnueftirlit ríkisins – stjórn

Aðalm: Jón Rúnar Pálsson, SA  
Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

Varam: Ragnheiður Héðinsdóttir, SI  
Varam: Pétur Reimarsson, SA

#### HEILBRIGÐISNEFNDIR

#### Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Aðalm: Ólafur Jónsson, Skeljungur hf.  
Varam: Erna Hauksdóttir, SAF

#### Heilbrigðisnefnd Vesturlands

Aðalm: Jón Rafn Högnason, Hótel Glymur/  
Njörvi ehf.  
Varam: Trausti Gylfason, Norðurál ehf.

#### Heilbrigðisnefnd Vestfjarða

Aðalm: Einar Valur Kristjánsson,  
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.  
Varam: Áslaug Alfreðsdóttir, Hótel Ísafjörður hf.

#### Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra

Aðalm: Steinar Svavarsson, Rammi hf.  
Varam: Kristinn R. Guðmundsson,  
Staðarskáli ehf.

#### Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra

Aðalm: Kristín Halldórsdóttir, Mjólkursamsalan  
ehf.  
Varam: Sigurgeir Höskuldsson, Norðlenska  
matborðið ehf.

#### Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

Aðalm: Benedikt Jóhannsson, Eskja hf.  
Varam: Auður Ingólfssdóttir, Flugleiðahótel hf.

#### Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Aðalm: Guðmundur Geir Gunnarson,  
Mjólkursamsalan ehf.  
Varam: Oddur Árnason, Sláturfélag  
Suðurlands svf.

#### Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

Aðalm: Stella Marta Jónsdóttir, Kaffitár ehf.  
Varam: Magnús Már Jakobsson, Bláa Lónið  
ehf.

#### Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarða- og Kópavogssvæðis

Aðalm: Gestur Pétursson,  
Heilsuverndunarstöðin ehf.  
Varam: Guðrún Þóra Magnúsdóttir, Alcan á  
Íslandi hf.

#### Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

Aðalm: Þóra Gréta Þórisdóttir, Plastprent hf.  
Varam: Guðni Þórðarson, Borgarplast hf.

#### ÝMSAR NEFNDIR

#### Einfaldara Ísland, aðgerðaáætlun

Hannes G. Sigurðsson, SA

#### Brunamálaráð

Aðalm: Gestur Pétursson,  
Heilsuverndunarstöðin ehf.  
Varam: Gestur Guðjónsson, Ólíudreifing hf.

**Starfshópur til að fjalla um efni tilskipana ESB um bann við mismunun með hliðsjón af aðstæðum á íslenskum vinnumarkaði**  
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

**Ritstjórn vegna bæklingis með grunnupplýsingum til innflytjenda**  
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

#### Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa

Aðalm: Guðrún B. Bjarnadóttir, SA  
Varam: Álfheiður M. Sívertsen, SA

#### Verkefnisráð um réttindi til að stjórna vinnuvélum

Árni Jóhannsson, SI

#### Atvinnumálhópur á Húsavík

Helgi Pálsson, Skipaafgreiðsla Húsavíkur

#### ICEPRO, nefnd um verklag í viðskiptum

Jón H. Magnússon, SA

**Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur**  
Pétur Reimarsson, SA

#### Staðlaráð Íslands

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

#### Starfshópur sem fer yfir málefni útlendinga á íslenskum markaði

Ragnar Árnason, SA  
Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

#### Nefndir á vegum BUSINESSEUROPE

Fastafulltrúi: Sigrún Kristjánsdóttir, SA  
Varafastafulltrúi: Róbert Trausti Árnason, SA

#### Nefnd um félagsmál

Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

#### Nefnd um umhverfismál

Pétur Reimarsson, SA

#### Stjórn NEMIA

Vilhjálmur Egilsson, SA

#### Þróun Evrópumála

Aðalm: Ingimundur Sigurpálsson, SA  
Varam: Vilhjálmur Egilsson, SA

#### Samvinnufélög

Aðalm: Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA  
Varam: Jón Rúnar Pálsson, SA

#### Endurskoðun reglugerðar um flug- og vinnutímamörk og hvíldartíma flugáhafna nr. 782/2001

Bjarni Pétur Hafliðason, Icelandair ehf.

#### Fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum fyrirtækjum

Gústaf Adolf Skúlason, Samorka

#### Vinnuhópur – sem skoðar greiðslur til sjálfviljugra líffæragjafa sem verða tímabundið óvinnufærir

Álfheiður M. Sívertsen, SA

#### Tækniþróunarsjóður 2006–2009

Aðalm: Skúli Valberg Ólafsson, Straumur-  
Burðarás Fjárfestingabanki hf.  
Aðalm: Sigríður Ólafsdóttir, Actavis hf.  
Varam: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA  
Varam: Pétur Reimarsson, SA

#### Ráðgjafarnefnd – Endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar

Aðalm: Hannes G. Sigurðsson, SA  
Varam: Hrafnhildur Stefánsdóttir, SA

#### Ráðgjafarnefnd við Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Aðalm: Ásbjörn Jóhannesson, SART  
Aðalm: Signý Sigurðardóttir, SVP

#### Húsnæðismál og félagsleg úrræði

Aðalm: Vilhjálmur Egilsson, SA  
Varam: Guðlaugur Stefánsson, SA

#### Samstarfsráð flutningamála

Jón Rúnar Pálsson, SA  
Signý Sigurðardóttir, SVP  
Agnar Danielsson, Sérleyfisbílur Akureyrar-  
Norðurleið hf.

#### Framtíð skipulags lénamála hér á landi

Guðrún Björk Bjarnadóttir, SA

**Framkvæmdanefnd vegna endurskoðunar örorkumats og eflingar starfsendurhæfingar**  
Hannes G. Sigurðsson, SA



# EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁL

## 2.1. VEÐRABRIGÐI Í KJÖLFAR GRÍÐARLEGS HAGVAXTAR

Íslenska hagkerfið hefur stækkað um rúmlega fjórðung á síðustu fjórum árum og um þriðjung frá árinu 2000, sem er tvöfalt meiri vöxtur en í öðrum þróuðum ríkjum og verulega umfram það sem samrýmist jafnvægi í þjóðarbúskapnum. Vöxturinn hefur reynt verulega á þanþol hagkerfisins sem einkennst hefur af útpenslu fjármálageirans, vexti stóriðju- og orkufyrirtækja, uppbyggingu íslenskra fyrirtækja erlendis, mikilli einkaneyslu og fjárfestingum í íbúðarhúsnæði, hækkun eignaverðs og verðbólgu, gengissveiflum krónunnar, miklum launahækkunum, skorti á starfsfólki og aðstreymi erlends starfsfólks. Samfara þessu ójafnvægi náði mældur viðskiptahalli áður óþekktum stærðum og erlendar skuldir þjóðarþúsins hafa aukist verulega.


Á árunum 2003–2006 var hagvöxtur drifinn áfram af mikilli aukningu fjárfestingar og einkaneyslu. Á liðnu ári varð hins vegar breyting á þegar fjárfesting dróst saman um 15% en



þess í stað var hagvöxtur borinn uppi af um 18% aukningu útflutnings.


Á síðasta fjórðungi ársins 2007 urðu veðrabrigði og hófst öflugur viðsnúningur sem rót átti í kreppu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, einkum af völdum svokallaðra undirmáslána í Bandaríkjunum. Atburðarásin sem hófst þá hefur haft keðjuverkandi áhrif á aðra markaði og leitt til verulegs verðfalls á hlutabréfamörkuðum, erlendis sem héraðis, hækkunar á skuldtryggingarálögum íslenskra banka og samdráttar í útlánagetu þeirra. Að auki hefur olíuverð hækkað mikið jafnframt því sem aflakvótar hafa verið skornir niður. Bæði alþjóðlegir og innlendir þættir leggja því á eitt um að stuðla að hægum vexti íslensks efnahagslífs á komandi misserum. Á þessu ári er ekki útlit fyrir neinn hagvöxt og meiri líkur en minni á því að samdráttar muni gæta vegna minni fjárfestinga og einkaneyslu.

### Hagvöxtur á Íslandi og að meðaltali í OECD-ríkjunum



Heimild: Hagstofan, OECD, Fjármálaráðuneyti (spár 2007-2009)

### Viðskiptajöfnuður – Hlutfall af landsframleiðslu



Heimild: Hagstofan, Fjármálaráðuneytið

## 2.2 VIÐSKIPTAHALLI OG SKULDASÖFNUN

Nú er talið að viðskiptahallinn á árinu 2007 hafi numið um 15% af landsframleiðslu eftir met árið áður þegar hann nam um 25%. Horfur eru á að enn dragi úr viðskiptahalla á þessu og næsta ári. Töluverðar umræður hafa átt sér stað um þær skilgreiningar sem liggja að baki uppgjöri viðskiptajafnaðar, einkum þáttatekju- og þjónustuhluta hans, því sterk rök hniga að því að hallinn hafi verið ofmetinn að undanförunu. Nokkur bragarbót var þó gerð á uppgjörsaðferðum Seðlabankans varðandi hagnað af beinum fjárfestingum erlendis, sem laga stöðuna á þáttatekjujöfnuði, en enn sem fyrr er verulegur halli á þeim jöfnuði m.a. vegna þess að ekki er



tekið mið af breytingum á markaðsvirði verðbréfaeignar Íslendinga erlendis.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 1.845 milljarða króna í árslok 2007, 144% af vergri landsframleiðslu, og versnaði um rúma 450 milljarða á árinu, sem telst vera 35% af landsframleiðslu. Erlendar skuldir námu 8.063 milljörðum króna en eignir 6.218 milljörðum. Einnig á þessu sviði eru miklar efasemdir um að þessar tölur endurspegli raunverulega eigna- og skuldastöðu þjóðarbúsins þar sem hlutafé í eigu Íslendinga í fyrirtækjum erlendis er skráð á nafnverði en ekki markaðsverði á hverjum tíma.

Þótt uppgjörsaðferðir Seðlabankans á greiðslujöfnuði og erlendri stöðu séu að mestu í samræmi við alþjóðlega staða breytir það ekki þeirri staðreynd að niðurstöðurnar gefa villandi mynd af íslenskum þjóðarbúskap. Er slíkur veikleiki í hagskýrslugerð um viðskiptajöfnuð og erlenda eigna- og skuldastöðu alvarlegur með hliðsjón af stórauðnu vægi erlendra fjármálaviðskipta í þjóðarbúskap Íslendinga. Er það eðlileg krafa að Seðlabankinn dragi upp mynd af greiðslujöfnuði og erlendri stöðu þjóðarinnar sem endurspegli raunverulegar aðstæður þar sem samræmi er á milli flæði- og stöðustærða og tillit sé tekið til verð- og gengisbreytinga og annarra breytinga sem máli skipta. Í því sambandi má nefna að þannig birtir viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna erlenda stöðu þar í landi.

### 2.3. ÞRÁLÁT VERÐBÓLGA

Verðbólgan var tæp 6% frá upphafi til loka síðasta árs en aðeins 2,4% þegar húsnæðisliður vísitölu neysliverðs er frátalinn. Svonefnd fastskattavísitala neysliverðs, sem undanskilur áhrif lækkunar virðisaukaskatts og vörugjalda á matvæli þann 1. mars 2007, hækkaði um 7,8% innan ársins og fastskattavísitala neysliverðs án húsnæðis hækkaði um 4,8%.

Lækkun gengis krónunnar undanfarna mánuði, vaxandi erlend verðbólga, ásamt hækkingu olíu- og matvælavæði valda því að verðbólgu-

tölur verða háar um sinn. Kjarasamningar á almennum markaði og betra jafnvægi á vinnu- markaði munu aftur á móti stuðla að hjaðnandi verðbólgu þegar líða tekur á árið og standa vonir til þess að smám saman muni verðbólgan nálgast alþjóðlegt stig á næstu misserum.


### 2.4. SVEIFLUKENNT GENGI KRÓNUNNAR

Gengi íslensku krónunnar ræðst nú alfarið af ástandi fjármálamarkaða og hefur algerlega aftengst grundvallarpáttum í íslenskum þjóðarbúskap. Skýrasti vitnisburðurinn um þessa staðreynd var gengishækkun krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um niðurskurð þorskaflaheimilda sumarið 2007. Gengi krónunnar sveiflaðist mikið innan ársins 2007. Vísitala meðalgengis var 125 í ársbyrjun, fór lægst í 112 í júlí en þá hófst lækkunarferli sem staðið hefur samfellt fram á vormánuði þessa árs, með hruni í marsmánuði.

Seðlabankinn hefur haldið uppi gengi krón-



### Verðbólga með og án húsnæðisliðar



Heimild: Hagstofa Íslands

### Vísitala gengisskráningar



Heimild: Seðlabanki Íslands

unnar undanfarin ár með háum stýrivöxtum. Gengi íslensku krónunnar ræðst mjög af áhuga erlendra spákaupmanna á vaxtamunarviðskiptum milli krónunnar og lágvaxtagjaldmiðla. Krónan flokkast með öðrum hávaxtagjaldmiðlum nýmarkaðsríkja og hreyfist í takt við þá

gjaldmiðla. Þessi staða hefur leitt til þess að sú skoðun er að verða ríkjandi að krónan geti ekki verið framtíðargjaldmiðill Íslendinga og þátttaka í gjaldmiðlissamstarfi hljóti að verða framtíðarskipanin, þ.e. að evra verði tekin upp.

## 2.5. LAUNAHÆKKANIR ÁFRAM MIKLAR

Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um rúmlega 10% á síðasta ári í kjölfar svipaðrar hækkunar 2006. Til samanburðar hækkuðu laun í einkageiranum í OECD ríkjunum um 3,7% á síðasta ári og 2,4% á evru-svæðinu eftir heldur minni hækkun árið áður. Voru því launahækkunar þrefalt til fjórfalt meiri hér á landi en í sam-  
anburðarríkjunum á síðustu tveimur árum.

Hagstofa Íslands hefur birt launabreytingar eftir atvinnuvegum frá árinu 2005. Gögn frá 1. ársfjórðungi 2005 til 4. ársfjórðungs 2007 leiða í ljós að meðalhækkunin nam 28%. Mest var hækkunin í fjármálastarfsemi, 37%, þar á eftir komu samgöngur og flutningar, 33%, og síðan kom byggingarstarfsemi með 30% hækkun. Loks varð launahækkun í verslun og iðnaði heldur minni en sem nam meðalhækkun launa, eða um 26% og 24%. Til samanburðar hækkaði verðlag um tæp 17% á tímabilinu þannig að kaupmáttur launa jókst verulega í öllum atvinnugreinum.


## 2.6. VÍSBENDINGAR UM VIÐSNÚNING Á VINNUMARKAÐI

Fjöldi starfandi manna var 177.300 á árinu 2007 samkvæmt Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands og fjölgaði um 7.700 frá árinu áður eða um 4,5%. Frá árinu 2004 fjölgaði störfum um 21.000 eða sem nemur 13,6%, en á sama tíma fjölgaði fólki á vinnualdri aðeins um 8.000 þannig að öðru óbreyttu urðu þessi störf ekki fyllt nema með innfluttu starfsfólki.

Atvinnuþátttaka var einnig mikil á árinu 2007 eða 83,3%, sem var svipað og árið áður en árið 2005 var hún 82%. Meðalvinnutími á viku, bæði hjá fólki í fullu starfi og hlutastarfi, stýttist hins vegar um ½ stund og var að jafnaði 41,9 stund á árinu 2007. Meðalvinnutími hefur stýst jafnt og þétt allan áratuginn en hann var 43,3 stundir árið 2001.


Skráð atvinnuleysi var 0,8% af mannafla á síðari hluta ársins 2007. Fyrstu mánuði þessa árs hefur skráð atvinnuleysi verið 1% og hefur það ekki verið minna á þessum árstíma í tvo áratugi, eða síðan 1988. Þrátt fyrir að ýmis merki hafi komið fram um að dregið hafi úr spennu á vinnumarkaði hefur það ekki enn birst í auknu

### Launapróun á Íslandi og í viðskiptalöndunum




Heimild: Hagstofa Íslands, OECD

### Hækkun launa eftir atvinnugreinum frá 1. ársfjórðungi 2005 – 4. ársfjórðungs 2007



Heimild: Hagstofa Íslands

### Atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun



Heimild: Vinnumálastofnun



atvinnuleysi. Annað merki um að lítið hafi enn dregið úr spennu á vinnumarkaði er að laus störf á skrá hjá Vinnuálastofnun voru færri á fyrstu mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra. Þá fjölgaði tilkynningum um starfsfólk frá nýju ESB-ríkjunum, starfsmönnum starfsmannaleiga og útgefnum atvinnuleyfum til starfsmanna frá ríkjum utan EES talsvert á fyrstu mánuðum ársins samanborið við sama tímabil árið 2007.

Í byrjun árs 2008 voru erlendir ríkisborgarar á Íslandi 21.434 talsins og fjölgaði þeim um tæplega 11 þúsund á síðustu þremur árum. Í ljósi fjölgunar starfa um 21 þúsund á sama tíma má ætla að erlent starfsfólk hafi mannað rúmlega helming þeirra. Hlutfall erlendra ríkisborgara af mannfjölda næstum tvöfaldaðist á þessum tíma, eða úr 3,6% í 6,8%, sem er talsvert hærra hlutfall en á Norðurlöndunum.

Ýmis merki hafa komið fram að undanförunu um kólnun á fasteignamarkaði og má þar nefna mikla fækkun kaupsamninga á síðustu mánuðum og lækkun heildarveltu. Þá hafa ný íbúðalán bankanna náð lágmarki jafnframt því sem dregið hefur úr lánveitingum íbúðalánasjóðs. Miðað við þessa þróun má þess vænta að þegar líður á árið muni hæggja á framkvæmdum við íbúðabyggingar sem og á annarri fjárfestingu. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu nýlega á Útboðsþingi nema áætlaðar framkvæmdir stærstu opinberra stofnana (þ.e. Framkvæmdasýslu ríkisins, Siglingastofnunar, Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur og Vegagerðarinnar) og þriggja stærstu sveitarfélaga landsins um 130 milljörðum króna á þessu ári, sem er aukning að nafnvirði um 25 milljarðar milli ára. Líklegt má þó telja að samdráttur á öðrum sviðum fjárfestingar vegi þyngra í spurn eftir starfsfólki og má því gera ráð fyrir að það dragi úr spennu á vinnumarkaði þegar líður tekur á árið.

Ársfjórðungsleg könnun Capacent fyrir fjármálaráðuneytið, Seðlabankann og Samtök atvinnulífsins á stöðu og framtíðarhorfum 400 stærstu fyrirtækja landsins gefur einnig vísbend-


ingar um hvert stefnir hverju sinni. Niðurstöður kannana sem gerðar voru í desember 2007 og mars 2008 sýna með skýrum hætti að meirihluti stjórnenda fyrirtækjanna taldi aðstæður í efnahagslífinu vera slæmar og mun lakari en í hliðstæðum könnunum undanfarin misseri. Þegar spurt var um horfur um aðstæður lítið sex og tólf mánuði fram í tímann hafa þær þó ekki versnað verulega frá því sem áður var, þannig að nokkur bjartsýni kom fram um að afturkiptur í efnahagslífinu yrði ekki mjög langvinnur. Niðurstöður í mars 2008 sýna jafnframt að um 73% fyrirtækja í könnuninni telja að framboð vinnuafis sé nægjanlegt og einungis fjórðungur fyrirtækjanna ráðgerir að fjölga starfsmönnum á næstu sex mánuðum. Gefur þessi niðurstaða til kynna minni spennu á vinnumarkaði en á undanförunum misserum.

## 2.7. GÓÐ AFKOMA HINS OPINBERA

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Hagstofunnar nam tekjuafgangur ríkisins á árinu 2007 53 millj-




### Visitala efnahagslífsins



Heimild: Könnun Capacents á stöðu og framtíðarhorfum stærstu fyrirtækja

### Fjöldi starfandi fólks og atvinnuþátttaka (%) í hlutfalli við mannafla



Heimild: Hagstofa Íslands

örðum króna eða 4,2% af landsframleiðslu, en árið áður nam hann 62 milljörðum króna, eða 5,3% af landsframleiðslu. Tekjuafkoma sveitarfélaga í heild hefur síðustu árin snúist til betri vegar eftir langvarandi taprekstur áður, þótt fjárhagur einstakra sveitarfélaga sé afar misjafn. Áætlað er að tekjuafgangur sveitarfélaga í heild hafi numið tæplega 6 milljörðum króna á árinu 2007, eða 0,5% af landsframleiðslu. Vegna umfangs ríkissjóðs ræður afkoma hans miklu um afkomu hins opinbera í heild, en tekjuafgangur hins opinbera í heild, að meðtalinni tekjuafkomu almannatrygginga, er talinn hafa numið tæplega 67 milljörðum króna á síðasta ári eða 5,2% af landsframleiðslu samanborið við 6,3% árið áður.

Athygli vekur að á undanfögnu 5 ára hagvaxtarskeiði hafa heildartekjur hins opinbera vaxið úr tæplega 42% af landsframleiðslu á árunum 2001–2002 í um 48% af landsframleiðslu árin 2006–2007. Þegar litið er til útgjaldaþróunar hins opinbera yfir sama tímabil er ljóst að þau hafa

vaxið hratt og að mestu í samræmi við öran vöxt landsframleiðslu, en hlutdeild þeirra var 42,4% á árunum 2006–2007 samanborið við 43,4% fimm árum áður. Þar af nema útgjöld til hvers af þremur kostnaðarsómustu útgjaldamálaflokka hins opinbera, heilbrigðismála, fræðslumála og almannatrygginga og velferðarmála, í hverju tilviki um 8-9% af landsframleiðslu.

## 2.8. LÆKKUN RAUNGENGIS ÓHJÁKVÆMILEG

Raungengi krónunnar, sem er mælikvarði á alþjóðlega samkeppnisstöðu atvinnulífsins, hefur hækkað stöðugt undanfarin ár. Auk þess að þrengja að samkeppnisstöðu atvinnulífsins hefur hátt raungengi átt ríkan þátt í þeim mikla viðskiptahalla sem hagþölur bera vitni um. Raungengi á mælikvarða launa hækkaði um 25% milli árunna 2004 og 2007 eða með öðrum orðum þá hækkaði innlendir kostnaður í erlendri mynt um fjórðungi meira en að meðaltali í viðskiptalöndum okkar. Svo mikil hækkun á svo stuttum tíma fær ekki staðist nema í skamman tíma. Er því næsta víst að raungengi muni lækka verulega á komandi misserum og nálgast langtímaþvægisgildi sitt sem ætla má að sé 15-20% lægra en það var á árinu 2007.


Gengislækkun krónunnar á þessu ári er því óhjákvæmileg leiðrétting sem styrkir á ný samkeppnisstöðu fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni.

## 2.9. HÁIR STÝRIVEXTIR BITLITLIR OG VALDA GENGISVEIFLUM

Verðtrygging á lánamarkaði, hátt hlutfall erlendra lána og starfsemi Íbúðalánasjóðs eru þættir sem draga úr áhrifum stýrivaxta Seðlabankans á eftirspurn og verðbólguþrýsting. Áhrif peningastefnu Seðlabankans hefur einkum komið fram í gengi krónunnar sem haldist hefur hátt langtíma saman en síðan látið undan með óhjákvæmilegum verðbólguþrýstingum. Peningastefnan hefur því hvergi nærri dugað til þess að ná verðbólguþrýstingum bankans. Þar fyrir utan hefur verðbólgan, eins og hún er mæld hér á landi, einkum haldist mikil vegna verðhækkunar íbúðarhúsnæðis. Í því sambandi er afar athyglisvert að Seðlabankinn hefði ekki getað náð 2,5% verðbólguþrýstingnum undanfarin ár nema að algjör verðstöðnum hefði verið ríkjandi í öllum öðrum liðum en húsnæðisliði vísitölu neysluverðs, en slíkt verður að teljast óraunhæft.




Próun raungengis á mælikvarða launa  
1995=100



Heimild: Seðlabanki Íslands

Stýrivextir Seðlabankans, ávöxtun 10 ára íbúðabréfa og gengisvísitala krónunnar frá apríl 2004



Heimild: Seðlabanki Íslands



# ÁHERSLUR ATVINNULÍFSINS Í ATVINNU- OG BYGGÐAMÁLUM

veita þá þjónustu sem þau bjóða. Átt er við heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu, félagsþjónustu auk annarra sviða. Mikilvægt er að við opinber innkaup sé þess gætt innlend fyrirtæki eigi raunhæfa möguleika til að bjóða í verkin.

- Um langa hrið hafa fyrirtæki um land allt búið við allt of háa vexti og mjög hátt og sveiflukennt gengi íslensku krónunnar. Þrátt fyrir háa vexti hefur verðbólga verið meiri hér en í samkeppnislöndunum. Þessar aðstæður koma sérstaklega illa við framleiðslu- og þjónustufyrirtæki, draga úr þeim þrótt og skapa erfiðleika víða um land. Mikilvægt er að peningamála- stefnu Seðlabankans verði breytt.

## 1. Almenn atriði

Samkeppnishæf starfsskilyrði eru forsenda blómlegs atvinnulífs og hagvaxtar. Á tímum hnattvæðingar er þetta sérstaklega mikilvægt þar sem fyrirtæki og einstaklingar leita sér umhverfis þar sem skilyrði til rekstrar og fjölbreytts mannlífs eru best. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að atvinnulífinu séu sköpuð sem best skilyrði um land allt þannig að frumkvæði og kraftur sem í fyrirtækjum og einstaklingum býr fái að njóta sín. Þannig getur atvinnulífið best staðið undir auknum kröfum um velferð og hagvöxt á landinu öllu. Atvinnulíf á öllu landinu býr við erlenda samkeppni bæði hvað varðar framleiðslu og þjónustu. Það er lykilatriði að sköpuð verði samkeppnisskilyrði sem gera hagfellt að standa að uppbyggingu atvinnurekstrar hvar sem er á landinu.

Einstakar atvinnugreinar þrífast ekki nema tryggður sé fjölbreyttur annar rekstur og þjónusta í næsta nágrenni. Þannig tengjast atvinnugreinar eins og sjávarútvegur, fiskvinnsla, ferðaþjónusta, ýmis iðnaður og þjónusta og mennta- og rannsóknastofnanir og njóta stuðnings hver af annari. Sé grunninum kippt undan einni grein liða fyrirtæki í öðrum greinum fyrir það og afleiðingar koma einnig fram í þróun mannfjölda og mannlífs.

## 2. Styrkir innviðir

Samtök atvinnulífsins telja nauðsynlegt að stjórnvöld geri sem fyrst og hrindi í framkvæmd áætlun um uppbyggingu innviða um land allt. Horfa verður í heild á uppbyggingu samgöngukerfisins, fjarskipta, mennta- og menningarstofnana, raforkukerfisins og opinberrar þjónustu um landið allt til að tryggja hámarks árangur þeirra aðgerða sem ráðist verður í. Fólk og fyrirtæki, hvar sem er, verða að hafa aðgang að greiðum, hagkvæmum og góðum samgöngum, háhraðafjarskiptum, raforku af nægilegum gæðum, menntun og þjónustu.

Styrkir innviðir eru forsendur blómlegrar byggðar og atvinnulífs. Þar sem þeirra nýtur ekki við hnignar atvinnulífi, fólk fækkar, þjónusta versnar og þannig hefst atburðarás sem ekki verður snúð við með góðu móti. Þess vegna er algert lykilatriði að slík áætlun verði til í samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, stjórnvalda og einstaklinga þar sem leitað er niðurstöðu um eflingu þessara þátta og skilgreiningu vaxtarsvæða.

## Hagvöxt um land allt – styrka innviði

- Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að atvinnulífinu séu sköpuð sem best skilyrði um land allt þannig að frumkvæði og kraftur sem í fyrirtækjum og einstaklingum býr fái að njóta sín. Þannig getur atvinnulífið best staðið undir auknum kröfum um velferð og hagvöxt á landinu öllu.
- Samtök atvinnulífsins telja nauðsynlegt að stjórnvöld geri sem fyrst og hrindi í framkvæmd áætlun um uppbyggingu innviða um land allt. Horfa verður í heild á uppbyggingu samgöngukerfisins, fjarskipta, mennta- og menningarstofnana, raforkukerfisins og opinberrar þjónustu.
- Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að stutt verði kerfisbundið við byggðakjarna í einstökum landshlutum og þeir eflidir. Meginþjónusta verði bundin við þessa kjarna sem nálægar byggðir njóti góðs af.
- Samtök atvinnulífsins telja að forsendur til uppbyggingar öflugra fyrirtækja megi finna víða um land. Arðbær rekstur sem nýtir hugvit og aðrar auðlindir, skapar ný störf, greiðir góð laun og er byggður upp til langrar framtíðar skapar grunn að frekari uppbyggingu. Nauðsynlegt er að stjórnvöld greiði sem frekast er unnt fyrir þeim sem hyggjast fjárfesta í nýjum öflugum fyrirtækjum.
- Um langa hrið hefur sjávarútvegur verið burðarás í atvinnulífi um land allt og mun víða verða það um langa hrið enn. Hann megnar hins vegar ekki einn að standa undir nægu framboði arðbærra starfa.

- Öflugur flugsamgöngur til og frá höfuðborginni eru nauðsynlegar atvinnulífi um allt land. Allar hugmyndir um að leggja niður Reykjavíkurluguvöll í Vatnsmyrinni þurfa að vera vel yfirvegaðar og verða að tryggja að fólk og fyrirtæki um allt land eigi áfram greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem veitt er á höfuðborgarsvæðinu. Ekki verður við það unað að uppbygging við þessa mikilvægu samgönguæð sé fryst um langa hrið.
- Mikilvægt er að skattheimta á flutningskostnað leggi ekki óraunhæfar byrðar á fyrirtæki og fólk utan meginflutningshafna. Flest atvinnufyrirtæki eru háð því að boðið sé upp á háhraðafjarskipti til að eiga greið samskipti við viðskiptavinum sína. Flutningskerfi raforku er víða fullnýtt og stendur frekari uppbyggingu atvinnulífs fyrir þrífum. Mikilvægt er að allir þessir innviðir verði skoðaðir í samhengi.
- Samtök atvinnulífsins telja öflugna grunnmenntun vera forsendu þess að einstök landsvæði haldist í byggð og eflist en til hennar telst menntun á framhalds-skólastigi. Möguleikar til sí- og endurmenntunar og aðgangur að náms- og starfsráðgjöf þurfa að vera innan seilingar.
- Öflug og afar mikilvæg menningarstarfsemi er rekin um land allt. Fjöldmörg fyrirtæki hafa spotttið upp sem nýta sérkenni síns byggðarlags bæði í ferðaþjónustu, framleiðslu matvæla og annarrar vöru og þjónustu. Viðburðir tengdir einstökum byggðarlögum eru fjölmargir og víða rekin öflug liststarfsemi. Þessir þættir atvinnulífsins eru ekki síður háðir öflugum innviðum og sterkum byggðakjörnum en annar atvinnurekstur.
- Samtök atvinnulífsins telja að ríki og sveitarfélög geti nýtt markaðsöflin mun meira til að



### 3. Bygðakjarnar

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að stutt verði kerfisbundið við byggðakjarna í einstökum landshlutum og þeir eflidir. Meginþjónusta verði bundin við þessa kjarna sem nálægur byggðir njóti góðs af. Þessir kjarnar verða að vera það öflugir að þar geti byggst upp og þrífist arðbær verslun, þjónustustarfsemi og öflug menntun og fræðslustarfsemi sem sinnir bæði byggðakjarnanum og nálægum svæðum. Með háskólum, háskólasetrum, starfsmenntun á framhaldsskólastigi, heilbrigðisþjónustu, annarri opinberri þjónustu ásamt rannsóknnum og öðrum verkefnum er unnt að bæta samkeppnis- skilyrði og skapa atvinnulífi og einstaklingum færi til sóknar. Þessir byggðakjarnar verða miðstöðvar samgangna, þjónustu og öflugs atvinnulífs hver á sínu svæði. Þar geta skapast fjölbreytt, arðbær störf og lífskjör á við það sem best gerist og þannig verða þessir kjarnar eftirsóknarverðir til búsetu.

### 4. Atvinnugreinar

Samtök atvinnulífsins telja að forsendur til uppbyggingar öflugra fyrirtækja megi finna víða um land. Arðbær rekstur sem nýtir hugvit og aðrar auðlindir, skapar ný störf, greiðir góð laun og er byggður upp til langrar framtíðar skapar grunn að frekari uppbyggingu. Í kringum slík fyrirtæki gefast tækifæri til öflugrar þjónustu bæði af hálfu einkaaðila og eins af hálfu hins opinbera. Þetta má skýrt sjá á þeim viðsnúningi sem orðið hefur á Austurlandi vegna fjárfestinga í orkufrekum iðnaði og tengdri starfsemi. Því er mikil nauðsyn að stjórnvöld greiði sem frekast er unnt fyrir þeim sem hyggjast fjárfesta í nýjum öflugum fyrirtækjum hvort sem um er að ræða álver við Húsavík, í Helguvík, álþynnuverksmiðju, netþjónabú eða öflug fyrirtæki á Vestfjörðum. Innviðir samfélagsins verða að vera þess búnir að taka við slíkri uppbyggingu hvort sem litid er til samgangna, fjarskipta, orkukerfisins eða annarra þátta. Löng reynsla er fyrir því að uppbyggingin verði að njóta stuðnings í sínu nánasta umhverfi auk þess sem eðlilegt er að uppfylltar verði strangar kröfur í umhverfismálum og tekið mið af aðstæðum í efnahagslífinu við framkvæmdir.

Um langa hríð hefur sjávarútvegur verið burðarás í atvinnulífi um land allt og mun víða verða það um langa hríð enn. Hann megnar hins vegar ekki einn að standa undir nægu framboði arðbærra starfa enda munu tækniframfarir og hagræðing enn fækka starfsfólki sem þarf til framleiðslunnar. Sama þróun á reyndar við um iðnað, landbúnað og jafnvel sumar þjónustugreinar þar sem framleiðni mun halda áfram að aukast. Það eru mikilvægir hagsmunir sjávarútvegsins að fellt verði að fullu niður veiðigjald sem lagt er á aflaheimildir sem einungis dregur úr getu fyrirtækja til að stunda nýsköpun og getur staðið í vegi fyrir framþróun greinarinnar.

Mikilvægt er fyrir framþróun og styrkingu arðbærra fyrirtækja í iðnaði, verslun, ferðaþjónustu og í öðrum greinum að fyrir liggja skýr stefnumörkun um aðgang að þeirri þjónustu sem fyrirtækin krefjast. Hér verður mikilvægi greiðra samgangna og öflugs fjarskiptakerfis seint ofmetið.

Öflugar flugsamgöngur til og frá höfuðborginni eru nauðsynlegar atvinnulífi um allt land. Allar hugmyndir um að leggja niður Reykjavíkurluguvöll í Vatnsmýrinni þurfa að vera vel yfirvegaðar og verða að tryggja að fólk og fyrirtæki um allt land eigi áfram greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem veitt er á höfuðborgarsvæðinu. Ekki verður við það unað að uppbygging við þessa mikilvægu samgönguæð sé fryst um langa hríð.

Hraðir og örir flutningar eru nauðsynlegir til að tryggja samkeppnisstöðu fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Eins krefjast íbúar þess að hafa stöðugt og jafnt framboð af ferskum vörum. Því er óviðunandi að þungatakmörkanir séu á vegum landsins í næstum tvo mánuði á ári hverju. Mikilvægt er að skattheimta á flutningskostnað leggi ekki óraunhæfar byrðar á fyrirtæki og fólk utan meginflutningshafna. Flest atvinnufyrirtæki eru að auki háð því að boðið sé upp á háhraðafjarskipti til að eiga greið samskipti við viðskiptavinina sína. Flutningskerfi raforku er víða fullnýtt og stendur frekari uppbyggingu atvinnulífs fyrir þrífum. Því er ítrekað mikilvægi þess að allir þessir innviðir verði skoðaðir í samhengi hver við annan.

### 5. Menntun og menning

Samtök atvinnulífsins telja öfluga grunnmenntun vera forsendu þess að einstök landssvæði haldist í byggð og eflist. Með grunnmenntun er ekki einungis átt við leik- og grunnskóla heldur þarf að bjóða upp á fjölbreytta framhaldsmenntun fyrir ungmenntum sem þau geta sótt frá heimili sínu. Fjölskyldum er vart boðlegt að unglingar á þéttbýlisstöðum eigi ekki annars kost en að fara um langan veg að heiman í framhaldsskóla. Með nýju frumvarpi til laga um framhaldsskóla opnast tækifæri til að endurskipuleggja nám, fjölga námsbrautum og með fjarskiptatækni aukast möguleikar skóla til samstarfs og sérhæfingar. Nauðsynlegt er að gæði menntunar séu eins og best gerist í nálægum löndum. Jafnframt þarf að nýta kosti einkarekstrar í skólakerfinu um allt land.

Mikilvægt er að bjóða fólki möguleika til að bæta bæði persónulega, félagslega og starfslega færni því hana öðlast menn ekki í eitt skipti fyrir öll. Möguleikar til sí- og endurmenntunar og aðgangur að náms- og starfsráðgjöf þurfa að vera innan seilingar. Símenntunarmiðstöðvar og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegna lykilhlutverki á þessu sviði í samstarfi við skóla, fyrirtæki og sveitarfélög. Nám og símenntun þarf að vera hluti daglegs lífs um land allt og stuðlar að jafnari aðstöðu fólks til að velja sér störf og viðfangsefni. Fræðslustarf fyrirtækja er víða mjög öflugt og þau þurfa að stefna hátt í þeim efnum. Þróun í starfi á forsendum fyrirtækja og einstaklinga leysir úr læðingi krafta og getur skapað nýjar aðstæður og nýjar hugmyndir og skilar nær undantekningarlaust ávinningi fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Öflug og afar mikilvæg menningarstarfsemi er rekin um land allt. Þessi starfsemi byggir að langmestu leyti á frumkvæði einstaklinga og fyrirtækja. Fjölmörg fyrirtæki hafa sprottið upp sem nýta sérkenni síns byggðarlags bæði í ferðaþjónustu,

framleiðslu matvæla og annarrar vöru og þjónustu. Viðburðir tengdir einstökum byggðarlögum eru fjölmargir og víða rekin öflug listastarfsemi. Þessir þættir atvinnulífsins eru ekki síður háðir öflugum innviðum og sterkum byggðakjörnum en annar atvinnurekstur.

### 6. Eftirlit og reglubyrdi

Samtök atvinnulífsins hafa ítrekað hvatt til endurskoðunar og einföldunar á eftirlitskerfi og leyfisveitingum hins opinbera. Mikilvægt er að efla rafræna stjórnýsly, sem þess vegna getur verið staðsett hvar sem er á landinu og að leyfisveitingar fari sem mest fram í gegnum rafræn samskipti. Gæta verður höfs við álagningu leyfis- og eftirlitsgjalda. Umboð skoðunarstofa til að fara með eftirlit fyrir hönd hins opinbera verður að útvíkka verulega en þær geta verið með sínar starfsstöðvar um allt land. Mikilvægt er að dregið verði úr opinberu heimsóknareftirliti en rafrænt eftirlit með innri gæða- og skoðunarkerfum fyrirtækjanna verði aukið þess í stað. Varað er við öllum hugmyndum og tillögum sem gera ráð fyrir aukinni reglubyrdi á fyrirtæki sem einungis verður til þess að skerða samkeppnishæfni atvinnulífsins og um leið lífskjör almennings.

### 7. Opinber innkaup og rannsóknir

Samtök atvinnulífsins telja að ríki og sveitarfélög geti nýtt markaðsöflin mun meira til að veita þá þjónustu sem þau bjóða. Átt er við heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu, félagsþjónustu auk annarra sviða. Á þessum sviðum getur einkarekstur skapað fyrirtækjum um allt land arðbær tækifæri til nýrrar starfsemi og eflt þá þjónustu sem fyrir er. Mikilvægt er að við opinber innkaup sé þess gætt að innlend fyrirtæki eigi raunhæfa möguleika til að bjóða í verkin. Það má gera með því að huga að umfangi verkefna, skilgreiningu þeirra og ýmsum útfærslum sem gera innlendum aðilum um land allt kleift að bjóða í verkin. Fjölmörg verkefni sem nú eru unnin á vegum hins opinbera geta einkaaðilar fullt eins annast. Auk þess sem áður er nefnt má nefna þjónustu eins og tölvuþjónustu, umsjón og rekstur gagnagrunna og fjölmörg rannsóknaverkefni.

### 8. Almenn rekstrarskipti

Samtök atvinnulífsins hafa beint eindregnum skilaboðum til stjórnvalda um að peningamálastefnu Seðlabanka Íslands verði breytt. Um langa hríð hafa fyrirtæki um land allt búið við allt of háa vexti og mjög hátt og sveiflukennt gengi íslensku krónunnar. Þrátt fyrir háa vexti hefur verðbólga verið meiri hér en í samkeppnislöndunum. Þessar aðstæður koma sérstaklega illa við framleiðslu- og þjónustufyrirtæki, draga úr þeim þrótt og skapa erfiðleika víða um land. Breyting á peningamálastefnu, lægri verðbólga og stöðugri gengi eru þættir sem ekki síst eru til þess fallnir að styrkja atvinnulíf um land allt, efla byggðakjarna til að vera burðarásar í sínum landshlutum og tryggja þannig öflugan hagvöxt um land allt.

## KJARAMÁL OG SAMNINGAR

Á stefnumótunarfundi framkvæmdastjórnar SA í júníbyrjun 2007 voru lögð drög að stefnu samtakanna í næstu samningsgerð. Þótt undangengin tvö fjögurra ára samningstímabil hafi haft þann ótvíræða kost sem í tímalengdinni felst þá hefur það verið ókostur að oftast hefur reynt á samningsforsendur þeirra sem kostað hefur verulegar breytingar á samningum auk aðkomu stjórnvalda. Framkvæmdastjórnin taldi því rétt að setja stefnuna að þessu sinni á tveggja ára samningstíma án tiltekinnar samningsforsendna og uppsagnarákvæða og freista þess að ljúka samningum við landssambönd ASÍ fyrir árslok 2007.

Viðræðuáætlanir voru gerðar við viðsemjendur SA í byrjun októbermánaðar sem m.a. höfðu það að markmiði að ljúka samningum fyrir áramót, en forsendur þess voru einfaldir samningar með tiltölulega fáum efnisatriðum. Ljóst var að það tækist ekki þegar SGS og Flóabandalagið lögðu fram ítarlegar kröfugerðir í lok nóvember og landssambönd ASÍ lögðu fram sameiginlegar áherslur með fjölmörgum áhersluatriðum. Það var hins vegar jákvætt að landssamböndin voru í samfloti og hugsanlegt var að ná viðtækri kjarasátt. Í byrjun janúar 2008 lýstu landssamböndin því hins vegar yfir að ekki væru lengur forsendur fyrir samfloti þeirra í ljósi þess að hugmyndir um tekjutengdan persónuafslátt höfðu ekki fengið jákvæðar undirtektir, hvorki hjá stjórnvöldum né hjá Samtökum atvinnulífsins.

Í lok nóvember efndu Samtök atvinnulífsins til opins fundar um kjaramál og til fulltrúaráðsfundar í framhaldi hans. Fulltrúaráðsfundurinn samþykkti ályktun þar sem m.a. kom fram að óvissa og óróleiki á erlendum og innlendum fjármálamörkuðum muni marka efnahagsframvinduna á næstu misserum. Fjármálagæirinn, sem verið hafi ein helsta uppspretta vaxtar í íslenskum þjóðarþúskaðan undanfarin ár, standi frammi fyrir hækkandi fjármögnunarkostnaði sem leiði til minni umsvifa. Ákveðin hætta væri á samdrætti í Bandaríkjunum sem smitast muni til annarra heimsálfa. Íslendingar fari ekki varhluta af þessari þróun sem auk háslóuverðs og minnkandi sjávaraflla leiði til þess að hagvöxtur verði að líkindum óverulegur á næstunni. Við þessar aðstæður gangi Samtök atvinnulífsins til kjarasamninga við helstu viðsemjendur sína. Brýnt væri að niðurstaða þeirra yrði til þess að stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu og hjaðnandi verðbólgu. Launakostnaður ætti ekki að breytast umfram það sem almennt gerist í kjarasamningum í viðskiptalöndunum. Mikilvægt væri að svigrúmið yrði nýtt til þess að



bæta stöðu þeirra sem mest reiða sig á launaliði kjarasamninga. Sú leið fæli jafnframt í sér að þeir sem hafa notið launaskriðs fái ekki frekari hækkunarir við gerð kjarasamninga að þessu sinni.

Í byrjun desember 2007 ályktaði stjórn Samtaka atvinnulífsins um stefnuna í kjaramálum. Lagði stjórnin áherslu á að í komandi kjarasamningum yrði svigrúm til launahækkana nýtt til hækkunar lægstu launa, tilfærslu lægstu kaup-taxta nær greiddum launum og launaþróunartryggingar í því skyni að hækka laun þeirra sem einungis hafa fengið almennar launahækkunarir á undangengnum misserum. Svigrúm atvinnulífsins til hækkunar á launakostnaði takmarkaðist við niðurstöðu kjarasamninga í nágrennalöndum okkar þar sem árlegar hækkunarir hafa verið um 3%. Stjórn SA taldi ekki tilefni til almennra launahækkana í ljósi undangenginnar launaþróunar og að slíkar launahækkunarir yrðu einungis verðbólguþóður og þannig beinlínis skaðlegar íslensku efnahagslífi.

Í viðræðunum sem fram fóru við landssamböndin varð ljóst að ekki var áhugi á tveggja ára samningstíma hjá viðsemjendum SA án endurskoðunarákvæða og ekki var áhugi hjá SA á skammtímasamningi til eins árs eða styttri tíma nema að hann væri afar einfaldur og með u.þ.b. 2% hækkun. Fór mikill tími í þref um samnings-





tímann sem að lokum varð til þriggja ára, með endurskoðunarákvæði eftir eitt ár.

Þann 17. febrúar 2008 tókust samningar við landssambönd ASÍ og stærstu félög og voru átta að mestu samhljóða samningar undirritaðir þann dag. Svo víðtækt samflot landssambanda ASÍ hefur ekki átt sér stað síðan árið 1995, en frá þeim tíma hafa eitt eða fleiri landssambönd riðið á vaðið og önnur síðan komið í kjölfarið. Helstu efnisatriði samninganna eru:

- a. Engar almennar launahækkanir verða fyrir en 2010. Í staðinn koma til hækkanir lágmarkstaxta og launaþróunartryggingar 2008 og 2009. Hjá verkafólki eru hækkanir lágmarkstaxta eftirfarandi: 18.000 árið 2008, 13.500 árið 2009 og 6.500 árið 2010 og hjá iðnaðarmönnum: 21.000 árið 2008, 17.500 árið 2009 og 10.500 árið 2010. Launaþróunartrygging er 5,5% m.v. tímabilið 2. janúar 2007 til gildistöku samninga og 3,5% m.v. tímabilið frá febrúar 2008 til 1. mars 2009.
- b. Kostnaðarmat vegna samninganna er 4% árið 2008 og tæp 3% árin 2009 og 2010.
- c. Forsendur samninga verða skoðaðar í febrúar 2009. Þær eru að kaupmáttur launa verður að haldast 2008 og ársverðbólgan á tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 verður að vera 3,8% eða lægri.
- d. Endurhæfingarsjóður verður settur á stofn 1. júní 2008 með 0,13% launatengdu gjaldi.
- e. Starfsmenntasjóðir, iðgjöld eru hækkuð um 0,05%. Námsorlof er aukið.
- f. Orlofsmál. 29. og 30. dagurinn bætist við 2008 og 2009. Hraðari ávinnsla er hjá iðnaðarmönnum og verslunarmönnum en hjá verkafólki.
- g. Slysátryggingar. Bótafjárhæðir eru hækkðar og ýmislegt fært til betri vegar.
- h. Veikindi barna. Réttur er aukinn úr 10 dögum á ári í 12, en ávinnsla er hægari í byrjun.

- i. Mikilvægar niðurstöður fengust í ýms ágreiningsmál SA og verkalýðshreyfingarinnar.
  - i. Uppsagnarvernd. Sveigjanlegar uppsagnar- og ráðningarreglur hafa verið lykilatriðið í sveigjanleika íslensks vinnumarkaðar. Viðunandi samkomulag náðist í samningunum. Ekki verður skylda að gera skriflega grein fyrir ástæðum uppsagnar, en réttur á viðtali um ástæður er tryggður. Bókun var gerð um að með þessu ákvæði hafi náðst sátt milli aðila um framkvæmd uppsagna á almennum vinnumarkaði.
  - ii. Samkeppnisákvæði. Ákvæði ráðningarsamninga sem banna starfsmanni að ráða sig til samkeppnisaðila mega ekki vera ósanngjörn eða of almennt orðuð. Viðmiðanir settar fram í samræmi við ákvæði laga og dómaframkvæmd
  - iii. Tilgreining yfirvinnu. Ef yfirvinnukaup reiknast af öðrum grunni en umsömdum mánaðarlaunum skal sú viðmiðun tilgreind.
  - iv. Laun í erlendum gjaldmiðli. Heimilt að semja um að hluti fastra launa sé greiddur í erlendum gjaldmiðli eða tengdur við gengi erlends gjaldmiðils.
  - v. Læknisvottorð/tilkynning til trúnaðarlæknis. Samkomulag um að reglugerð um læknisvottorð verði breytt þannig að eftir fjögurra vikna fjarveru skuli taka afstöðu til þess hvort starfsendurhæfing flýti bata. Samkomulag verði gert um fyrirkomulag varðandi tilkynningu veikinda til trúnaðarlæknis/þjónustufyrirtækis á sviði vinnuverndar.
  - vi. Jafnréttisáherslur – m.a. að þróaður verði staðall um framkvæmd jafnréttisstefnu fyrirtækja.
  - vii. Upplýsingar og samráð. Reglur settar um fyrirkomulag upplýsingagjafar og samráðs innan fyrirtækja að því er varðar forsvar og útreikning á fjölda starfsmanna.
  - viii. Vinnumarkaðsskilríki. Unnið verði að innleiðingu vinnustaðaskilríkja á byggingarvinnustöðum.
  - ix. Stórframkvæmdir – Sérstök samningsákvæði sem gilda einungis við meiriháttar jarðvinnu- og byggingarframkvæmdir. Svonefndur virkjunarsamningur felldur niður.





- j. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar tók til fjölmargra atriða
- I. Tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 18% í 15% frá og með tekjuárinu 2008.
  - II. Endurhæfingarsjóður fær mótframlag jafnt framlagi atvinnulífs.
  - III. Persónuafsláttur launamanna hækkar um 7.000 kr. á næstu þremur árum umfram almenna verðlagsþróun.
  - IV. Skerðingarmörk barnabóta eru hækkuð verulega.
  - V. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir frekari aðgerðum til lækkunar vöruverðs, einkum á matvælum.
  - VI. Húsaleigubætur hækka og verði hámarksbætur 46 þúsund krónur á mánuði í stað 31 þúsund króna.
  - VII. Lánsvilyrðum með niðurgreiddum vöxtum til félagslegra leiguíbúða verður fjölgað í 750 lán á ári í fjögur ár frá og með árinu 2009.
  - VIII. Eignaskerðingarmörk vaxtabóta verða hækkuð um 35% á árinu 2008.
  - IX. Stimpilgjöld falla niður vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign.
  - X. Komið verður á húsnæðissparnaðarkerfi með skattafrádrætti, fyrir einstaklinga 35 ára og yngri, til að hvetja til sparnaðar hjá þeim sem hyggja á fyrstu kaup eigin húsnæðis eða búsetu-réttar.
  - XI. Atvinnuleysisbætur hækka til samræmis við hækkun lægstu launa.
  - XII. Greiðslur úr Endurhæfingarsjóði, sjúkra- og fræðslusjóðum stéttarfélaganna sem ganga til greiðslu kostnaðar við endurhæfingu, heilbrigðisþjónustu og tiltekna þjónustu fagaðila ásamt starfsmenntun og fullorðinsfræðslunámskeiðum sem staðfest hafa verið af menntamálaráðuneytinu teljist ekki til skattskyldra tekna hjá viðkomandi einstaklingum.

XIII. Framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu verða aukin um 300 m.kr. á næstu tveimur árum.

XIV. Kannað verður hvort unnt sé að tryggja að starfsmenn með lögheimili hér á landi sem eru að störfum erlendis fyrir dótturfyrirtæki íslenskra fyrirtækja geti viðhaldið réttindum í íslenska velferðarkerfinu.

### Atkvæðagreiðslur um samningana

Kjarasamningarnir sem undirritaðir voru 17. febrúar síðastliðinn milli SA og landssambanda ASÍ voru samþykktir með atkvæðagreiðslum í öllum stéttarfélagunum með miklum meirihluta. Samningarnir voru einnig samþykktir í heildar-atkvæðagreiðslu hjá SA með miklum mun; 88% þeirra sem greiddu atkvæði samþykktu samninginn og þátttakan var 38,4%. Þetta var í fyrsta sinn í sögu SA sem greidd hafa verið atkvæði um kjarasamninga.

Þegar á heildina er litið voru tæplega 71 þúsund manns á kjörskrá hjá stéttarfélagunum og þar af greiddu liðlega 12 þúsund atkvæði eða 17%. Atkvæði féllu þannig að 80% studdu samningana, 18% voru andvígir og 2% skiluðu auðu.

Af samningunum átta tekur samningur verslunarmanna til flestra eða rúmlega 25.000 launamanna. Starfsgreinasambandið er þó fjölmennast, með um 32.000 launamenn innan sinna raða, en tveir nánast samhljóða samningar voru gerðir við félög innan þess. Samningarnir við félög iðnaðarmanna taka til tæplega 14.000 launamanna. Hlutfallsleg skipting starfsstétta er þannig að verkafólk er 45% alls hópsins, verslunarmenn 36% og iðnaðarmenn 19%.



	Kjörskrá	Þátttaka		Niðurstaða, %		
		Fjöldi	%	Já	nei	Auðir
VR-LÍV (verslunarmenn)	25.420	3.387	13%	75%	23%	2%
Flóabandalagið	18.374	3.239	18%	85%	14%	1%
SGS utan Flóabandalags	13.464	3.309	25%	84%	14%	2%
Samiðn (byggingam., bifv.)	6.322	1.141	18%	77%	22%	1%
RSÍ (rafiðnaðarmenn)	2.930	476	16%	71%	27%	2%
VM (vélstj., málmíðn.)	2.029	283	14%	65%	24%	11%
Matvís (kokkar, þjónar o.fl.)	1.246	152	12%	80%	14%	6%
FBM (bókagerðarmenn)	1.091	356	33%	76%	22%	2%
<b>Samtals</b>	<b>70.876</b>	<b>12.343</b>	<b>17%</b>	<b>80%</b>	<b>18%</b>	<b>2%</b>



## STOFNANIR Á VINNUMARKAÐI



### 4.1. ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA

Útlitið hjá Ábyrgðasjóði launa var nokkuð bjart í ársbyrjun 2007 eftir töluverða lækun útgjalda síðasta ár þar á undan. Nokkur stígandi var þó í útgreiðslum árið 2007 sem áttu sér skýringar í nokkrum stórum gjaldþrotum.

Heildargreiðslur úr sjóðnum voru um 517 m.kr. árið 2007 og hafa þær hækkað um 19% milli ára. Þar af voru um 199 milljónir vegna launa og orlofs og um 182 milljónir vegna lífeyrissjóða. Heildartekjur voru um 775 m.kr., þar af 70 milljónir vegna úthlutunar úr þrotabúum og ábyrgðargjald um 705 milljónir. Skuldir sjóðsins við ríkissjóð voru þannig um 710 m.kr. í lok árs 2007 að teknu tilliti til fjármagnsgjalda af neikvæðri fjárhagsstöðu sjóðsins.

### 4.2. ATVINNULEYSISTRÝGGINGA-SJÓÐUR

Eigið fé sjóðsins í árslok 2007 var 13.065 m.kr. en var 10.390 m.kr. í árslok 2006. Gert er ráð fyrir að vaxtatekjur sjóðsins verði 1.100 m.kr. fyrir árið 2007 en voru 864 m.kr. árið 2006.

Tekjustofn sjóðsins er atvinnuþryggingagjald sem er 0,65% af sama gjaldstofni og almennt tryggingagjald. Áætlaðar tekjur af atvinnuþryggingagjaldi eru 4.570 m.kr. árið 2007 en voru 4.352 m.kr. árið 2006. Heildarútgjöld sjóðsins 2007 voru 3.015 m.kr. en 2.996 m.kr. árið 2006. Greiddar atvinnuleysisbætur voru 2.405 m.kr. árið 2007 en 2.370 m.kr. árið á undan. Meðalatvinnuleysi var 1,1% á árinu 2007 sem er verulega lægra en spáð hafði verið. Fjármálaráðuneytið hafði spáð því að atvinnuleysi 2007 yrði 1,8% og Vinnumálastofnun hafði spáð því að það yrði á bilinu 1,4-1,6%.

Í tilefni af 50 ára afmæli Atvinnuleysistryggingasjóðs vorið 2006 ákvað stjórn sjóðsins að láta skrifa sögu sjóðsins. Þorgrímur Gestsson ritaði sögu sjóðsins sem gefin var út í 300 blaðsíðna bók vorið 2007 undir heitinu „Öryggissjóður verkalýðsins“.

Þær breytingar urðu helstar á liðnu ári að úthlutunarnefndum var fækkað úr níu í eina og með stofnun greiðslustofu atvinnuleysisbóta á Skagaströnd fækkaði greiðslustöðum samsvarandi. Greiðslustofan annast útreikning og greiðslu bóta fyrir allt landið og er rekstur hennar kostaður af Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt þjónustusamningi við Vinnumálastofnun.

### 4.3. VINNUMÁLASTOFNUN

Vinnumálastofnun annast fjárvörslu Atvinnuleysistryggingasjóðs og framkvæmd laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar á grundvelli þjónustusamnings við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir samkvæmt lögum nr. 55/2006. Í apríl 2007 opnaði Vinnumálastofnun sérstaka greiðslustofu á Skagaströnd til að annast útreikning og afgreiðslu atvinnuleysisbóta fyrir allt landið og er markmiðið m.a. með því að ná fram lækun heildarkostnaðar við afgreiðslu atvinnuleysisbóta. Starfsemi Fæðingarorlofssjóðs fellur nú undir Vinnumálastofnun og er sérstök skrifstofa á Hvammstanga til að sinna þeim verkefnum. Vinnumálastofnun flutti þannig 30 ný störf út á land á síðasta ári og má fullyrða að þessi flutningur hafi tekist vel í alla staði og orðið þessum sveitarfélögum lyftistöng. Það er eitt aðalverkefni Vinnumálastofnunar að veita aðstoð við atvinnuleit og til framtíðar er gert ráð fyrir að stofnunin taki að sér að annast starfsendurhæfingu. Ýmis ný verkefni hafa undanfarin ár verið falin stofnuninni svo sem eftirlit með starfsmannaleigum og útlendingum. Með lögum nr. 45/2007 var stofnuninni falið eftirlit með réttindum og skyldum erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands. Stofnunin hratt vegna þessa af stað sérstöku átaksverkefni „Allt í ljós“ varðandi launakjör og skráningu útlendinga. Unnið hefur verið að því efla starf vinnumarkaðsráða, sem starfa á starfsvæði hvers þjónustuskrifstofu. Ráðin eiga m.a. að greina stöðu og þróun atvinnumála og gera tillögur að vinnumarkaðsúræðum, framkvæma vinnumarkaðsrannsóknir og annast skipulagningu á starfsendurhæfingarúræðum. Ríkisendurskoðun vinnur nú að umfangsmikilli stjórnsýsluúttekt á Vinnumálastofnun en ný verkefni og breytingar á löggjöf sem stofnunin vinnur eftir kalla á endurskipulagningu á starfsemi stofnunarinnar.

### 4.4. NEFNDIR OG RÁÐ

Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði vinnumarkaðsmála sem SA eiga aðild að.



# JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttismál eru ríkur þáttur í starfsemi SA. Á starfsárinu áttu samtökin meðal annars aðild að fjölsótttri námstefnu um konur, fjármagn og rekstur fyrirtækja. Þá náðu SA og ASÍ samkomulagi um jafnréttisáherslur og sérstaka framkvæmdaáætlun í kjarasamningunum sem undirritaðir voru í febrúar. Unnið verður meðal annars að því að þróa ferli vegna vottunar á framkvæmd jafnréttisstefnu fyrirtækja fyrir árslok 2009. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Staðlaráð Íslands og stefnt að því að gefinn verði út sérstakur íslenskur staðall. Einnig munu samningsaðilar leita eftir samstarfi við Hagstofuna um rannsókn á launamyndun kvenna og karla. Samtök atvinnulífsins munu þann 22. apríl hefja námskeið meðal félagsmanna sinna um gerð jafnréttisáætlana. Ný jafnréttislög voru samþykkt á Alþingi í febrúar og er fjallað um þau hér síðar í kaflanum.

## 5.1 VIRKJUM FJÁRMAGN KVENNA

Uppselt var á námstefnuna *Virkjum fjármagn kvenna* sem fram fór á Hilton Reykjavík Nordica 28. mars. Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið stóðu að námstefnunni en á fjórða hundrað þátttakendur mættu til leiks, að stærstum hluta konur.

### Markaðurinn ráði för

Á námstefnunni kom fram að lagasetningu sem er ætlað að jafna hlut kynjanna í viðskiptalífínu fylgja vandamál þar sem hún kallar á tvöfalt stjórnkerfi fyrirtækja og veldur því að ákvarðanir varðandi rekstur þeirra eru ekki teknar á réttum stöðum. Þetta sagði Halla Tómasdóttir, starfandi stjórnarformaður Auðar Capital. Halla sagðist tala af eigin reynslu frá því hún vann við mannauðsstjórnun í Bandaríkjunum. Halla sagði farsælla að jafna hlut kynjanna á forsendum markaðarins og sagðist hafa fulla trú á því að það væri hægt. Það væri bæði sýnt og sannað að viðskiptalífið verði af miklum auði með því að nýta ekki þá eiginleika sem konur hafi til brunns að bera. Guðrún Björk Bjarnadóttir, lögmaður SA, sagði valdboð líkt og iðkað er í Noregi ekki réttu leiðina til að velja í stjórnir fyrirtækja. Fjármagn hluthafa og þekking á rekstri ráði mestu um val í stjórnir. Konur þurfi að nýta fjármagn sitt til að tryggja sér stjórnarsæti og stofna fleiri fyrirtæki.

Viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, setti námstefnuna og sagði í ávarpi sínu að ekki væri útilokað að löggjafinn setti á kynjakvóta á

atvinnulífið ef fyrirtæki nýti ekki krafta kvenna í auknum mæli. Lögfesting kynjakvóta væri þó ekki skynsamlegt fyrsta skref. Í umræðum hlaut þessi hugmynd lítinn hljómgrunn, allt eins væri hægt að binda í lög að 40% grunnskólakennara ættu að vera karlar. Fólk yrði að hafa val um starfsframa en það væri mikilvægt hagsmunamál atvinnulífsins – bæði karla og kvenna – að hæfileikar og kostir beggja kynja væru nýttir. Fyrirtækjum sem geri það farnist betur og búi starfsmönnum sínum betra starfsumhverfi.

Gestur námstefnunnar var Karin Forseke, en hún er fyrsta kona heims til að stýra fjárfestingarbanka. Karin hefur yfir þriggja áratuga reynslu úr fjármálageiranum á alþjóðavettvangi og er stjórnarmaður í breska fjármálaeftirlitinu. Í afar lífligu erindi ræddi hún um uppeldi sitt í jafnréttisríkinu Svíþjóð þar sem hún fékk að gera allt sem bræður hennar og faðir gerðu og meira til – því hún fékk að vinna húsverkin en þeir ekki! Sagðist hún sannur femínisti og lýsti leið sinni til frama innan fjármálaheimsins, allt frá því að vinna á gólfinu sem verðbréfamiðlari upp í að vera forstjóri Carnegie fjárfestingarbankans. Karin sagði konur svo sannarlega hafa mikið fram að færa innan fjármálageirans og þangað ættu þær fullt erindi. Það væru áhugaverðir tímar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem byðu konum upp á fjölmörg tækifæri þrátt fyrir yfirstandandi lánsfjákræppu.

Þá fluttu þær Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma og Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis afar áhugaverð erindi um rekstur eigin fyrirtækja og hvernig þær hafi ákveðið að skapa sína eigin framtíð með því að kaupa rekstur fyrirtækjanna. Líflugar umræður fóru fram á námstefnunni en í umræðu um konur og fjármálageirann tóku m.a. þátt Bjarni Ármanns-







son fjárfestir, Jón Scheving Thorsteinsson stjórnarmaður Arev Verðbréfa, Kristín Pétursdóttir forstjóri Auðar Capital og Karin Forseke. Um konur og rekstur fyrirtækja leiddu umræður þau Margrét Kristmannsdóttir formaður FKA, Þórólfur Árnason forstjóri Skýrr, Skarphéðinn Berg Steinarsson forstjóri Landic Property og Elín Jónsdóttir framkvæmdastjóri Arev Verðbréfa. Námstefnunni stýrði Þórunna Jónsdóttir frá Auði Capital.

## 5.2 NÝ JAFNRÉTTISLÖG

Ný jafnréttislög, nr. 10/2008, sem samþykkt voru á Alþingi þann 26. febrúar 2008 fela í sér umtalsverðar breytingar og þá fyrst og fremst varðandi eftirlitsþáttinn. Heimildir Jafnréttisstofu til að krefjast upplýsinga og gagna eru auknar mjög verulega og stofunni veitt heimild til beiðingar dagsektar þar til umbeðnar upplýsingar og gögnin hafa verið látin í té. Stofan skal óska eftir því að Kærunefnd jafnréttismála taki mál til meðferðar renni gögnin frekari stöðum undir að brotið hafi verið gegn lögum. Jafnréttisstofa skal einnig fylgja eftir úrskurðum Kærunefndar að beiðni kæranda og getur beitt dagsektum verði sá sem úrskurður nefndarinnar beinist gegn ekki við fyrirmælum hennar um að grípa til viðunandi úrbóta. Úrskurðir Kærunefndar jafnréttismála eru nú bindandi gagnvart málsaðilum

Reglur um gerð jafnréttisáætlana hafa verið hertar. Í jafnréttisáætlun sem endurskoðaða skal á þriggja ára fresti skal kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð. Jafnréttisstofa getur krafði fyrirtæki um afhendingu

þessara áætlana auk skýrslu um framgang mála. Hafi slíkar áætlanir eða skýrslur ekki verið gerðar eða afhentar að ósk Jafnréttisstofu getur stofnan ákveðið að fyrirtækið greiði dagsektir sem numið geta allt að 50.000 krónum á dag. Hið sama gildir sé það mat Jafnréttisstofu að jafnréttisáætlun fyrirtækis sé ekki viðunandi. Þá er í lögum ákvæði um að starfsmönnum skuli ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo. Það hefur í umræðunni verið talið fela í sér svo kallað afnám launaleyndar. Lögin hafa einnig að geyma afar sérkennilega viðmiðunarreglu sem beita skal við mat á því hvort starfsmanni hafi verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starf, varðandi starfsþróun, uppsögn, eða vinnuskilyrði að öðru leyti. Samkvæmt lögum skal þá taka mið af menntun, starfsreynslu, sérþekkingu eða öðrum sérstökum hæfileikum sem krafa er gerð um í viðkomandi starfi samkvæmt lögum eða reglugerðum eða telja verður annars að komi að gagni í starfinu. Þarna er því verið að innleiða efnisreglu sem getur leitt til takmarkana á rétti fyrirtækja til að ákveða hvaða þætti þau telja rétt að leggja áherslu á með tilliti til starfsemi sinnar og annarra aðstæðna hverju sinni án tillits til þess hvort þeir kunni að fela í sér kynbundna mismun.

Málsmeðferðarreglur laganna vekja einnig athygli. Þær eru flóknar og virðast í litlu samræmi við heimildir Kærunefndarinnar og vekja því spurningar um hvaða réttaráhrif úrskurðir nefndarinnar hafi. Verkefni Kærunefndar eru óbreytt frá fyrri lögum, þ.e. að fjalla um það hvort ákvæði jafnréttislaganna hafi verið brotin. Það verður því ekki séð að úrskurðir Kærunefndar geti verið aðfararhæfir. Lögin veita Kærunefnd auk þess heimild til ákvörðunar málskostnaðar til handa kæranda. Hafi kæra verið bersýnilega tilefnislaus getur nefndin þó úrskurðað kærða málskostnað. Þá hafa lögin að geyma sérstaka gjafsóknarreglu sem felur í sér að kærandi fær málskostnað sinn fyrir Héraðsdómi og Hæstarétti greiddan úr ríkissjóði án nokkurra skilyrða vilji gagnaðili ekki una úrskurði nefndarinnar. Það er mun rýmri regla en gildir annars um gjafsókn. Um málsmeðferð fer auk þess að hætti opinberra mála.

Í umsögn sinni um frumvarpið að lögum gerði SA verulegar athugasemdir við flest þau atriði sem talin eru hér að framan. Samtökin lýstu sig sammála markmiði laganna en ósammála þeim aðferðum sem beita skal til að ná því og birtast í afar íþyngjandi kröfum um skýrslugerð og afhendingu gagna auk viðurlaga í formi dag-





sekta. Áhersla sé þannig lögð á eftirlit og þvingunaraðgerðir frekar en samstarf, leiðbeiningu og hvatningu sem samtökin töldu vænlegri leið til árangurs. Meðal fyrirtækja væri svo dæmi sé tekið verulegur áhugi á að koma upp vottunarkerfi sem feli í sér vottun á því að viðurkenndum aðferðum sé beitt við launaákvæðanir. Sá þráður er þó tekin upp í lögunum. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði þeirra skal ráðherra sjá til þess að þróað verði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarinnar. Verkefninu skal lokið fyrir 1. janúar 2010 og skal þá fara fram endurskoðun á lögunum. Í kjarasamningum við ASÍ í febrúar 2008 samdi SA við ASÍ um að þróað verði vottunarkerfi sem fyrirtæki geti nýtt sér og feli í sér vottun á framkvæmd stefnu um launajafnrétti og möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar.

### 5.3. JAFNRÉTTISRÁÐ

Meginverkefni Jafnréttisráðs er að vinna að jöfnun rétti kvenna og karla á vinnumarkaði og gefa ráð um það efni. Jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs 2007 hlaut Menntaskólinn í Kópavogi fyrir virka jafnréttisstefnu gagnvart bæði nemendum og starfsfólki en skólinn hefur haft forystu um verkefni sem miða að því að jafna stöðu karla og kvenna. Með nýjum jafnréttislögum fjölga fulltrúum í Jafnréttisráði úr níu í ellefu og inn koma nýir aðilar, sem ekki hafa áður átt fulltrúa í ráðinu.

Félags- og tryggingamálaráðherra skipar formann Jafnréttisráðs án tilnefningar. Þá verða í ráðinu tveir fulltrúar sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum launafólks og tveir fulltrúar sem tilnefndir eru sameiginlega af samtökum atvinnurekenda. Tveir fulltrúar verða tilnefndir sameiginlega af Feministafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Kvenréttindafélagi Íslands og einn fulltrúi verður tilnefndur sameiginlega af Samtökum um kvennaathvarf og Stigamótum. Þá munu Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Félag um foreldrajafrétti og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga einn fulltrúa hvert í ráðinu.

Samhliða þessum breytingum er hlutverk Jafnréttisráðs aukið og er ráðinu m.a. ætlað að undirbúa jafnréttisþing í samvinnu við félags- og tryggingamálaráðherra. Þá er Jafnréttisráði ætlað að starfa í nánnum tengslum við Jafnréttisstofu og vera félags- og tryggingamálaráðherra og framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málum sem tengjast jafnrétti kynjanna.

### 5.4 KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Kærunefnd jafnréttismála skilaði álit í 7 málum á starfsárinu. Tvö mál fjölluðu um mismunun í launum, tvö mál um stöðuveitingar, önnur tvö mál um starfslokasamninga og eitt um greiðslur vegna fæðingarorlofs. Í tveimur tilvikum var niðurstaðan að um brot á jafnréttislögum hefði verið að ræða. Einungis tvö þessara mála vörðuðu fyrirtæki og félög á einkamarkaði. Álit nefndarinnar eru birt á vef Félagsmálaráðuneytisins.

### 5.5 NEFNDR

*Í fyrsta kafla ársskýrslunnar er skrá yfir nefndir og ráð á sviði jafnréttismála sem SA eiga aðild að.*



# LÍFEYRISMÁL



## 6.1. STAÐA LÍFEYRISSJÓÐANNA

Hrein eign allra lífeyrissjóða í landinu nam tæpum 1.650 milljörðum króna í árslok 2007 og jókst um 150 milljarða á árinu. Hrein eign sem hlutfall af landsframleiðslu stóð óbreytt í 129% milli ára. Þeir sjóðir sem Samtök atvinnulífsins tilnefna stjórnarmenn í eru 9 samtals og nemur hrein eign þeirra um helmingi eigna allra samtryggingarlífeyrissjóða. Um 90% eigna lífeyrissjóðanna eru í samtryggingarsjóðum en tæp 10% eiga rætur að rekja til séreignarsparnaðar.

Frjáls viðbótarlífeyrissparnaður hefur vaxið hraðar en samningsbundinn sparnaður undanfarin ár. Árið 2006 óx hann um 17,5% frá fyrra ári samanborið við 14,5% vöxt samningsbundins sparnaðar. Frádráttarbær viðbótarsparnaður frá tekjuskatti nam rúmum 11 milljörðum króna það ár og að viðbættu mótframlagi vinnuveitenda má ætla að 18 milljarðar króna hafi verið lagðir til hliðar í þessum tilgangi. Samningsbundinn sparnaður nam tæpum 60 milljörðum þannig að lífeyrissparnaðurinn nám hátt í 80 milljörðum króna árið 2006. Þetta samsvaraði 14% af launatekjum að viðbættu reiknuðu endurgjaldi eða sem nam 6,5% af landsframleiðslu. Árið 2007 hækkaði framlag launagreiðenda í samtryggingarsjóði þannig að hlutfall lífeyrissparnaðar hækkaði enn það ár en um það liggja ekki enn fyrir tölur.

## 6.2. SKIPAN Í STJÓRNIR LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalmenn í stjórnnum lífeyrissjóða tilnefndir af Samtökum atvinnulífsins (miðað við 17. mars 2008).

### Gildi – lífeyrissjóður

Ari Edwald  
Friðrik J. Arngrímsson  
Sveinn S. Hannesson  
Vilhjálmur Egilsson

### Stafir lífeyrissjóður

Arnbjörn Óskarsson  
Erna Hauksdóttir  
Guðsteinn Einarsson

### Stapi lífeyrissjóður

Aðalsteinn Ingólfsson  
Anna María Kristinsdóttir  
Þorbjörg Þorfinnsdóttir

### Lífeyrissjóður Rangæinga

Óskar Pálsson  
Þorgils Torfi Jónsson

### Festa lífeyrissjóður

Bergþór Baldvinsson  
Bergþór Guðmundsson  
Sigrún Helga Einarisdóttir

### Lífeyrissjóður Verzlunarmanna

Hrund Rudolfsdóttir

### Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Áslaug Alfredsóttir  
Kristján G. Jóhannsson

### Lífeyrissjóður Vestmannaeyja


Arnar Sigurmundsson  
Hörður Óskarsson  
Sigurgeir B. Kristgeirsson

### Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Haraldur Þ. Ólason  
Þorgeir Jósefsson  
Örn Jóhannsson



## Eignir lífeyrissjóða – Hrein eign til greiðslu lífeyris



Heimild: Fjármálaeftirtíð, SI





# UMHVERFISMÁL OG VINNUMHVERFI

Umhverfismál eru atvinnulífinu afar mikilvæg. Almenn umgangast fyrirtæki auðlindir, náttúru og umhverfi af fullri virðingu og mörg hver eru í fremstu röð á sínu sviði. Samtök atvinnulífsins fylgjast vel með þróun umhverfismála og alþjóðlegra viðhorfa á því sviði og umhverfishópur samtakanna hittist reglulega og tekur fyrir þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni. Fundaröð SA um atvinnulíf og umhverfi hefur nú staðið yfir í nokkur misseri og efnistöð verði fjölbreytt. Samtökin fá stöðugt til umfjöllunar mál sem tengjast umhverfismálum, frá félagsmönnum, ráðuneytum, stofnunum og einnig Evrópusambandinu.

## 7.1. UMHVERFISMÁL

### Alþjóðasamningar um loftslagsmál

Á ríkjaráðstefnu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna sem haldin var á Balí í Indónesíu í desember 2007 var ákveðið að hefja nýtt samningaferli. Ætlunin er að því ferli ljúki á tveimur árum með því að gerður verði nýr alþjóðlegur samningur sem útfæri nánar þau almennu markmið sem sett eru í Loftslagssamningnum sjálfum. Samningaferlið mun fara fram eftir tveimur brautum. Í fyrsta lagi á að fjalla um almennan samdrátt útstreymi gróðurhúsalofttegunda til langs tíma í þeim ríkjum sem aðild eiga að samningnum. Fjallað verður um langtímamarkmið bæði þróaðra ríkja og þróunarríkja og eiga nánast öllu ríki heims aðild að þessum viðræðum. Auk samdráttar í útstreymi verður einnig fjallað um tækniástoð við þróunarriki, fjármögnun og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Í öðru lagi verður fjallað um frekari skuldbindingar þeirra ríkja sem tóku á sig skuldbindingar í Kyoto-bókuninni eftir að tímabili hennar lýkur árið 2012. Ísland tekur þátt í þessu samningaferli og hafa Samtök atvinnulífsins ítrekað hvatt til þess að stjórnvöld sækist eftir áframhaldandi viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á árangri Íslands til nýtingar endurnýjanlegra orkulinda. Slík viðurkenning fékkst þegar samið var um Kyoto-bókunina og engin ástæða er til annars en að önnur ríki líti með jákvæðum augum nýtingu orkulinda hér á landi.

Eins og kunnugt er telst nýting endurnýjanlegra orkulinda til þeirra lausna sem ríki hafa til að bregðast við sívaxandi útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Samtökin hafa hvatt til þess að samkeppnisstaða fyrirtækja hér á landi verði ekki skert og að kröfur til þeirra verði ekki



strangari en í helstu viðskiptaríkjum. Samtök atvinnulífsins gengust fyrir opnum fundi þar sem fjallað var um samningaferlið en þar fjallaði m.a. Jón Ingimarsson, verkfræðingur, um það ferli sem leiddi til Kyoto-bókunarinnar en hann tók þátt í fundum Loftslagssamningsins um 10 ára skeið. Einnig stóðu samtökin fyrir opnum fundi þar sem Halldór Þorgeirsson, forstöðumaður hjá skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna hélt erindi um samninginn og hvernig verkefni í þróunarrikjum geta nýst þróuðum ríkjum til að sækja sér útstreymisheimildir.

### Norræn stefnumörkun á sviði loftslagsmála

Í desember 2007 gáfu samtök atvinnulífsins á Norðurlöndum út ritið *Nordic Position on Climate Change. Policies Post 2012*. Þar er kallað eftir því að öll ríki heims taki þátt í baráttunni við loftslagsbreytingar og samkeppnisstöðu einstakra ríkja verði ekki raskað. Mikilvægt er að tekið verði tillit til getu einstakra ríkja til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda og leggja verður mikla áherslu á rannsóknir, þróun og nýsköpun á þessu sviði.

### Viðskiptakerfi ESB með útstreymisheimildir

Síðastliðið haust var innleidd í EES-samninginn svokölluð útstreymistilskipun Evrópusambandsins (Emission Trading System, ETS). Samkvæmt tilskipuninni ber þeim fyrirtækjum sem undir hana falla að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda og fá úthlutað útstreymisheimildum án endurgjalds í samræmi við úthlutunarreglur í aðildarríkjunum. Þau fyrirtæki sem undir tilskipunina falla eru enn sem komið er fyrst og fremst þau sem framleiða orku úr kolum, olíu og jarðgasi. Þau fyrirtæki sem hafa dregið úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda geta selt umframheimildir á almennum markaði en önnur keypt. Verð þessara heimilda er um þessar mundir um 22 evrur á hvert tonn koldíoxíðs.



Þannig er frá aðlögun tilskipunarinnar gengið að á tímabilinu 2008 til 2012 fellur ekkert fyrirtæki hér á landi undir tilskipunina þannig að stjórnvöld þurfi að úthluta heimildum til þeirra. Fyrirtæki sem það kjósa geta hins vegar átt viðskipti með útstreymisheimildir því eignarhald á heimildum er ekki bundið við þau fyrirtæki sem undir tilskipunina falla. Nýlega kynnti framkvæmdastjórn ESB breytingar á tilskipuninni sem eiga að gilda frá 2013. Meginbreytingin er sú að ætlunin er að bjóða upp á almennu uppboði á vegum framkvæmdastjórnar ESB stóran og sívaxandi hluta þeirra heimilda sem til ráðstöfunar eru.

Fyrirtækjum er í grófum dráttum skipt í þrjá flokka. Í fyrsta flokki eru orkuframleiðslufyrirtækin sem þurfa að kaupa allar sínar heimildir á uppboði frá 2013. Í öðrum flokki eru ýmis iðnfyrirtæki (t.d. olíuhreinsistöðvar) sem fá í byrjun 80% heimilda úthlutað án endurgjalds en það hlutfall lækkar árlega og verða fyrirtækin að kaupa allar sínar heimildir frá 2020. Í þriðja flokki er orkufrekar iðnaður sem er helst háður alþjóðlegri samkeppni og þar sem hættu er á að framleiðslan flytjist til annarra landa þar sem samkeppnisskilyrði eru betri. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki í þessum flokki fái sínar heimildir án endurgjalds en að samkeppnisskilyrðin verði skoðuð reglulega. Þau fyrirtæki sem undir þetta geta fallið eru fyrirtæki sem framleiða ál- og járnblendi. Þannig má búast við að fyrirtækin í þessari grein sem starfa hér á landi komi til með að falla undir útstreymistilskipunina frá 2013 þótt líkur séu á að þau þurfi ekki að greiða fyrir útstreymisheimildir sínar. Smám saman mun framkvæmdastjórnin fækka þeim heimildum sem til ráðstöfunar eru.

### Flug og útstreymi gróðurhúsalofttegunda

Í desember 2006 kynnti framkvæmdastjórn ESB tillögur sínar um að fella flugsamgöngur undir útstreymistilskipun ESB. Gert er ráð fyrir því að allar flugsamgöngur til og frá Evrópu og innan Evrópu falli undir tilskipunina og að flugfélög þurfi að kaupa sívaxandi hluta af þeim útstreym-

isheimildum sem þau þurfa á að halda. Tilskipunin nær nú til Evrópska efnahagsvæðisins og íslensk flugfélög verða því að búa sig undir að hún taki gildi frá árinu 2011 eða 2012. Tillögurnar eru nú til lokameðferðar í Evrópuþinginu. Gert er ráð fyrir því að tillögnum fylgi verulegur kostnaður þar sem flugsamgöngur fara sívaxandi og úthlutunarreglur gera ráð fyrir því að ekki verði til ráðstöfunar heimildir vegna aukningarinnar.

Samtök atvinnulífsins bentu strax á það þegar tillögurnar birtust að flug væri hér á landi óvenjulega umfangsmikið bæði farþegaflutningar og farmflutningar. Ef ekkert yrði að gert gætu tillögurnar skekkt samkeppnistöðu fjölmargra fyrirtækja hér á landi þar sem enginn kostur er á vegna- eða járnbrautarsamgöngum við nágrannalönd Íslands vegna vel þekkrtra landfræðilegra aðstæðna. Eins eru ferskvöruflutningar mjög háðir reglulegu flugi. Stjórnvöld hér á landi hafa tekið málið upp á vettvangi ESB og á vegum samgönguráðuneytisins er starfandi stýrihópur sem kannar áhrif þessara reglna á flugfélög og þjóðarhag og mótar tillögur um viðbrögð.

### Sérfræðinganefnd um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda

Umhverfisráðherra skipaði í maí 2007 nefnd sérfræðinga til að kanna möguleika á að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda hér á landi með sérstöku tilliti til hagkvæmni aðgerða. Nefndin er skipuð í framhaldi af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að stefnt skuli að 50-75% samdrætti í útstreymi til ársins 2050. Nefndinni er falið að fjalla bæði um möguleika til að draga úr útstreymi til skemmri tíma og til lengri tíma og um möguleika til að auka bindingu gróðurhúsalofttegunda með skógrækt og landgræðslu. Auk þess fjallar nefndin um möguleika til að afla heimilda erlendis frá með sveigjanleika ákvæðum Kyoto-bókunarinnar. Nefndin tekur mið af eldsneytisspá Orkustofnunar og útstreymisspá Umhverfisstofnunar. Í nefndinni eiga meðal annarra sæti sérfræðingar frá Samtökum iðnaðarins, Samtökum fiskvinnslustöðva og Samtökum atvinnulífsins. Gert er ráð fyrir að nefndin skili niðurstöðum sínum vorið 2008.

### EFNI OG EFNAVÖRUR

Umhverfisráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp sem innleiðir efna- og efnavörureglugerð ESB (REACH) sem birt var í stjórnartíðindum ESB í desember 2006. Reglugerðin hefur enn ekki verið innleidd í EES-samninginn en



búist er við að svo verði innan tíðar. Mikilvægt er að reglugerðin verði sem fyrst innleidd hér á landi vegna þess að gert er ráð fyrir að skráningarferli efna og efnavöru verði einfaldara í byrjun en síðar verður.

### Raftækja- og rafeindatækjaúrgangur

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp sem innleiðir tilskipun ESB um raftækja- og rafeindatækjaúrgang (WEEE). Gert er ráð fyrir því að ábyrgð á söfnun og meðhöndlun þessa úrgangs verði alfarið á höndum framleiðenda og innflytjenda vörflokka sem undir þetta falla. Framleiðendur og innflytjendur skulu eiga aðild að skilakerfi sem yfirtekur ábyrgðina fyrir þeirra hönd og sér um að safna og eyða úrgangi frá söfnunarstöðvum sem reknar eru á vegum sveitarfélaga og annarra aðila.

Sérstök stýrifynding sem að stærstum hluta er skipuð fulltrúum atvinnulífsins sér um að allir framleiðendur og innflytjendur eigi aðild að skilakerfi og að það eða þau starfi eins og til er ætlast. Þetta er annars konar aðferð en beitt hefur verið hingað til þar sem skattur (úrvinnslugjald) hefur verið lagður á með lögum og sérstök ríkisstofnun (Úrvinnslusjóður) séð um meðferð úrvinnslugjaldsins. Skilakerfi innheimtir gjald af þeim sem aðild eiga að kerfinu og sér til þess að það dugi til að tryggja þá meðferð sem úrgangurinn skal hljóta.

### Norrænt verkefni um umhverfisstjórnun

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins eiga aðild að norrænu verkefni þar sem smáum og meðalstórum fyrirtækjum gefst kostur á ráðgjöf við að innleiða kerfi til að hafa stjórn á þeim þáttum í rekstri sem tengjast umhverfinu. Annar hluti verkefnisins er nú hafinn og taka um 10 fyrirtæki þátt í honum. Fyrirtækin fá í hendurnar einfalt tölvuforrit sem er þróað með þarfir lítilla og meðalstórra framleiðslu- og þjónustufyrirtækja í huga. Þátttakendur fá aðstoð ráðgjafa við að setja upp kerfið sem byggist á töflum til að skrá neyslu, úrgang og útstreymi. Í boði eru skýrsluform og leiðbeiningar sem stuðla að skilvirkum lausnum og gagnast við markmiðssetningu og aðgerðaáætlun. Það er UMÍS sem annast ráðgjöf við verkefnið.

### 7.2. VINNUMHVERFI

Samtök atvinnulífsins eiga tvo fulltrúa í 9 manna ráðgefandi stjórn Vinnueftirlits ríkisins en hún er skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins auk formanns sem ráðherra skipar án tilnefningar.

Árið 2007 tók við ný stjórn undir forsæti Margrétar S. Björnsdóttur.

Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að senda félagsmálaráðuneyti umsögn um stjórnsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Vinnueftirlitinu. Í umsögninni var tekið undir margt af því sem Ríkisendurskoðun bendir á en röksemdir færðar fram þar sem stjórnin var ósammála tillögum Ríkisendurskoðunar. Meðal annars tekur stjórnin undir þau sjónarmið að VER ætti að forgangsraða og einbeita sér að kjarnaverkefnum á sviði stjórnslu og leiðandi verkefna á sviði vinnuverndar, að eftirlit eigi að byggja á skoðunarhandbókum og vinna í samræmi við lög um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999 og að VER dragi sig út úr námskeiðahaldi sem aðilar á markaði geta sinnt.

Þá lagði stjórnin til að umboð stjórnar væri skýrt og fært til samræmis við ákvæði um stjórn Vinnuálastofnunar, en Ríkisendurskoðun hafði lagt til að stjórnin yrði lögð niður og í hennar stað stofnað vinnuverndarráð ráðherra til ráðgjafar án nokkurra beinna tengsla við Vinnueftirlitið. Eftir að stjórnin skilaði umsögn sinni, skilaði stofnunin einnig umsögn um úttektina. Var haldinn fundur um þessar umsagnir og tengingar við lög og reglugerð um opinbert eftirlit í félagsmálaráðuneytinu undir stjórn ráðuneytisstjóra þar. Þangað komu fulltrúar ráðgjafarnefndar forsætisráðherra um opinbert eftirlit til að segja álit á eftirliti VER og tillögum Ríkisendurskoðunar sem að því lúta.

Gert er ráð fyrir að ráðuneytið geri í framhaldi af þessu tillögur að verklagi varðandi setningu reglugerða, að ráðuneytið sendi stjórn erindisbréf þar sem m.a. verði kveðið á um samskipti við ráðuneytið, og skoðað verði hvort ekki eigi að setja stjórninni erindisbréf sem kvæði nánar á um umboð hennar, ennfremur verði undirbúin stefnumótun fyrir VER með aðkomu ráðuneytisins. Þá var ákveðið að halda áfram samræðu fulltrúa ráðgjafarnefndarinnar, stjórnarinnar og ráðuneytisins um fyrirkomulag eftirlits sem heyrir undir Vinnueftirlit ríkisins.

Samtök atvinnulífsins telja að þó nokkru hluta þeirrar starfsemi sem nú fer fram hjá Vinnueftirliti ríkisins eigi að fela einkaaðilum á markaði. Þetta á við um námskeiðahald, ráðgjöf, eftirlit með vinnuvélum og fleiri þætti. Afar erfitt hefur reynst að vinna þessum breytingum framgang vegna þess að stofnunin vill helst engu sleppa frá sér og virðist föst í gömlum tíma. Svo virðist sem engu megi breyta og að þröngir rekstrarhagsmunir Vinnueftirlits ríkisins hindri eðlilegar framfarir og nútímavæðingu á þessu sviði.





# SAMSKIPTI VIÐ STJÓRNVÖLD



## 8.1. UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Samtökum atvinnulífsins berst mikill fjöldi þingmála til umsagnar. Á 135. löggjafarþingi, 2007–2008, sendu samtökin inn umsagnir um eftirtalin þingmál (*miðað við 13. mars 2008*).

### Stjórnarfrumvörp um

- breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999
- breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003
- breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt
- breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005
- breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða
- upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl.,
- menntun og ráðningu kennara og skólastjórnmenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla
- breytingu á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald
- breytingu á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, og lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
- samræmda neyðarsvörun
- breytingu á lögum nr. 51/1995, um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks
- jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
- breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunarvinnu, með síðari breytingum (eigendasaga myndverka o.fl.)
- fyrningu kröfuréttinda

### Þingmannafrumvörp um

- breytingu á lögum nr. 19/1979, um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla
- brottfall laga um iðnaðarmálagjald, nr. 134/1993

### Þingsályktunartillögur

- friðlýsing Austari- og Vestari-Jökulsár í Skagafirði
- lagning raflína í jörð

## 8.2. LÖGGJÖF SEM SNÝR AÐ ATVINNULÍFINU

### Breyting á lögum um leyfisveitingar til veitingastaða.

Með lögum nr. 85/2007 um veitingastaði og skemmtanahald voru eldri lög um sama efni leyst af hólmi. Nýju lögin einfalda leyfisveitingar til reksturs veitinga- og gististaða og draga úr þeim fjölda leyfa, gagna og umsagna sem umsækjendur þurfa nú að afla til að hefja slíkan rekstur. Lagaumhverfi fyrir þessa starfsemi gert einfaldara og skýrara með því að kveða á um leyfisveitingar í því sem næst einum lagabálki í stað margra.

### Skattlagning kaupskipaútgærða

Ný lög um skattlagningu kaupskipaútgærðar nr. 86/2007 kveða á um sérstaka skattlagningu kaupskipa sem skráð eru á íslenska alþjóðlega skipaskrá (IIS). Markmið laganna er að gera íslenskum kaupskipaútgærðum aftur skattalega kleift að skrá farskip sín hér á landi en þau eru í dag nær öll skráð erlendis af rekstrarástæðum.

### Stækkun Evrópusambandsins

Með lögum nr. 106/2007 var lögum um Evrópska efnahagssvæðið breytt og ýmsum öðrum lögum breytt vegna stækkunar Evrópusambandsins með inngöngu Búlgaríu og Rúmeníu í sambandið. Ákvæði um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins taka þó ekki gildi gagnvart ríkis-





borgurum Búlgaríu og Rúmeníu fyrr en 1. janúar 2009. Hið sama gildir um aðstandendur þessara ríkisborgara. Því þurfa ríkisborgarar þessara tveggja nýju aðildarríka Evrópusambandsins að sækja um atvinnuleyfi hér á landi til ársloka 2008.

#### Heildarlög um verðbréfavíðskipti

Með lögum nr. 108/2007 voru samþykkt ný heildarlög um verðbréfavíðskipti og eru með þeim innleiddar tvær tilskipanir Evrópusambandsins. Annars vegar tilskipun um markaði fyrir fjármálagerninga og hins vegar tilskipun um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað. Að auki voru gerðar breytingar á viðurlagakafla verðbréfavíðskiptalaga til samræmis við breytingar sem fólust í lögum um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.

#### Sameining atvinnuvega ráðuneyta

Með lögum nr. 109/2007 voru gerðar töluverðar breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands. Skipting Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti hafði verið óbreytt frá 1969 nema hvað ákveðið var með lögum árið 1990 að setja á fót nýtt ráðuneyti, umhverfisráðuneyti. Með lögunum var landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti sameinuð í eitt og Hagstofa Íslands lögð niður sem ráðuneyti: Nöfnum félagsmálaráðuneytis og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis breytt til samræmis við tilfærslu verkefna. Eftir lagabreytinguna verður heimilt að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta en áður var ekki hægt að breyta skipan ráðuneyta án lagabreytingar. Með forsetaúrskurði má nú ákveða sameiningu tveggja eða fleiri ráðuneyta í eitt. Breyting veitir því svigrúm til fækkunar ráðuneyta frá því sem nú.

#### Heildarlög um fyrningu kröfuréttinda

Með lögum nr. 150/2007 voru samþykkt ný heildarlög um fyrningu kröfuréttinda sem koma

í stað laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda frá 1905. Orðalag eldri laga þótti torskilið og flókið og eru nýju lögin einfaldari í uppbyggingu. Helstu nýmæli laganna er að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda verði fjögur ár en meginregla eldri fyrningarlaga var að kröfur fyrndust á tíu árum. Nýtt ákvæði er í frumvarpinu um fyrningu flestra skaðabótakrafna og þar er meðal annars tekið mið af kröfum vegna tjóns, sem gerist á löngum tíma, eins og til dæmis mengunartjóns. Unnt er að slíta fyrningu með því að leggja mál fyrir stjórnvald, sem hefur úrskurðarvald um málið, sem og kærunefndir.

#### Kauptrygging fiskvinnslufólks

Með lögum nr. 157/2007 var lögum um kauptryggingu fiskvinnslufólks breytt þannig að greiðsludagar sem heimilt er að greiða fiskvinnslufyrirtækjum í einni vinnslustöðvun fjölga úr 20 í 30. Heildarfjöldi greiðsludaga á ári var jafnframt fjölgað úr 45 í 60 vinnudaga til sama fyrirtækis. Þessi breyting er tímabundin í tvö ár og er liður í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að styrkja atvinnulíf í sjávarbyggðum sem eiga í erfiðleikum vegna ákvörðunar stjórnvalda um samdrátt þorskveiðheimilda.

*Um fjöllum um breytingar á jafnréttislögum er að finna í 5. kafla ársskýrslunnar um jafnréttismál.*

### 8.3. DÓMSMÁL

#### Félagsdómur ógildir ákvæði um ráðningu til útgerðar fiskiskipa

Með dómi Félagsdóms í málinu nr. 6/2007, Félag skipstjórnarmanna gegn SA f.h. Samherja hf. var ákveðið í ráðningarsamningi skipstjórnans G við Samherja hf. um ráðningu hans til útgerðar í stað ráðningar í ákveðið skipsrúm dæmt ógilt. Skipstjórinn G hafði ekki frumkvæði að þessu máli heldur stéttarfélag hans. Dómurinn komst að þessari niðurstöðu þótt ekki væri fyrir að fara neinum ákvæðum í kjarasamningnum sem berum orðum kveði á um tilhögun ráðningar að þessu leyti. Dómurinn segir hins vegar í rökstuðningi sínum að kjarasamningurinn í heild beri þess merki að gengið sé út frá ráðningu í ákveðið skipsrúm, þ.e. á ákveðið skip og túlkun sjómanna laga nr. 35/1985 skipti máli við túlkun kjarasamningsins og einstakra ákvæða hans. Ráðning til útgerðar fiskiskips hefði verið „nýbreytni“ og brjóti í bága við kjarasamninginn. Það styðji þessa niðurstöðu að sérstaklega sé umsamið milli





Samtaka atvinnulífsins og Félags skipstjórnarmanna í gildandi kjarasamningi þessara aðila við skipstjórnarmenn á farþega- og flutningaskipum, þar sem aðstæður eru aðrar og ólíkar, að skipstjórnarmenn séu ráðnir til útgerðar en ekki á ákvæðið skip. Taldi dómurinn að ráðning í skipsrúm væri slík grundvallarforsenda ráðningar fiskimanna að ekki væri tilefni til samanburðar á því hvort „útgerðarráðning“ feli í sér lakari kjör en hin fyrrnefnda ráðningartilhögun, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Samtök atvinnulífsins eru afar ósátt við þennan dóm enda banna hvorki ákvæði sjómannalaga né ákvæði kjarasamnings skipstjórnarmanna á fiskiskipum ráðningu skipstjórnarmanns til útgerðar. Sjómannalög gera ráð fyrir skriflegum ráðningarsamningi um tilhögun ráðningar. Sérkennilegt er að Félagsdómur vísi til annars kjarasamnings SA, sem gildir á farskipum til að rökstyðja bann við ráðningu til útgerðar fiskiskips. Hin almenna regla á vinnumarkaði er að í ráðningarsamningi semur starfsmaður við vinnuveitanda um tilhögun ráðningar sinnar, þ.m.t. hver vinnustaðurinn er. Með dómnum var skipstjóranum G gert ókleift að ráða sig til útgerðar, eins og hugur hans stóð til.

#### **Veikindaréttur sjómanna samkvæmt sjómannalögum**

Með tveimur dómum Hæstaréttar frá 8. mars 2008 (málin nr. 288 og 289/2007) staðfesti Hæstiréttur að þegar launagreiðslur skiptust

jafnt milli tveggja fiskimanna samkvæmt sérstöku samkomulagi þeirra sjálfra þá gildi það fyrirkomulag einnig í veikindum þeirra. Tveir skipverjar skiptu með sér einni stöðu um borð í fiskiskipi. Fyrirkomulagið var þannig að í stað þess að hvor skipverji nyti allra launa fyrir þá veiðiferð sem hann fór í og væri launalaus í frítúr þá var launum fyrir allar veiðiferðir skipsins deilt upp milli tveggja skipverja og fékk hvor um sig hálfan aflahlut greiddan fyrir hverja veiðiferð. Skipverjarnir héldu því hins vegar fram að í veikindum ættu þeir að fá tvöfalt hærri greiðslu á grundvelli 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Í frítíma veikindum og slysum ættu þeir þá að fá allan aflahlutinn í þeirri veiðiferð greiddan en ekki helminginn eins og fyrirkomulag þeirra kvað á um.

Í dómi Hæstaréttar er vísað til þess að ákvæði 1. mgr. 36. gr. hafi áður verið skýrt í dómi Hæstaréttar í máli nr. 3/1993 þar sem segi: „Lagaákvæðið er svo afdráttarlaust, að það verður eigi skilið öðruvísi en svo, í því samhengi sem hér reynir á, að stefndi eigi rétt til þeirra launa, sem hann hefði fengið greidd fyrir að gegna starfi sínu áfram, ef veikindi hefðu ekki gert hann ófæran til þess.“

Þá segir að samkvæmt ráðningarfyrirkomulaginu var fyrirfram ljóst hvenær hvor skipverji ynni og því hefði skipverjinn ekki verið staðgengill hins í frítímaveikindum hans. Fallast yrði á það með útgerðinni að skipverjarnir hafi fengið laun að fullu greidd.



## ERLEND SAMSKIPTI

### 9.1. AF EVRÓPUVETTvangi

Endurskoðun sáttmála Evrópusambandsins (ESB) var meðal þess sem hvað hæst bar á vettvangi þess á árinu 2007. Eftir að tillögu að stjórnarskrársáttmála ESB var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu í Hollandi og Frakklandi á árinu 2005 samþykktu aðildarríkin að vinna að frekara framhaldi málsins enda var það sameiginlegt mat þeirra að breytingar á sáttmálum sambandsins væru nauðsynlegar m.a. til þess að mæta stækkun þess og gera ákvarðanatöku skilvirkari og lýðræðislegri. Undir formennsku Þjóðverja í ráðherraráði ESB á fyrri hluta síðasta árs náðist niðurstaða á leiðtogafundi ríkjanna í júní þar sem samþykkt var umboð til handa nýrri ríkjaráðstefnu til að ganga frá tillögu að nýjum svonefndum umbótasáttmála ESB. Undir forystu Portúgala tókst að ljúka þessu verki og var nýi sáttmálinn undirritaður í Lissabon í desember og biður nú fullgildingar í aðildarríkjunum.

Með umbótasáttmálanum sem kenndur er við Lissabon var horfið frá fyrri hugmyndum um stjórnarskrársáttmála en þess í stað farin hefðbundin leið með endurbótum á gildandi sáttmálum til þess að gera stofnanir hins stækkaða Evrópusambands, sem nú telur 27 ríki, starfhæfari, skilvirkari og lýðræðislegri.

Meðal mikilvægustu breytinga sem sáttmálinn felur í sér er að nýjar reglur verða teknar upp varðandi atkvæðavægi í ráðherraráði og gert ráð fyrir reglu um tvöfaldan meirihluta, þ.e. 55% aðildarríkja og 65% mannfjölda. Jafnframt verða fleiri svið en áður háð slíku meirihlutaatkvæði og krefjast því ekki samhljóða niðurstöðu allra aðildarríkja. Fjölgað er þeim málefnaviðum þar sem kjörnir meðlimir Evrópuþingsins taka ákvörðun um nýja löggjöf jafnframt ákvörðun ráðherraráðs. Þá er þjóðþingum aðildarríkjanna í fyrsta sinn veitt visst tækifæri til að hafa áhrif á Evrópulöggjöf með umsagnarrétti um löggjöf sem framkvæmdastjórnin leggur til. Komist þriðjungur þjóðþinga ESB að því að tillaga að löggjöf fari gegn nálægðarreglunni (e. principle of subsidiarity) ber framkvæmdastjórninni að skoða málið á nýjan leik. Fjöldi fulltrúa í framkvæmdastjórninni, sem nú er hinn sami og fjöldi aðildarríkja, verður lækkaður þannig að hverju sinni muni aðeins tveir-þriðju aðildarríkja skipa þar fulltrúa og skiptast á. Þá munu aðildarríkin skipa varanlega til tveggja og hálfis árs í senn forseta ráðherraráðsins í stað núverandi fyrirkomulags þar sem embættið flyst á hálfisárs fresti milli þeirra ríkja sem gegna formennsku í ráðherraráðinu hverju sinni. Loks má nefna að



með sáttmálanum er sett á stofn embætti háttsetts fulltrúa sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og verður sá sem því gegnir hverju sinni jafnframt varaforseti framkvæmdastjórnar ESB.

Með Lissabon sáttmálanum er þess vænst að lokið sé áralöngu karpi um stofnanabreytingar innan ESB. Sambandinu reynist því framvegis auðveldar að beina kröftum sínum að aðkallandi málefnum í þágu einstaklinga og fyrirtækja svo sem orku- og umhverfismálum, auknum hagvexti og atvinnusköpun, aukinni virkni innri markaðarins, alþjóðavæðingu, frekari stækkun sambandsins, vörnum gegn skipulögðum glæpum og hryðjuverkastarfsemi o.fl.

Mesta stækkun í sögu ESB kom til framkvæmda í maí 2004, með fjölgun aðildarríkja úr 15 í 25, þegar átta ríki Mið- og Austur-Evrópu gengu í sambandið auk Möltu og Kýpur. Kom samsvarandi stækkun á EES til framkvæmda frá sama tíma. Frá ársbyrjun 2007 fjölgaði aðildarríkjum ESB síðan í 27 með inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu. Sú stækkun kom þó ekki til framkvæmda fyrr en frá 1. ágúst 2007 innan EES vegna ágreinings um fjárframlög EFTA-landanna til uppbyggingar í þeim ríkjum sem lakast standa innan ESB. Skapaði þessi óvissa nokkra spennu í samskiptum innan EES og leiddi m.a. til þess að engar ákvarðanir voru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni um hríð auk tafa á þátttöku aðila í EFTA-ríkjunum í sameiginlegum þróunarverkefnum.

Í kjölfar nefndrar stækkunar ESB hefur minni umfjöllun verið um stækkunarmál á vettvangi þess. Tyrkland og Króatía eiga þó í formlegum aðildarviðræðum við ESB, en samskipti ESB og Tyrklands hafa af ýmsum ástæðum verið erfið að undanfögnu. Aðildarviðræður Króata hafa hins vegar gengið vel, en ólíklegt er þó að frekari stækkun ESB komi til framkvæmda fyrr en á árinu 2009 eftir að nýr sáttmáli ESB hefur verið samþykktur í aðildarlöndunum. Makedónía hefur hlotið viðurkenningu ESB sem mögulegt aðildarríki en hefur þó ekki hafið aðildarviðræður. Fleiri ríki á Balkanskaga bíða í röðinni með





að ljúka gerð samstarfssamninga við ESB sem er undanfari aðildarviðræðna.

Meðal löggjafarmála sem voru á dagskrá á umliðnu ári og hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulífið má nefna loftslags- og umhverfismál, en vægi þeirra hefur aukist í ESB á undanförunum árum, enda myndar ESB mikilvæga blokk í alþjóðasamstarfi í umhverfismálum. Hafa viðamiklar gerðir á sviði umhverfismála verið teknar inn í EES-samninginn á síðustu mánuðum og má þar m.a. nefna tilskipun um að koma á fót viðskiptakerfi með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Fjallað er nánar um umhverfismál í 7. kafla ársskýrslunnar.

Tillögu framkvæmdastjórnar ESB að nýrri stefnu í orkumálum hefur einnig borið hátt, en nán tengsl eru að sjálfsögðu á milli orku- og umhverfismála. Miðar stefnan að aukinni samkeppni, sjálfbærni og öruggu orkuframboði. Meðal markmiða fyrir ESB fram til ársins 2020 miðað við stöðuna 1990 er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda um 20%, auka skilvirki orkugjafa um 20%, að endurnýjanlegir orkugjafar sjái fyrir a.m.k. 20% orkunotkunar og að hlutdeild lífræns eldsneytis (biofuel) í eldsneyti ökutækja nái 10%. Þá hafa verið til umfjöllunar ýmsar tillögur um afnám hafta og aukna samkeppni í orkuvirki sem ætlað er að tryggja að neytendur hafi raunverulegt og skilvirkt val og að virkur innri markaður verði til á þessu sviði. Þessu tengt eru sérstakar atvinnugreinarannsóknir bæði framkvæmdastjórnar ESB og eftirlitsstofnunar EFTA sem staðfesta mikla samþjöppun á orkumörkuðum, lítil viðskipti yfir landamæri og litla endurnýjun í flutningakerfum, jafnframt því sem kröfur gildandi reglna um sundurgreiningu og lagalegan aðskilnað á eignarhaldi ólíkra rekstarþátta hafa ekki skilað tilætluðum árangri.

Framkvæmdastjórn ESB hefur unnið að endurmati á reglum um sameiginlega markaðinn. Þessu til undirbúnings var gerð ítarleg rannsókn á árangri innri markaðarins og hvar skorti helst á að hann hafi skilað sér. Niðurstaðan var kynnt í nóvember 2007 með viðtækum tillögum um margþættar umbætur undir fyrirsögninni sameiginlegi markaður 21. aldarinnar. Óumdeilt er að innri markaðurinn, sem EFTA-ríkin með aðild að EES taka virkan þátt í, er einhver merkasti árangur Evrópusamstarfsins sem um 500 milljónir íbúa aðildarlandanna og fyrirtæki sem þar starfa hafa almennt notið góðs af. Verulegur hluti nauðsynlegrar löggjafar er þegar til staðar, þótt í nýju tillögunum sé bent á ýmis svið þar sem

á skortir. Frumkvæðið að þessu sinni felur hins vegar í sér þá áherslubreytingu að í stað langra lista með tillögum að nýrri bindandi löggjöf er lögð til ný nálgun og tæki, þar sem annars vegar er leitast við að tryggja betur að gildandi reglur séu teknar upp í landslög og þeim framfylgt og hins vegar að hafa eftirlit með því að mikilvægir markaðir starfi með skilvirkum hætti þannig að grunnreglur innri markaðarins um frjáls vöru- og þjónustuviðskipti og samkeppni fái notið sín neytendum til hagsbóta. Þá er stefnt að auknum sveigjanleika varðandi eðli þeirrar löggjafar sem tekin verður upp, þannig að í stað bindandi löggjafar í formi reglugerða og tilskipana verði aukin áhersla á svonefnda mjúka löggjöf t.d. í formi til-mæla, samanburðar milli landa o.fl. og jafnframt horft meira til áhrifa nýrra reglna á atvinnulíf og neytendur. Er þessi stefna í anda Lissabon-markmiða um minni reglubyrði.

Meðal helstu áhersluatriða í tillögunum eru bætt staða neytenda og lítilla og meðalstórra fyrirtækja á innri markaðnum sem og leiðir til að auka skilvirki fjármálamarkaða á smásölusviði. Sem dæmi um sveigjanlegri nálgun en áður má nefna að í því skyni að afnema samkeppnishindrandi takmarkanir, á grundvelli þjórðernis eða búsetu, gegn því að einstaklingar geti opnað bankareikning í öðru ESB-ríki verður skorað á banka að gera nauðsynlegar breytingar til að afnema slíkar óeðlilegar hindranir. Tillaga að nýrri löggjöf verður því aðeins sett fram að ekki séu gerðar fullnægjandi umbætur af hálfu fjármálafyrirtækja.

Tillögur framkvæmdastjórnar ESB fela auk þess í sér aukna áherslu á félagslegan þátt innri markaðarins með hliðsjón af margháttuðum breytingum á félagslegum aðstæðum svo sem með auknu langlífi, breyttri fjölskyldugerð, auknu jafnrétti kynja, meiri hreyfanleika vegna búsetu og atvinnu, áskorunum vegna alþjóðavæðingar og aukinni fjölbreytni vegna stækkunar ESB. Loks er stefnt að utanríkisviðskiptastefnu þar sem styrkur innri markaðarins nýtist sem best til að tryggja aðildarlöndum sem bestan árangur á tímum alþjóðavæðingar og að ESB verði í auknum mæli mótandi t.d. varðandi staðla og viðskiptalöggjöf. Flestar breytingar sem leiða af nýrri stefnumörkun um innri markaðinn munu hafa áhrif á EES-samstarfið. Mun þar m.a. reyna á hve sveigjanlegur EES-samningurinn reynist gagnvart aukinni notkun „mjúkrar“ löggjafar, með hliðsjón af þeirri tiltölulega formbundnu lagalegu uppbyggingu sem samningurinn grundvallast á.



## 9.2. RÁÐGJAFARNEFNDIR EFTA OG EES

Ráðgjafarnefnd Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) er vettvangur samtaka úr atvinnulífi aðildarríkjanna. Nefndin fjallar um hvaðeina sem tengist starfssviði samtakanna, bæði fríverslunarsamninga og EES-samninginn. Gefur nefndin álit og ráðleggingar um slík málefni, með sérstöku tilliti til hagsmuna fyrirtækja og launafólks í EFTA ríkjunum, ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni ráðherra-ráðs EFTA eða fastanefndar aðildarríkjanna. Frá Íslandi eiga SA, SI, ASÍ, BSRB og Viðskiptaráð fulltrúa í nefndinni, en áheyrnarfulltrúi er frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Nefndin heldur alla jafna um fjóra fundi á ári innbyrðis auk árlegra funda með ráðherra EFTA ríkjanna og með fastanefnd EFTA. Þá myndar nefndin EFTA-hluta ráðgjafarnefndar EES, á móti efnahags- og félagsmálanefnd ESB. Nefndin hefur samráð við þingmannanefnd EFTA og halda nefndirnar sameiginlegan fund einu sinni til tvisvar á ári.

Á árinu 2007 hélt nefndin fjóra reglulega fundi. Árlegur fundur nefndarinnar með ráðherrum EFTA-ríkjanna var að þessu sinni haldinn í Vaduz í Liechtenstein í júní, en þar var einnig haldinn fundur nefndarinnar með þingmannanefnd EFTA. Tveir fulltrúar nefndarinnar tóku þátt í viðskiptaferð á vegum þingmannanefndar EFTA til Kanada í febrúar, en fríverslunarsamningur við Kanada var loks undirritaður síðar á árinu. Þá var í mars haldinn fundur ráðgjafarnefndar EFTA með fastanefnd EFTA-ríkjanna í Brussel og í desember hélt nefndin fund í Osló með norska iðnaðar- og viðskiptaráðherranum, sem gegndi þá forystu fyrir EFTA-löndunum.

Í maí var haldinn í Póllandi árlegur fundur ráðgjafarnefndar EES, en hún starfar á grundvelli ákvæða EES-samningsins og er skipuð níu fulltrúum ráðgjafarnefndar EFTA og jafn mörgum fulltrúum efnahags- og félagsmálanefndar ESB. Er hlutverk nefndarinnar að treysta tengsl milli aðila vinnuarkaðarins og annarra hagsmunaaðila í EES-ríkjunum sem og að fjalla um og setja fram álit á málefnum sem efst eru á baugi á vettvangi EES-samningsins. Samstarf hagsmunaaðila í EES-ríkjunum er síðan treyst enn frekar með frekari samskiptum og þátttöku hagsmunaaðila í EFTA-ríkjunum í fundum á vegum efnahags- og félagsmálanefndar ESB þar sem fjallað er um mál sem hafa mikla þýðingu fyrir hagsmunaaðila í EES-ríkjunum.

Ráðgjafarnefndin forgangsraðar verkefnum í sem nánustum tengslum við hagsmuni aðildarríkjanna og viðfangsefni ESB hverju sinni. Meðal málefna sem ráðgjafarnefnd EFTA ályktaði um eða lét til sín taka á árinu 2007 voru viðræður EFTA við þriðju lönd um fríverslunarsamning, orku- og loftslagsmál, þróunarsjóðir EFTA og Noregs, endurskoðun reglna um innri markaðinn, stefnumörkun varðandi vinnuarkaðinn, endurnýjun stofnsáttmála ESB, Lissabon-ferlið um hagvöxt og atvinnusköpun, norðlæg vídd í Evrópusamstarfi, frjáls för starfsmanna og búferlaflutningar.

## 9.3. EVRÓPUFUNDIR Á VEGUM STJÓRNAR SA

Samtök atvinnulífsins gengust fyrir umræðufundi um gjaldmiðilmál sem fram fór þann 17. janúar og þann 31. janúar var haldinn hliðstæður fundur um Ísland og Evrópusambandið. Voru fundirnir liður í umræðu SA og aðildarfélaga þeirra um Evrópumál og stöðu krónunnar sem gjaldmiðils, en innan stjórnar SA hafa verið sterkar raddir um að æskilegt væri að Íslendingar taki upp evru sem gjaldmiðil. Um þetta hefur hins vegar ekki verið samstaða innan samtakanna og þau því ekki sett það fram sem stefnu sína. Í byrjun október beindi stjórn SA því hins vegar til allra aðildarsamtakanna að taka gjaldmiðilmálið til umfjöllunar.

Frummælendur á fundi um gjaldmiðilmál voru Daniel Gros, framkvæmdastjóri Center for European Policy Studies, Arnór Sighvatsson, aðal-  
hagfræðingur Seðlabanka Íslands, Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings og Guðmundur Magnússon, prófessor emeritus og fyrrverandi rektor Háskóla Íslands. Meðal þess sem fram kom í máli þeirra var að hagstætt gæti verið fyrir Íslendinga að taka upp evru og hægt væri að gera slíkt án aðildar að ESB. Sjálfstæðum gjaldmiðli í jafn litlu landi og Íslandi fylgi umtalsverður fórnarkostnaður og ávinningur sjálfstæðrar peningastefnu væri minni en kostnaðurinn sem henni fylgdi. Upptaka evru væri eðlilegt framhald af alþjóðavæðingu landsins og yki milliríkjavíðskipti, samkeppni og stöðugleika. Peningalegt sjálfstæði þjóðarinnar með íslensku krónuna væri hins vegar skynvilla þar sem sveiflur kæmu að mestu að utan.

Á fundi um Ísland og Evrópusambandið voru frummælendur Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra, Michael Emerson, sérfræðingur frá Center for European Policy Studies, Katrín Júlíusdóttir, formaður þingmannanefndar EES og Edda Rós







Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

Björn Bjarnason kynnti helstu niðurstöður skýrslu Evrópunefndar forsætisráðherra, en hann var formaður nefndarinnar. Kom í máli Björns skýrt fram að það væri mat hans að hagsmunum Íslendinga væri betur borgið utan ESB en innan og möguleikar þjóðarinnar til að hafa áhrif á stefnumál ESB væru meiri utan sambandsins. Michael Emerson fór yfir mögulega framtíðarþróun ESB næstu ár og áratugi, en vék einnig að evrunni og áhrifum hennar og sagði það alveg ljóst að á tímum fjármála-óstöðugleika eins og nú ríkti væri það jákvætt fyrir lönd Evrópu að njóta evrunnar. Katrín Júlíusdóttir kynnti helstu niðurstöður þingmannanefndar EES um framtíðarhorfur Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og fór yfir helstu breytingar sem átt hafa sér stað á vettvangi EES og ESB frá árinu 1992 en ESB ríkjum hefur fjölgað úr 12 í 27 á þessum tíma. Velti Katrín upp þeirri spurningu hvort ekki væri orðið tímabært að endurskoða EES samninginn. Edda Rós Karlsdóttir flutti erindi um íslensku bankana, krónuna og evruna og sagði krónuna hafa komið sér vel í upphafi útrásar bankanna, en í kjölfar útrásar þeirra væri hlutfallslega dýrt að reka krónubanka. Miklar og viðvarandi sveiflur í hagkerfinu og hár vaxtamunur við útlönd gerðu það ennfremur að verkum að íslenska krónan er í dag flokkuð meðal nýmarkaðsmynta – sem væri áhættuþáttur í sjálfu sér.

#### 9.4. SAMRÁÐ OG AÐILD AÐ EVRÓPSKUM KJARASAMNINGUM

Framkvæmdastjórnin telur að endurskoða þurfi tilskipunina um Evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum sem starfa í a.m.k. tveimur ríkjum ESB og innleidd hefur verið hér á landi með lögum nr. 61/1999. Í framhaldi af lögbundnu samráði framkvæmdastjórnarinnar við aðildarsamtök vinnumarkaðarins í Evrópu hafa BUSINESS-EUROPE og ETUC, Evrópusamtök verkalýðsfélaga, fallist á að hefja viðræður sín á milli um slíka endurskoðun. BUSINESS-EUROPE tók jafnframt fram að með vísan til praktískrar reynslu af starfrækslu slíkra samstarfsráða sé markmiðið að ná fram breytingum á lagarammanum sem stuðla í reynd að bættri starfsemi ráðanna. Aðilar vinnumarkaðarins í Evrópu séu best fallnir til að takast á við slíka endurskoðun á árangursríkan hátt. Aðilar hafa 9 mánuði til að ná samningi sín á milli án afskipta framkvæmdastjórnarinnar. Hafi þeir ekki náð samningum að

þeim tíma liðnum getur framkvæmdastjórnin undirbúið lagasetningu.

#### Verkefnastjóri Evrópumála hjá SA

Nýlega hefur verið ráðinn verkefnastjóri Evrópumála á stefnumótunar- og samskiptasviði Samtaka atvinnulífsins og er þar um nýtt starf að ræða. Verkefnin snúa m.a. að því að fylgja eftir hagsmunamálum atvinnulífsins í tengslum við þær breytingar sem á hverjum tíma er verið að vinna að á Evrópulöggjöfni, vera íslenskum fyrirtækjum innan handar í Brussel, viðhalda tengslaneti innan stjórnkerfisins hér á landi, aðildarsamtaka SA, einstakra fyrirtækja og víðar ásamt því að vera tengiliður íslensks atvinnulífs við stjórnvöld í Brussel.

#### Innleiðing Evrópusamninga hér á landi

SA og ASÍ undirrituðu 7. júní 2007 samkomulag um starfstengda streitu til innleiðingar ramma-samnings BUSINESS-EUROPE og ETUC um sama efni frá 8. október 2004. Markmið samkomulagsins er að auka vitund og skilning atvinnurekenda og starfsmanna á starfstengdri streitu til að brugðist verði við slíkum vandamálum sem er áhættuþáttur varðandi öryggi og heilbrigði á vinnustað.

#### 9.5. BUSINESS-EUROPE – EVRÓPU-SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins eru aðilar að Evrópusamtökum atvinnulífsins, BUSINESS-EUROPE, en samtökin hafa aðsetur í Brussel. Aðildarfélag BUSINESS-EUROPE eru 39 og koma þau frá 33 Evrópulöndum. Ekki er skilyrði fyrir aðild að aðildarfélag komi frá Evrópusambandsríki, en gerð eru skilyrði um tiltekin tengsl í þá átt og eru Ísland, Noregur og Sviss dæmi um slík lönd.

BUSINESS-EUROPE leggja líkt og undanfarin ár aðaláherslu á samkeppnishæfni Evrópu. Meiri hagvöxtur, fleiri störf og aukinn stuðningur við nýsköpun og tækniþróun fyrirtækja er á meðal þess sem atvinnulífið kallar eftir. Þá er nauðsynlegt að innri markaðurinn virki vel, en hægt er að efla hann m.a. með virkri eftirfylgni reglna og með því að fjarlægja hindranir sem kunna að vera á frjálsum flæði vara, þjónustu, fólks og fjármagns á milli ríkjanna. Þá hafa samtökin talað fyrir auknum sveigjanleika á vinnumarkaði í aðildarríkjum til að fjölga vinnandi fólki og fá það til að vinna lengur. Auk þess verði að laga lífeyriskerfi Evrópubúa að nýjum aðstæðum vegna breyttrar aldursrasmætninga. Á alþjóðavettvangi leggja samtökin

ríka áherslu á baráttu gegn verndarstefnu ríkja og opnun markaða ríkja heims, bæði á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og með annars konar samningum. Sá málaflokkur sem hefur borið höfuð og herðar yfir aðra á þessu ári eru umhverfis- og orkumál.

BUSINESSEUROPE vinna mjög ótullega að því að koma sjónarmiðum atvinnulífsins á framfæri við framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþingið og aðrar valdastofnanir í Evrópu.

## 9.6. EVRÓPUSKRIFSTOFA SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins hafa undanfarin ár haldið úti skrifstofu í Brussel, Evrópuskrifstofu SA þar sem starfar einn starfsmaður. Nú hefur verið ráðinn sérstakur verkefnastjóri Evrópumála að auki sem sinnir starfi sínu að hluta í Brussel og að hluta á Íslandi.

Innan BUSINESSEUROPE starfa sjö stefnumótunarnefndir og hefur stefna Evrópuskrifstofunnar verið sú að sækja fundi þeirra, en hver nefnd hittist 3-4 sinnum á ári. Þannig gefst góð yfirsýn yfir þau málefni sem til umræðu eru. Sérfræðingar frá Íslandi mæta einnig reglulega á þessa nefndarfundi, en megináhersla hefur verið á þátttöku í fundum félagsmálanefndar, umhverfisnefndar og nefndar um málefni innri markaðarins.

Undir hverja stefnumótunarnefnd heyra fjölmargir vinnuhópar. Þessir vinnuhópar eru að jafnaði með afmörkuð umfjöllunarefni. Sem dæmi um vinnuhóp má nefna starfshóp um öryggi og heilbrigði á vinnustað, vinnuhóp um úrgangsmál, starfshóp um skattamál, starfshóp um hóp málsóknir, starfshóp um þjónustutillskiptunina, starfshóp um neytendamál, starfshópa um loftslags- og orkumál, starfshóp um minni reglubyrði, starfshóp um fyrirtækjalöggjöf og starfshóp um jafnrétti. Sækja sérfræðingar frá SA eða aðildarfélögum þeirra fundi í vinnuhópunum þegar tilefni eru til, auk þess sem starfsmaður Evrópuskrifstofunnar hefur tekið þátt í vinnu nokkurra þeirra.

Starfsemi Evrópuskrifstofu SA mótast mjög af því starfi sem fram fer hjá BUSINESSEUROPE. Með þátttöku í starfinu þar gefst mikilvægt tækifæri til þess að taka þátt í að móta löggjöf ESB, en jafnframt fæst í gegnum Evrópusamtökin greiður aðgangur að upplýsingum um það sem efst er á baugi í ESB og um það sem framundan er. Evrópuskrifstofan miðlar þessum upplýsingum til íslensks atvinnulífs en skrifstofan hefur einnig sinnt málefnum tengdum

stofnunum Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Friverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), auk þess sem skiptst er á upplýsingum við íslensku sendinefndina í Brussel eins oft og tækifæri gefst til.

## 9.7. ALPJÓÐAVINNUMÁLASTOFNUNIN – ILO

Þríhliða samráðsnefnd félagsmálaráðuneytisins um málefni ILO sem í eiga sæti fulltrúar SA og ASÍ fjallaði samkvæmt venju um framkvæmd alþjóðasamþykktar stofnunarinnar hér á landi og mögulega fullgildingu á samþykktum stofnunarinnar. Eins og fram kemur í síðustu ársskýrslu var fullgilding ILO samþykktar nr. 158 um uppsögn starfs þá til umræðu í nefndinni að kröfu ASÍ og lagðist SA eindregið gegn fullgildingu samþykktarinnar. Grundvallarágreiðingur var um þetta atriði. SA töldu reglur samþykktarinnar þess eðlis að fullgilding hennar myndi draga mjög verulega úr sveigjanleika íslensks atvinnulífs. Þessi deila var til lykta leidd í kjarasamningum SA og ASÍ þann 27. febrúar með samkomulagi um rétt starfsmanna til upplýsinga um ástæður uppsagnar.

## 9.8. FASTANEFND NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Fundur var haldinn í fastanefnd forystumanna í heildarsamtökum norrænna atvinnurekenda í ágúst í Osló. Norsku atvinnurekendasamtökin stóðu fyrir fundinum. Samtök vinnuveitenda og iðnrekenda hafa verið sameinuð í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð en ekki á Íslandi og í Danmörku. Þessi samtök hafa hins vegar fundað sameiginlega síðustu ár. Fjallað var um allmörg mál á fundinum

Framsaga SA og SI var kynning á nýrri sameiginlegri skýrslu um vel heppnaða norræna nýsköpun *The Nordic Recipe for Successful Innovation* en íslensku samtökin leiddu starfið við gerð skýrslunnar. Ákveðið var að halda áfram gerð skýrslna af þessu tagi og ákveðið var að rita tvær skýrslur um vinnumarkaðsmál. Annars vegar um gerð kjarasamninga á Norðurlöndunum og hins vegar um hvernig fjölga megi fólki á norrænum vinnumarkaði. Skýrslurnar verða kynntar á næsta fundi nefndarinnar sem fer fram á Íslandi 28. og 29. ágúst.

## 9.9. LÖGFRÆÐIMÓT NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Lögfræðingamótið var haldið í Oulu í Finnlandi 22.-24. ágúst. Aðalefni fundarins var umfjöllun um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum. Til-





skipun Evrópusambandsins um þetta efni setur lágmarksreglur sem öllum EES ríkjum ber að virða. Reglurnar eru að öðru leyti mismunandi milli landa þar sem löggjöf um þetta efni var áður í gildi í mörgum þeirra. Íslensku lögin eru nr. 151/2006. Í Danmörku er þessum málum á hinn bóginn skipað með kjarasamningum. Hver samtök skiluðu að venju ítarlegri skýrslu um réttarstöðuna í sínu landi. Á fundinum var auk þess fjallað um breytingar á löggjöf og dómaframkvæmd. Sú umfjöllun gaf gott yfirlit yfir réttarþróunina í vinnurétti.

### 9.10. ÁRSFUNDUR HAGDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Ársfundurinn var haldinn í Fredensholm í Danmörku um miðjan ágúst 2006. Fastur liður á þessum fundum er að fjalla um stöðu efnahags- og kjaramála í hverju landi en einnig er fjallað um efni sem hvert land velur sjálf. Samtökin hafa ákveðið að einn fulltrúi norrænu ríkjanna komi fram fyrir hönd þeirra allra í starfi hagstofu ESB við þróun staðtalna um vinnumarkaðinn og hafa Danir sinnt því um nokkurra ára skeið. Þar undir falla m.a. tölur um tekjumun kynja, „Gender Pay Gap“. Á fundinum kynntu Svíar m.a. rannsókn þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að kaupmáttarþróun var jákvæðari í fyrirtækjum þar sem launamunur milli starfsmanna var tiltölulega mikill en þar sem hann var lítil. Var dregin sú ályktun að ávinningurinn af þeirri stefnu verkalýðshreyfingarinnar, að leitast við að minnka launamun, leiddi til þess að launafólk í heild hefði það lakara. Það væri goðsögn að það væri láglaunafólki í hag að hækka lægstu laun sérstaklega. Danir fjölluðu einnig um áhrif aukinnar launadreifingar samfara meiri valddreifingu í launaákvörðunum (decentralisering) og Norðmenn fjölluðu um áhrif þess að laun forstjóra og annarra stjórnenda hækkuðu meira en annarra á launþróun almennt. Íslendingar fjölluðu um vaxandi fjölda örorkulífeyrisþega og viðbrögð stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar við þeirri þróun.

### 9.11. FUNDIR UMHVERFISDEILDA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Fundur ársins 2007 var haldinn í Reykjavík 1.-2. maí. Fundurinn var samstarfsverkefni SA og SI. Fjallað var um fjölmörg mál sem ofarlega eru á baugi í löndunum. Efst á baugi eru þó loftslagsmál og möguleikar til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda. Fjallað var um efna- og

efnavörureglugerð ESB (REACH) og innleiðingu hennar. NHO í Noregi hefur gefið út fræðsluefni á þessu sviði sem önnur samtök geta nýtt sér. Væntanleg er á árinu 2008 ný úrgangstilskipun frá ESB auk þess sem sambandið hefur sent frá sér stefnumörkun um málefni hafsins. Næsti fundur umhverfisdeildanna verður í Noregi 2008.

### 9.12. FUNDUR SAMSKIPTASVIÐA NORRÆNU ATVINNUREKENDASAMTAKANNA

Forstöðumenn samskiptasviða norrænu atvinnurekendasmatakatanna funduðu í Longyearbyen á Svalbarða í lok júní til þess að bera saman bækur um áherslur og vinnubrögð. Í öllum löndunum fimm starfa samtök atvinnurekenda m.a. að því að halda uppi öflugri og upplýsandi umræðu um mikilvægi atvinnulífsins og að því sé búið samkeppnishæft starfsumhverfi.

Fjallað var um umhverfis- og orkumál, aðgang erlends starfsfólks að vinnuökuðum landanna, áherslur í menntamálum, jafnréttismál og sameiginleg útgáfuverkefni (*sjá kafla 11 um útgáfumál*) og margt fleira. Næsti fundur samskiptasviðanna mun fara fram á Gotlandi.

### 9.13. AF STARFI NEMIA

SA eiga aðild að gagnkvæmu váttryggingarfélagi norrænu atvinnurekendasmatakatanna, *Nordic Employers Mutual Insurance Association*. Hlutverk félagsins er að endurtryggja tjónsáhættu vinnudeilusjóða smatakatanna vegna bótagreiðslna í tengslum við vinnustöðvanir. Félagið starfar í Lúxemborg og réttur til félagsaðildar er bundinn við hin fimm norrænu samtök vinnuveitenda. Vinnudeilusjóður SA (VDS) greiðir árgjald til NEMIA sem nam rúmlega 3 m.kr. í fyrra.

### 9.14. SAMRÁÐSFUNDUR NORRÆNNA ATVINNUREKENDASAMTAKA FJÁRMÁLA- OG TRYGGINGA-FYRIRTÆKJA

Fundurinn var haldinn í Stokkhólmi í lok ágúst. Á dagskrá voru umræður um menntun og stefnu í ráðningarmálum og hvort samtökin eigi að halda áfram söfnun tölfraeðiupplýsinga hvað varðar þau mál. Rætt var um framkvæmd verkfalla með hliðsjón af reynslu Norðmanna í bankaverkfallinu 2006, samskipti við stéttarfélög og minnkandi þátttöku í stéttarfélögum í flestum öðrum löndum en á Íslandi og hvaða áhrif þessi þróun getur haft á kjarasamningsumhverfið.

# MENNTAMÁL

Í menntastarfi Samtaka atvinnulífsins bar hæst á síðasta starfsári menntaáherslur sem aðilar vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin komu sér saman um í kjarasamningum sem undirritaðir voru í febrúar 2008 – greiðslur í fræðslusjóði hækka og sett eru markmið um menntunarstig á íslenskum vinnumarkaði. Stjórnarfrumvörp um leik-, grunn- og framhaldsskólastigið auk frumvarps um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna á þessum skólastigum komu fram og vöktu viðbrögð en með frumvörpunum fjórum eru gerðar veigamiklar breytingar á formlega skólakerfinu.

Samtök atvinnulífsins, aðildarsamtök þeirra og félagsmenn sinntu einnig mennta og fræðslumálum með margvislegum öðrum hætti, meðal annars í gegnum fræðslusjóði, fræðslustofnanir atvinnulífsins, í samstarfi um starfsmenntun og sámenntun og með aðild að háskólum og stofnunum á þeirra vegum.

Menntahópur SA sem er skipaður starfsfólki SA, fulltrúum aðildarfélaganna og áhugafólki úr atvinnulífinu fjallar um stefnu samtakanna í menntamálum. Menntastefnan er birt í stefnumörkun samtakanna, *Áherslum atvinnulífsins* og útfærslu hennar má m.a. kynna sér í umsögnum samtakanna um frumvörp til laga í menntamálum. Menntahópur SA hélt tvo fundi á starfsárinu 2007–2008, á þeim fyrri var einkum fjallað um framhaldsskólafrumvarpið en á hinum síðari um niðurstöðu kjarasamninga hvað varðar menntamál og fræðslumál. Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög þeirra skiluðu sameiginlega umsögn til menntamálanefndar Alþingis um framhaldsskólafrumvarpið, ennfremur skilaði SA umsögn um frumvörp um leikskóla, grunnskóla og menntun og ráðningu kennara og skólastjórna á skólastigunum þremur.

## 10.1. FRÆÐSLUSJÓÐIR

Samtök atvinnulífsins hafa frá árinu 2000 starfrækt fræðslusjóði í samstarfi við helstu viðsemjendur sína, einkum til að sinna starfsfræðsluþörfum ófaglærðs starfsfólks á vinnumarkaði. Sjóðirnir eru nú fjórir: *Starfsafl* – sjóður Flóabandalagsins og SA, *Landsmennt* – sjóður Starfsgreinasambandsins og SA, *Starfsmennta-sjóður verslunar- og skrifstofufólks* – Sjóður VR, Landssambands íslenskra verslunarmanna og SA og *Sjómennt* – sjóður Sjómannasambandsins og SA sem tók til starfa 2002.

Starfsafl og Landsmennt voru fyrstu árin fjármagnaðir af Atvinnuleysistryggingasjóði þangað sem atvinnurekendur greiða trygginga-

gjald og með framlagi stéttarféлага. Tímamót urðu í lok árs 2007 sem var síðasta árið sem sjóðirnir eru fjármagnaðir að hluta í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð, en í kjarasamningum vorið 2004 var samið um beinar greiðslur atvinnurekenda í þessa sjóði. Frá 1. janúar 2006 er gjaldið 0,05% af launum, síðan 0,15% frá 1. janúar 2007. Í samningunum í febrúar 2008 var gjaldið hækkað í 0,20% frá 1. júní 2008 að telja. Sjómennt er fjármögnuð með framlagi úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Á árinu 2007 námu styrkveitingar Starfsafls alls 45,6 milljónum króna. Um 1.300 einstaklingar fengu styrki til náms. Þó styrkir væru umtalsvert fleiri til íslenskunáms einstaklinga árið 2007 en árið áður, var heildarupphæðin til íslenskukennslu lægri en 2006 og munar verulega um framlag menntamálaráðuneytisins til íslenskukennslu sem lækkar umtalsvert útgjöld fræðslusjóða atvinnulífsins til þessa verkefnis. Heildarupphæð einstaklingsstyrkja var 33,5 milljónir króna, þar af fóru um 40% í íslenskukennsluna. Styrkir til fyrirtækja námu rúmlega 10 milljónum króna, sem er ríflega 100% aukning frá árinu áður. Þar af fóru rúm 20% af því fé til íslenskukennslu en það hlutfall var 65% árið áður, vegna aukinna styrkja menntamálaráðuneytisins árið 2007. Styrkir til annarra fræðsluverkefna námu um 2 milljónum árið 2007.

Úr Landsmennt voru veittir 1.616 einstaklingsstyrkir samtals að upphæð 39 milljónir króna. Þá fengu 63 verkefni hjá fyrirtækjum á árinu styrki sem námu samtals rúmlega 10,4 milljónum. Tæpur helmingur fjölda styrkja til fyrirtækja voru vegna íslenskukennslu fyrir útlendinga. Samtals voru því veittir styrkir hjá Landsmennt sem námu samtals tæplega 50 milljónum króna.







Heildarframlög úr Atvinnuleysistrygginga-sjóði til Sjómenntar á árunum 2004–2007 nema 45 milljónum króna. Árið 2007 greiddi Sjómennt alls um tvær milljónir í styrki til 48 einstaklinga og rúmlega 1,1 milljón króna vegna tveggja fræðsluverkefna innan fyrirtækja.

Atvinnurekendur hafa frá upphafi greitt 0,15% starfsmenntagjald af félagsmönnum innan Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og aðildarfélag Landssambands íslenskra verzlunarmanna til Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Framlagið hækkar 1. júní 2008 í 0,20% í samræmi við nýgerðan kjarasamning. Stéttarfélagin greiða mótframlag sem svarar einum fjórða af framlagi atvinnurekenda en það var þriðjungur. Fyrirtæki með virka endurmenntunarstefnu geta sótt um að greiða lægra gjald; 0,10% í stað 0,20%. Meginhluti fjár sem úthlutað er úr sjóðnum fer í að styrkja einstaklinga til náms en fyrirtæki innan SA geta einnig sótt um styrki til sjóðsins vegna starfs- og endurmenntunar starfsmanna sinna. Niðurstöðutölur um úthlutun 2007 liggja ekki fyrir.

Fólki sem kemur til Íslands til lengri eða skemmri dvalar til starfa hefur fjölgað mjög. Þó svo að nokkuð drægi úr aukningu undanfarinna ára á árinu 2007 var hún samt umtalsverð og er hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarfjölda íbúa nú hærra hér en í hinum norrænu ríkjum. Einstaklingar með erlent ríkisfang hér á landi eru nú um 6,8% af íbúum landsins. Í árslok 2007 voru þeir rúmlega 21.400. Árið 1998, fyrir 10 árum, flutti hingað um fjórðungur þess fjölda eða rúmlega 5.600 manns, þá var hlutfall fólks með erlent ríkisfang af íbúafjölda landsins 2,1%.

Eins og fram kom í ársskýrslu SA 2006–2007 fóru Samtök atvinnulífsins og Starfsgreinasamband Íslands þess á leit við ríkisstjórnina með bréfi í lok árs 2006 að stjórnvöld tækju aukna ábyrgð á íslenskukennslu útlendinga. Starfsmenntasjóðirnir, Landsmennt og Starfsafl höfðu undanfarin ár varið æ meira fé í verkefnið og höfðu samtökin efasemdir um að sjóðum sem ætlað var að sinna starfsfræðslu og sí- og endurmenntun ófaglærðs fólks á vinnumarkaði bæri að standa undir þessari kennslu í þeim mæli sem raun bar vitni.

Tungumálakunnátta er brýnt verkefni og grundvallarforsenda fyrir fullri þátttöku og aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Ríkisstjórnin ákvað því í nóvember 2006 að stofna til sérstaks verkefnis um íslenskukennslu fyrir

útlendinga. Gert var ráð fyrir að kenna allt að 2.000 manns á ári, og áhersla lögð á nám sem mætir þörfum byrjenda í íslensku, óháð bakgrunni þeirra. Á árinu 2007 voru lagðar 200 milljónir króna úr ríkissjóði til verkefnisins og auglýst eftir umsóknum um vorið og síðla hausts. Fram kom að mikil eftirspurn er eftir fé til íslenskukennslu útlendinga og þörfin mikil. Starfsmenntasjóðirnir munu koma áfram að því verkefni eins og sjá má af úthlutunum þeirra árið 2007.

## 10.2. FRÆDSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002. Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur þeirra sem að henni standa um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. FA er fyrst og fremst ætlað að sinna þeim hópi fólks sem ekki hefur lokið framhaldsskóla og var í upphafi ætlað að skilgreina menntunarfærir fyrirtækja, starfsstétta og einstaklinga og byggja upp framboð á gæðavottuðu námi fyrir markhópin, námi sem fengist metið til eininga innan hins formlega skólakerfis. Mikilvægt hlutverk er einnig að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og þeirri færni sem fólk hefur aflað sér utan skóla, meðal annars á vinnumarkaði.

Á nýliðnu ári gerði ParX viðskiptaráðgjöf IBM úttekt á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) að beiðni Menntamálaráðuneytisins. Úttektin sýnir að tekist hefur að ná markmiðum með starfsemi FA. Úttektin er afar jákvæð fyrir Fræðslumiðstöðina og starfið sem þar er unnið. Faglegur árangur af starfi FA þykir umtalsverður og fyrirkomulag hefur reynst vel. Samstarf FA við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og Mími símenntun hefur gengið vel og námsframboð fyrir markhópin er gott. Þróun aðferða við mat á raunfærni, óformlegu námi og námsárangri hefur einnig gengið vel.

Úttekt ParX er mikilvægt innlegg í umræðu um þau viðamiklu verkefni á sviði fullorðinsfræðslu sem FA hafa verið falin og felast í innri stefnumótun Fræðslumiðstöðvarinnar. Þar sem búist er við að tenging fullorðinsfræðslu og endurmenntunar við íslenskt atvinnulíf muni enn aukast, skiptir þessi faglega viðurkenning á starfi FA miklu. Með starfi FA að mati á raunfærni þeirra sem ekki hafa lokið námi á framhaldsskólastigi hefur verið brotið blað og eru miklar





vonir bundnar við þau tilraunaverkefni sem nú er unnið að. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við kjarasamninga er m.a. kveðið á um að framlög til símenntunar og fullorðinsfræðslu sem nýtist fólki á vinnumarkaði verði aukin í jöfnum framlögum um 300 milljónum króna á næstu tveimur árum. Þessu fé verður varið til að efla náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat og verður það starf unnið með tilstyrk FA.

Menntamálaráðherra hefur boðað að lagt verði fram í vor frumvarp um fullorðinsfræðslu og er þess beðið með eftirvæntingu. Ætla má að það muni m.a. skýra verkaskiptinu í fullorðinsfræðslu og spegla þá samstöðu sem náðist í aðdraganda kjarasamninga, en um hana segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

„Ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um eftirfarandi ráðstafanir og áherslur á sviði menntamála, með sérstakri skírskotun til menntunar fólks á vinnumarkaði með takmarkaða menntun:

- Stefnt verði að því að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Markvisst verði unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun. Þá eru fyrirhugaðar umbætur á framhaldsskólastigi sem leiða til þess að fleiri finni sér námsleiðir við hæfi og ljúki skilgreindu lokaprófi á framhaldsskólastigi.
- Í undirbúningi er löggjöf sem tryggir að allir hafi tækifæri til menntunar að loknu grunnskólanámi þar sem jafnræðis sé gætt varðandi kostnaðarþátttöku hins opinbera. Samræmi verður tryggt í fjárhagslegum stuðningi ríkisins við nám á framhaldsstigi, háskólastigi og við starfsmenntanám.
- Útlánareglur Lánasjóðs Íslenskra Námsmanna verða yfirfarnar með það að markmiði að gæta jafnræðis milli einstaklinga og hópa varðandi tækifæri til menntunar. Í samræmi

við boðaða stefnu ríkisstjórnarinnar verður þess gætt að kostnaður nemenda á framhaldsskólastigi vegna skráningar- og efnisgjalda verði óverulegur og haldið í algjöru lágmarki.

### 10.3. MENNT

Mennt sem er samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla var stofnuð 1998 til að vera vettvangur fyrir samræður aðila vinnumarkaðarins og skóla um menntamál. Breytingar á starfsumhverfi Menntar urðu til þess að ákveðið var 2006 að endurskipuleggja starfsemina. Á árinu 2007 kom í ljós að fjárhagsstaða Menntar var önnur og verri en gert hafði verið ráð fyrir. Var ákveðið að gera upp skuldir og leggja alla starfsemi niður á aðalfundi í lok nóvember 2007. Stjórn félagsins stefnir að því lokið verði við að ganga frá öllum lausum endum um mitt ár 2008.

### 10.4. STARFSMENNTARÁÐ

Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum frá 1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Tilgangur ráðsins er að efla starfsmenntun í landinu og úthlutar það meðal annars starfsmenntastyrkjum til menntastofnana og fyrirtækja. Undanfarið ár hefur starfsmenntasjóður Starfsmenntaráðs árlega af fjárlögum um 60 milljónir króna. Árið 2007 var úthlutað styrkjum til 25 aðila samtals að upphæð rúmar 48 milljónir króna en heildarumsóknir voru um langt í fjórfalda þá upphæð. Þegar þetta er ritað er unnið að afgreiðslu ráðsins fyrir 2008.

### 10.5. STARFSMENNTAVERÐLAUNIN

Á hverju ári verðlaunar Starfsmenntaráð þá sem unnið hafa framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar og vill þannig vekja athygli á mikilvægi starfsmenntunar og því sem vel er gert á því sviði. Starfsmenntaverðlaunin 2007 hlutu Ícelandair í flokki fyrirtækja, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum í flokki fræðsluaðila og Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, fyrrverandi formaður starfsmannafélagsins Sóknar og fyrrverandi varaformaður Eflingar-stéttarfélags í opnum flokki.

### FULLTRÚAR SA Í NEFNDUM OG RÁÐUM Á SVIÐI MENNTAMÁLA

#### Starfsmenntaráð

Aðalm: Gústaf Adolf Skúlason, Samorka

Aðalm: Ingi Bogi Bogason, SI

Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.





Varam: Jón H. Magnússon, SA  
 Varam: Guðbergur Rúnarsson, SF  
 Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

#### Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA  
 Aðalm: Sigríður Guðjónsdóttir, SVÞ  
 Aðalm: Grétar Halldórsson, Ístak hf  
 Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

#### Starfsmenntasjóður verslunarmanna

Aðalm: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS hf.  
 Aðalm: Sigurður Jónsson, SVÞ  
 Aðalm: Svanur Valgeirsson, Bónus  
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA  
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI

#### Landsmennt – Starfsmenntasjóður (SGS)

Aðalm: Arnar Sigurmundsson, SF  
 Aðalm: Guðrún S. Eyjólfsdóttir, SA  
 Aðalm: Unnur Halldórsdóttir, Hótel Hamar  
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI  
 Varam: Ragnar Árnason, SA

#### Starfsafl – Starfsmenntasjóður Flóa

Aðalm: María Guðmundsdóttir, SAF  
 Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA  
 Aðalm: Árni Ingi Stefánsson, ÍAV  
 Varam: Hannes G. Sigurðsson, SA  
 Varam: Ragnar Árnason, SA

#### Rannsóknarþjónusta Háskóla Íslands – stjórn

Aðalm: Bragi Bergsteinsson, SF  
 Aðalm: Inga S. Þórarinsdóttir, Vodafone  
 Aðalm: Júlíus Kristinsson, ORF

#### Háskólinn í Reykjavík – stjórn

Aðalm: Sjöfn Sigurgísladóttir, Matís  
 Varam: Eggert Guðmundsson, HB Granda hf.

#### Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

#### Vísinda- og tækniráð

Aðalm: Kristinn Andersen, Marel hf.  
 Aðalm: Pétur Reimarsson, SA  
 Varam: Hilmar Janusson, Össuri  
 Varam: Kristján Þórarinsson, LÍÚ

#### Háskólinn á Bifröst – stjórn

Aðalm: Guðjón Rúnarsson, SFF  
 Aðalm: Finnur Árnason, Hagkaup hf.  
 Varam: Atli Atlason, Kaupþing banki hf.  
 Varam: Ásbjörn Gíslason, Samskip hf.

#### Vöxtur og væntanleg fjárförf Háskólans á Hólum til ársins 2010

Vilhjálmur Egilsson, SA

#### Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands

Aðalm: Stefán Kalmannsson,  
 Viðskiptaháskólanum Bifröst  
 Varam: Stefán Logi Haraldsson,  
 Vírnet Garðastál hf.

#### Ungir frumkvöðlar JA

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

#### Fagræð verslunar- og þjónustugreina

Aðalm: Sigríður Anna Guðjónsdóttir, SVÞ  
 Aðalm: Arndís Arnardóttir, Hagkaup  
 Varam: Sigurður Jónsson, SVÞ  
 Varam: Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS

#### Starfsgreinaráð menntamálaráðuneytis

SA skipar 22 aðalmenn og varamenn þeirra í eftirtalin 9 starfsgreinaráð:

Bygginga- og mannvirkjagreinar  
 Farartækja- og flutningsgreinar  
 Hönnunar- og handverksgreinar  
 Matvæla-, og veitinga- ferðaþjónustugreinar  
 Málm-, véltækni- og framleiðslugreinar  
 Sjávarútvegs- og siglingagreinar  
 Skrifstofu- og verslunargreinar  
 Snyrtigreinar  
 Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

#### Dómnefnd starfsmenntaverðlauna

Guðrún Eyjólfsdóttir, SA

#### Mennt

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA  
 Aðalm: Jónína Gissurardóttir, SA  
 Varam: Ingi Bogi Bogason, SI  
 Varam: Emil Karlsson, Rannsóknasetur  
 verslunarinnar

#### Verkstjórnarfræðsla

Aðalm: Ingólfur Sverrisson, SI  
 Varam: Ragnar Árnason, SA

#### Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar

Erla Kristinsdóttir, Sjávariðjuni Rifi ehf.  
 Torfi Þorsteinsson, HB Grandi hf.

#### Stjórn landsskrifstofu menntaáætlunar Evrópusambandsins

Aðalm: Guðrún Eyjólfsdóttir, SA  
 Varam: Jónína Gissurardóttir, SA

# ÚTGÁFA OG KYNNING

## 11.1. VEFUR SA

Vefur SA, [www.sa.is](http://www.sa.is), gegnir mikilvægu hlutverki við upplýsingamiðlun samtakanna og er traustur hlekkur í samskiptum við félagsmenn. Áhersla er lögð á öflugan fréttáflutning af mál-efnum atvinnulífsins en á vefnum er einnig mikið safn upplýsinga. Þar má finna upplýsingar um samtökin, svo sem samþykktir, skipulag og starfsemi. Auk þess er þar að finna efni um kjara- og vinnumarkaðsmál, umhverfismál og samkeppnismál svo fátt eitt sé nefnt. Á vefnum er jafnframt að finna greinargott yfirlit um viðburði á vegum samtakanna.

## Vinumarkaðsvefur SA

Á sérstökum vinnumarkaðsvef Samtaka atvinnulífsins er að finna ítarlegar en aðgengilegar upplýsingar um vinnumarkaðsmál, ráðningar starfsfólks og starfslok, launakostnað, orlof, hvíldartíma, veikindarétt, fæðingar- og foreldraorlof, jafnréttismál, vinnuvernd og margt fleira. Vinnumarkaðsvefurinn er opin félagsmönnum SA. Þegar farið er inn á vefinn þarf að slá inn notandanafn og lykilorð sem félagsmenn fá hjá Samtökum atvinnulífsins. Bein leið á vefinn er [www.sa.is/vinumarkadsvefur/](http://www.sa.is/vinumarkadsvefur/) en einnig er hægt að fara inn á vefinn af forsiðu [www.sa.is](http://www.sa.is).

## 11.2. AF VETTVANGI

Rafrænt fréttabréf SA, *Af vettvangi*, er sent út einu sinni í mánuði – nema í ágúst vegna sumarleyfa. Fréttabréfið kemur á framfæri sjónarmiðum og skoðunum SA en það samanstendur að stærstum hluta af stuttum fréttum, en ítarlegri umfjöllun um hvert mál má nálgast á vef samtakanna. Hægt er að gerast áskrifandi að fréttabréfinu og fá það sent í tölvupósti, en einnig má nálgast það á vef SA.

## 11.3. ÚTGÁFA

### Atvinnulífið er hluti af lausninni

Samtök atvinnulífsins á Norðurlöndum gáfu út í byrjun desember 2007 ritið *Nordic Position on Climate Change* þar sem er að finna sam- eiginlega stefnu samtakanna í loftslagsmálum. Hvatt er til þess að stjórnvöld og atvinnulíf vinni saman að því að finna lausnir á loftslagsvand- anum. Í ritinu er að finna tillögur um hvernig hægt sé að ráðast gegn vandanum en það er mat þeirra að án aðkomu atvinnulífsins verði hann ekki leystur – atvinnulífið sé hluti af laus- inni. Tillögurnar fela í sér sýn um nýtt alþjóðlegt samkomulag eftir að tímabili Kyoto-bókunar- innar lýkur árið 2012 og undirstrika með hvaða

hætti unnt er að vinna gegn óæskilegum áhrif- um loftslagsbreytinga með raunhæfum og hag- kvæmum aðgerðum.

### Uppskriftin að farsælli nýsköpun

Á haustdögum 2007 gáfu samtök atvinnulífs- ins á Norðurlöndum út uppskriftina að farsælli nýsköpun í ritinu *The Nordic Recipe for Successful Innovation*. Í ritinu er staða nýsköpunar á Norðurlöndunum sett í alþjóðlegt samhengi. Ellefu sögur af farsælli nýsköpun fyrirtækja eru sagðar og á grundvelli viðtala við frumkvöðla og stjórnendur fyrirtækjanna er uppskriftin að farsælli nýsköpun byggð. Meðal þeirra sem rætt er við eru Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakka- varar og Hreiðar Már Guðmundsson forstjóri Kaupþings. Ritstjórn var í höndum Samtaka atvinnulífsins og var ritið hannað og prentað á Íslandi en því var dreift í fimm þúsund eintökum. Uppskriftin var kynnt og birt fyrst opinberlega í höfuðstöðvum Marel í Garðabæ.

### Ísland 2050: Eldri þjóð – ný viðfangsefni

Í ritinu *Ísland 2050: Eldri þjóð – ný viðfangsefni* fjalla Samtök atvinnulífsins um þau viðfangsefni sem þjóðin þarf að fást við vegna breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar næstu ár og áratugi. Í ritinu er sett fram mannfjöldaspá SA en aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar árið 2050 verður mjög frábrugðin því sem nú er. Einstaklingar á eftirlaunaaldri, 65 ára og eldri, verða til að mynda 27% íbúa í stað 12% nú og munu telja 109 þúsund manns. Fjöldi Íslendinga 80 ára og eldri mun fimmfaldast fram til 2050, úr 9 þúsund í 45 þúsund. Í ritinu er fjallað um framtíðarhorfur á íslenskum vinnumarkaði og fólksfjöldapróun í heiminum öllum. Ritið kom út í apríl 2007.

### Framtíðarviðhorf Íslendinga kortlögð

Í tengslum við aðalfund SA 2007 var gefin út könnun Capacent Gallup fyrir SA á framtíðarviðhorfum Íslendinga. Könnunin sýndi m.a. þá trú Íslendinga að þeir yrðu orðnir fleiri en hálf milljón árið 2050. Til að það gangi eftir þarf íbúafjöldi höfuðborgarsvæðisins að tvöfaldast. Þjartsýni þjóðarinnar mældist mikil og sagði meirihluti þjóðarinnar að líf skjör á Íslandi yrðu enn meðal þeirra bestu í heimi árið 2050. Þá taldi mikill meirihluti þjóðarinnar að Ísland yrði gengið í ESB árið 2050 eða 75,5%. Tæp 3% þjóðarinnar sögðust sjá fyrir að ESB yrði ekki lengur til árið 2050. Um 85% áhrifavalda í



Íslensku þjóðfélagi töldu líklegt að rafrænar kosningar til þings og sveitarstjórna og um stærri mál verði innleiddar á næstu áratugum í því skyni að styrkja lýðræðið.

### Blikur á lofti á íslenskum vinnumarkaði

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Námsmatsstofnunar sem gerð var fyrir SA og birt var í apríl 2007 stefnir meginþorri ungs fólks sem er á leið í framhaldsnám á Íslandi að því að verða háskólamenntaðir sérfræðingar sem starfa í mennta- eða heilbrigðisgeiranum eða starfa við verslun og þjónustu. Rætt var við 15 ára ungmenni árin 2000, 2003 og 2006. Niðurstöður rannsóknarinnar endurspeglar viðhorf þess fólks sem verður ráðandi í íslensku þjóðfélagi á árunum 2030–2050. Samtök atvinnulífsins telja niðurstöðurnar gefa vísbendingar um framtíðarþróun á íslenskum vinnumarkaði og að upp kunnir að koma alvarlegt misvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir starfsfólki í atvinnulífnum.



fluttu Rannveig Sigurðardóttir forstöðumaður greiningardeildar Seðlabanka Íslands, Ragnar Árnason forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA og Sólveig Jónasdóttir verkefnastjóri hjá Alþjóðahúsi. Í máli Rannveigar kom fram að auður íslenskra heimila væri allt að 5% minni ef aðgangur erlends starfsfólks hefði verið takmarkaður að íslenskum vinnumarkaði, verðbólga og stýrivextir hefðu verið hærri og einkaneysla minni.

Ragnar benti á að ef beita ætti öryggisráðstöfunum EES samningsins til að takmarka fjölda erlendra starfsmanna á landinu yrðu þær ráðstafanir að beinast gegn öllum aðildarríkjum EES samningsins samtímis. Það eitt geri notkun þessara ákvæða fullkomlega óraunhæfa. Ef stöðva eigi eða takmarka með lögum hætti frjálsa för launafólks frá aðildarríkjum EES til Íslands þurfi að koma til uppsagnar EES samningsins. Sólveig sagði Íslendinga þurfa að ákveða hvort þeir líti á erlent fólk sem hingað kemur sem erlent vinnuafli eða framtíðar ríkisborgara.

### Polendur og afleiðingar efnahagsbrota

Samtök atvinnulífsins ásamt saksóknara efnahagsbrota efndu til morgunverðarfundar um polendur og afleiðingar efnahagsbrota 14. júní á Grand Hótel Reykjavík. Sarah Jane Hughes, prófessor í lögum við Indiana háskóla, fjallaði um hvítflibbaglæpi út frá bandarískum sjónarhóli, Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari efnahagsbrota fjallaði um skipulag og framkvæmd efnahagsbrotarannsóknna á Íslandi og Garðar



### Rannsókn á launagreiðslum fyrirtækja

Í júní kom út skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands með niðurstöðum rannsóknar á launagreiðslum íslenskra fyrirtækja árið 2006. Niðurstöðurnar sýndu 10-12% óskýrðan mun á föstum mánaðarlaunum karla og kvenna. Gögn um ábyrgð starfsmanna, frammistöðu eða fjölskylduáðstæður voru ekki tiltæk, en vera kann að hluta launamunarins megi rekja til þessara þátta. Þess vegna er ekki hægt að fullræða að einungis sé um kynbundinn launamun að ræða heldur getur munurinn stafað af mismunandi ábyrgð og frammistöðu. Rannsóknin var unnin í samvinnu við ParX viðskiptaráðgjöf IBM og Samtök atvinnulífsins.

### Útgefnir kjarasamningar

Samtök atvinnulífsins gefa út í bókarformi þá kjarasamninga SA sem gilda fyrir fleiri en eitt fyrirtæki og senda til aðildarfyrirtækja þeim að kostnaðarlausu. Þeir eru jafnframt aðgengilegir á vinnumarkaðsvef SA sem opinn er félagsmönnum. Ný kaupgjaldsskrá var gefin út í kjölfar nýrra kjarasamninga í febrúar 2008.

## 11.4. OPNIR FUNDIR

### Góðir Íslendingar – erlent starfsfólk

Samtök atvinnulífsins efndu til morgunverðarfundar um erlent starfsfólk á Íslandi 25. apríl. Yfirskrift fundarins var *Góðir Íslendingar – erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði*. Framsógur



G. Gíslason hdl. hjá Lex ræddi um brotalamir og réttarvernd. Fram kom á fundinum að stytta þyrfti málsmeðferðartíma rannsóknaraðila og nauðsynlegt væri að einfalda skipulag. Húsfyllir var á fundinum.

### Áhrif loftslagssamninga á atvinnulíf

Fundaröð Samtaka atvinnulífsins um atvinnulíf og umhverfi hófst á nýjan leik þann 3. september með morgunverðarfundi um loftslagsmál. Halldór Þorgeirsson, forstöðumaður hjá Loftslagsstofnun Sameinuðu þjóðanna, ræddi um stöðuna í loftslagsmálum og áhrif alþjóðaskuldbindinga á atvinnulífið. Um 100 manns sóttu fundinn en í erindi sínu kom Halldór víða við, fjallaði um kolefnismarkaði, stöðuna í alþjóðaviðræðum og hvað taki við eftir 2012 ásamt því að lýsa framtíðarsýn um hvernig verði dregið úr útstreymi til lengri tíma.

### Frá höndum til hugar

Jóhannes Geir Sigurgeirsson kynnti lokaritgerð sína frá Bifröst á morgunfundi í Húsi atvinnulífsins 14. september. Ritgerðin ber nafnið *Frá höndum til hugar – breytingar í íslensku atvinnulífi 1995 – 2005, möguleg þróun til 2015*. Í ritgerðinni er fjallað um þær miklu breytingar sem hafa átt sér stað í íslensku atvinnulífi 1995 – 2005. Staða Íslands sem þekkingar- og þjónustusamfélags er sett í alþjóðlegt samhengi og rýnt í þær miklu breytingar sem hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði á örfáum árum. Í ritgerðinni kemur m.a. fram að Ísland hefur verið á hraðri leið til þess sem kallað hefur verið þekkingar- eða þjónustusamfélag á liðnum áratug en hlutfall útflutnings af landsframleiðslu er lágt í samanburði við önnur smáríki, t.d. Norðurlönd.

Í rannsókn Jóhannesar kemur fram að hátt hlutfall útflutnings af landsframleiðslu sé mikilvægt litlum hagkerfum á borð við Ísland en það stefni í fram til ársins 2015 að þjónustuútflutningur verði orðinn meiri en vöruútflutningur. Útlit sé fyrir að sjávarútvegur og álframleiðsla muni þá



standa undir 45% af heildarútflutningi en nota aðeins um 5% af mannaflanum. Sýnt er fram á að mikil framleiðni aukning í sjávarútvegi og framleiðslu iðnaði hafi skapað rými fyrir nýjar greinar og hún ásamt stóraukningu í háskólamenntun og aðgengi að erlendu starfsfólki hafi á fáum árum gjörbylt íslenskum vinnumarkaði.

### Frumkvöðlamót á Hótel Borg

Húsfyllir var á frumkvöðlamóti SA, HR og SI sem fram fór í Gyllta salnum á Hótel Borg 19. október. Þar fjallaði bandaríski fyrirlesarinn Larry Farrell um hvernig megi auka hagvöxt á Íslandi og skapa viðvarandi velmegun en hann sagði það aðeins mögulegt með því að örva nýsköpun og viðhalda frumkvöðlaanda íslensku þjóðarinnar. Rakti hann fjölmörg dæmi af stórfyrirtækjum og þjóðum sem fatast hefur flugið í gegnum tíðina en ástæðuna sagði hann vera þá að þeim hefði ekki auðnast að viðhalda kraftinum sem skóp velmegun þeirra í upphafi. Þetta þyrftu Íslendingar að hafa í huga á tímum mikils vaxtar – það væri viðbúið að úr honum myndi draga og framtíð þjóðarinnar myndi ráðast af því hvernig brugðist yrði við.

### Nýtt skilakerfi raftækja- og rafeinda-tækjaúrgangs

Framleiðendur og innflytjendur raftækja og rafeindatækja bera ábyrgð á og greiða fyrir söfnun og förgun úrsérgenginna raftækja og rafeindatækja eftir að ný tilskipun Evrópusambandsins um raftækja- og rafeindatækjaúrgang tekur gildi á þessu ári. Tilskipunin var kynnt á upplýsingafundi í Húsi atvinnulífsins 7. nóvember en Samtök atvinnulífsins, Félag íslenskra stórkaupmanna, Samtök iðnaðarins og SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu boðuðu til fundarins.

### Skattalækkar öllum í hag

Bókasalur Þjóðmenningarhússins var þétt setinn á hádegisfundi með prófessor Arthur B. Laffer þann 16. nóvember en hann er einn kunnasti hagfræðingur heims. Í afar lífligu erindi fjallaði hann um áhrif skattalækkana og skattahækkana á einstaklinga, fyrirtæki og þjóðfélög. Viðaði hann til reynslu Bandaríkjamanna í þeim efnum allt frá byrjun 20. aldar til dagsins í dag. Laffer vakti heimsathygli þegar hann setti fram þá kenningu á 8. áratug 20. aldar, að skatttekjur ríkisins þyrftu ekki að minnka, heldur gætu jafnvel aukist, þegar skattar væru lækkaðir. Samtök atvinnulífsins stóðu að fundinum í samstarfi við ýmsa aðila.





Laffer hafði talsverð áhrif á skattastefnu Ronalds Reagans Bandaríkjaforseta og skattar hafa verið lækkaðir eftir þessari hugsun annars staðar, meðal annars á Spáni. Á Íslandi hafa skattalækkanir, sérstaklega á fyrirtækjum, líka haft í för með sér auknar skatttekjur. Sagði Laffer lækkun skatta leysa úr læðingi mikilvæga krafta en of mikil skattheimta virki letjandi á einstaklinga og fyrirtæki og leiði oftast ekki til samdráttar og lakari líffskilyrða þjóða.

Í erindi sínu mærdi hann bæði John F. Kennedy og Bill Clinton fyrrverandi forseta Bandaríkjanna en hann sagði engan hafa náð viðlíka árangri og Clinton við að hemja útgjöld ríkisins. Lágir skattar eru því ekki spurning um vinstri eða hægri pólitík að mati Laffers – heldur einfaldlega spurning um skynsemi og vilja til að viðhalda blómlegu efnahagslífi og góðum líffskilyrðum fólks. Hægt er að horfa á upptöku af erindi Laffers á vef SA.

### Kjarasamningar og horfur á vinnumarkaði

Samtök atvinnulífsins efndu til opins morgunverðarfundar á Hilton Reykjavík Nordica 28. nóvember. Á fundinum var rætt um komandi kjaraviðræður og lagt mat á stöðu og horfur í efnahagsmálum. Yfirskrift fundarins var *Hvert stefnir vinnumarkaðurinn?* Frummælendur voru Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, Hrund Rudolfsdóttir, formaður SVP og Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika

Vilhjálmur Egilsson fór yfir stöðuna á vinnumarkaðnum frá sjónarhóli SA, en í máli hans kom fram að meginatriði í komandi kjarasamningum væri m.a. að hækka lágmarkslaun – almennar launahækkanir væru ekki réttlætanager. Sigurjón Þ. Árnason sagði Ísland ekki undanskilið áhrifum af alþjóðlegri fjármálakreppu og ræddi um heimatilbúinn vanda í hagstjórninni. Sigurjón benti á leiðir til úrbóta en hann sagði mestu máli skipta að koma sem fyrst á jafnvægi í efnahagsmálunum. Hófsamir kjarasamningar væru lykilatriði í því sambandi.

Hrund Rudolfsdóttir formaður SVP talaði um hvað ætti að semja og benti á að kjaraviðræður snúist um fleira en laun – til dæmis að ráðast gegn kynbundnum launamun og kynbundinni mismunun á vinnumarkaðnum. Svana Helen Björnsdóttir ræddi um stöðu nýsköpunar og sprotafyrirtækja en hún sagði þensluna á vinnumarkaðnum gera þessum fyrirtækjum sérlega erfitt fyrir – samkeppnisstaða þeirra gagnvart erlendri samkeppni væri afar erfið.



### Skattadagurinn 2008

Skattadagur Deloitte, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Viðskiptaráð Íslands og Viðskipta- blað Morgunblaðsins, var haldinn miðvikudaginn 9. janúar 2008. Í máli fjármálaráðherra, Árna M. Mathiesen, kom fram að skattar yrðu lækkaðir á yfirstandandi kjörtímabili. Uppselt var á Skattadaginn þar sem fjölbreytt erindi á sviði skattamála voru flutt. Fram kom m.a. að Ísland hefði enn fjölmörg tækifæri til að auka hér tekjur og velmegun með því að lækka skatta. Richard Teather, skattasérfræðingur og kennari við háskólann í Bournemouth, fjallaði um skattasamkeppni á milli landa.

### Hagsmunir Íslands í loftslagsmálum

Samtök atvinnulífsins efndu til opins morgunverðarfundar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 8. febrúar á Grand Hótel Reykjavík. Þar ræddi Pétur Reimarsson, forstöðumaður hjá SA, um áhrif Balí-vegvisisins á íslensk fyrirtæki en Pétur sat loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á Balí. Þá fjallaði Jón Ingimarsson, verkfræðingur, um leiðina til Kyoto-samkomulagsins og þá viðurkenningu sem varð á sérstöðu Íslands í loftslagsmálum og í hverju hún felst. Jón tók þátt í alþjóðlegum samningaviðræðum fyrir hönd Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna á árunum 1992–2000, m.a. í aðdraganda Kyoto-samkomulagsins. Nánar er fjallað um fundinn í kafla 7 um umhverfismál.

### Mannauður geðfatlaðra verði nýttur

Það er mikilvægt fyrir íslenskan vinnumarkað að njóta starfskrafta allra þeirra sem lagt geta sitt af mörkum og hagur samfélagsins alls að fólki verði hjálpað að snúa til baka inn á vinnumarkaðinn eftir áföll. Þetta kom fram í erindi Péturs Reimarssonar, forstöðumanns hjá SA, sem hann flutti á morgunverðarfundi sem Straumhvörf – efling þjónustu við geðfatlaða og Samtök atvinnulífsins stóðu fyrir á Hilton Reykjavík Nordica 5. febrúar. Þar kom m.a. fram að Samtök atvinnulífsins hafi á undanförunum árum haft miklar



áhyggjur af vaxandi fjölda öryrkja hér á landi og þeirri atburðarás sem leiði til mikillar fjölgunar þeirra. Þróun undanfarinna ára hafi haft veruleg áhrif á vinnumarkaðinn en atvinnuþátttaka öryrkja er minni hér á landi en í nálægum löndum þrátt fyrir að almenn atvinnuþátttaka sé sú mesta sem þekktist. Mikilvægt sé að búa þannig í haginn að skilgreina vinnugetu fólks fremur en örorku ásamt því að bæta þjónustu og fjölgja úrræðum.

### Vel sóttir kynningarfundir um nýja kjarasamninga

Samtök atvinnulífsins efndu til kynningarfunda vegna nýrra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði um land allt. Hátt í tvö hundruð manns sóttu kynningarfund í Reykjavík en Kjarasamningarnir voru einnig kynntir á fundum á Egilsstöðum, Akureyri og Ísafirði. Fundirnir voru haldnir í aðdraganda rafrænnar atkvæðagreiðslu um kjarasamningana meðal aðildarfyrirtækja SA. Kynningarefni frá fundunum er aðgengilegt á vef SA.

### Hagvöxt um land allt

Samtök atvinnulífsins kynntu nýja stefnu í byggða- og atvinnumálum undir yfirskriftinni *Hagvöxt um land allt – styrka innviði* á ráðstefnu á Hótel Borgarnesi 13. mars. SA telja nauðsynlegt að stjórnvöld geri sem fyrst og hrindi í framkvæmd áætlun um uppbyggingu innviða um land allt. Horfa verði í heild á uppbyggingu samgöngukerfisins, fjarskipta, mennta- og menningarstofnana, raforkukerfisins og opinberrar þjónustu. Stutt verði kerfisbundið við byggðakjarna í einstökum landslutum og þeir efldir. Áhersla er lögð á að atvinnulífinu verði sköpuð sem best skilyrði um land allt þannig að frumkvæði og kraftur fyrirtækja og einstaklinga fái notið sín. Þannig geti atvinnulífið best staðið undir auknum kröfum um hagvöxt og velferð fólks um land allt. Ráðstefnan var einkar vel sótt og spunnust þar kröftugar umræður um blómlegt atvinnu- og mannlíf á landsbyggðinni en alls voru fluttar níu efnismiklar framsögur á ráðstefnunni. Áherslur SA má lesa í heild í lok 2. kafla ársskýrslunnar.

### Virkjum fjármagn kvenna

Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið blésu til námstefnu um konur, fjármagn og rekstur fyrirtækja 28. mars. Yfirskrift námstefnunnar var *Virkjum fjármagn kvenna*. Meðal

fyrirlesara var sænska athafnakonan Karin Forseke en hún er fyrsta kona heims til að stýra fjárfestingarbanka. Karin var forstjóri sænska fjárfestingarbankans Carnegie á árunum 2003–2006 og ein fárra kvenna í forstjórastóli fyrirtækja í kauphöllinni í Stokkhólmi. Karin er stjórnarmaður í breska fjármálaeftirlitinu (FSA) og hefur áratugareynslu af fjármálamörkuðum á Norðurlöndunum, í Bretlandi og Bandaríkjunum. Karin fjallaði um reynslu sína úr fjármálaheiminum og mikilvægi þess að konur hasli sér völl innan hans. Námstefnan var framhaldsnámstefna *Virkjum kraft kvenna* sem fram fór á sama stað 11. janúar 2007. Dagskrá var fjölbreytt og glæsileg en nánari umfjöllun um námstefnuna er að finna í 5. kafla ársskýrslunnar um jafnréttismál.

Auk framangreindra funda tóku Samtök atvinnulífsins þátt í fjölda funda og ráðstefna, meðal annars til að sinna fundarstjórn, flytja erindi og taka þátt í pallborðsumræðum eða sem stuðningsaðilar. Meðal annars má nefna ráðstefnu Rannsóknarmiðstöðvar um einkafrumkvæmd við Háskólann í Reykjavík um einkafrumkvæmd á Íslandi 23. apríl 2007 og málþing um ávinning af fjölbreytni á vinnumarkaði sem Kanadaíska sendiráðið á Íslandi í samstarfi við félags- og tryggingamálaráðuneytið, Háskóla Íslands – Stofnun stjórnslufræða, Alþýðusamband Íslands, Alþjóðahúsið og Samtök atvinnulífsins stóðu fyrir þann 12. mars 2008.

## 11.5. RANNSÓKNIR OG FLEIRA MEÐ STUÐNINGI SA

Samtök atvinnulífsins styðja við fjölda rannsókna og verkefna af ýmsu tagi. Má þar nefna:

- *Global Entrepreneurship Monitor*. Fjölbjóðlegt rannsóknarsamstarf sem gerir kleift að bera saman frumkvöðlastarf hér og erlendis. Háskólinn í Reykjavík fer með framkvæmd fyrir Íslands hönd.
- *Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands*. Vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smárikjarannsóknna sem meðal annars er ætlað að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila.
- *Kvennaslóðir*. Vefur sem hefur að geyma nöfn kvensérfræðinga á öllum sviðum þjóðlífsins, starfræktur af Háskóla Íslands og Jafnréttisstofu.



# REKSTUR SA, INNRA STARF OG SKIPULAG

## 12.1. STÖRF AÐALFUNDAR

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, þriðjudaginn 17. apríl 2007. Ingimundur Sigurpálsson formaður samtakanna setti fundinn kl. 13:00 og var Kristín Jóhannesdóttir kjörin fundarstjóri. Hún tilnefndi Guðrúnu S. Eyjólfsdóttur sem fundarritara.

Ingimundur Sigurpálsson, formaður SA, flutti fundinum skýrslu stjórnar fyrir næstliðið starfsár og fór stuttlega yfir áherslur í starfi samtakanna á starfsárinu. Vilhjálmur Egilsson kynnti reikninga samtakanna og voru þeir samþykktir samhljóða. Þá gerði Þorgeir Baldursson, formaður kjörstjórnar, grein fyrir niðurstöðu úr kosningu til formanns SA en Ingimundur Sigurpálsson hafði gefið kost á sér til áframhaldandi formennsku. Kosningin fór fram með rafrænum hætti í fyrsta sinn og var þátttaka góð eða 59%. Ingimundur hlaut 97% greiddra atkvæða og var því rétt kjörinn formaður starfsárið 2007–2008. Þá var samþykkt tillaga kjörnefndar um 20 menn til setu í stjórn SA starfsárið 2007–2008. Franz Árnason, Norðurorku, Guðjón Rúnarsson, Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) og Hörður Arnarson Marel hf. tóku sæti í stjórninni, en úr henni gengu Guðmundur Ásgeirsson, Nesskipum, Sveinn Hannesson, Samtökum iðnaðarins (SI) og Jens Pétur Jóhannsson hjá Rafmagnsverkstæði Jens Péturs. Jens varð áheyrnarfulltrúi SART í stjórninni í stað Friðriks Sophussonar, Landsvirkjun. Tillaga fundarstjóra um Price-WaterhouseCoopers sem endurskoðanda SA starfsárið 2007–2008 var samþykkt.

### Ísland 2050: Tveir á móti einum

Yfirskrift opinnar dagskrár aðalfundar SA árið 2007 var *Ísland 2050: Tveir á móti einum*. Vísað er til þess að árið 2050 stefnir í að það verði

tveir Íslendingar á vinnumarkaði fyrir hvern ellilífeyrisþega. Íslenska þjóðin er að eldast en í dag eru fimm Íslendingar á vinnumarkaði fyrir hvern ellilífeyrisþega. Þessi þjóðfélagsbreyting er ávisun á miklar breytingar á fjölmörgum sviðum og voru þær speglaðar frá fjölmörgum hliðum á fundinum.

Opin dagskrá hófst kl. 14 með ræðu nýkjörins formanns SA, Ingimundar Sigurpálssonar. Í ræðu sinni fjallaði hann meðal annars um stöðu Íslands og sagði hana vera komna undir metnaði stjórnvalda til að halda umgjörð efnahagslífsins áfram í fremstu röð, að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu starfsskilyrði, að draga úr reglubyrði og að viðhalda þeim trúverðugleika, sem byggður hefur verið upp undanfarin ár. „Stjórnvöld verða að sýna ábyrgð og festu og þau verða að muna, að á tímum alþjóðavæðingar, þegar upplýsingar berast um heiminn á augabragði, þá leitar efnahagsstarfsemin þangað, þar sem starfsskilyrðin eru almennt hagstæðust. Trúverðugleiki, traust og stöðugleiki eru mikilvægir þættir í efnahagsstjórninni. Það veltur á miklu, að stjórnvöld hafi metnað til þess að halda áfram á þeirri braut að skapa atvinnulífina svigrúm til athafna.“ Ingimundur kom víða við í ræðu sinni og fjallaði m.a. um breytta aldursamsetningu þjóðarinnar, hlutfallslega fækkun Íslendinga á vinnumarkaði á næstu áratugum og áhrif á lífeyrisferfið. Sagði hann hækkandi meðalaldur og fjölgun lífeyrisþega kalla á ný viðfangsefni þegar fram líði stundir. „Sjóðirnir hafa byggt loforð sín um ævilangar lífeyrisgreiðslur á því, að hver lífeyrisþegi verði um 17 ár á eftirlaunum. Æviskeið Íslendinga heldur á hinn bóginn áfram að lengjast og má við því búast, að 65 ára einstaklingur eigi um 24 ár ólífudu, þegar kemur fram á miðja þessa öld. Þessi staðreynd mun hafa í för með sér miklar breytingar á öllum sviðum samfélagsins,“ sagði Ingimundur.

Þá ávarpaði fundinn Geir H. Haarde, forsætisráðherra. Geir sagði viðfangsefni númer eitt að tryggja áframhaldandi hagvöxt hér á landi um ókomna framtíð. „Þetta verkefni er þeim mun brýnna þar sem við horfum fram á að þjóðinni mun halda áfram að fjölga, gagnstætt því sem ýmsar aðrar þjóðir horfast í augu við.“ Geir sagði undirstöðu allra framfara vera aukna verðmætasköpun í efnahagslífinu. „Á síðustu 43 árum og fram til þessa dags hefur verðmætasköpun landsins, sjálf þjóðarkakan, nær fimmfaldast að raungildi. Á þessu ári er talið að heildarandvirði landsframleiðslunnar muni nema um 1.200 milljörðum króna en fyrir 43 árum nam landsframleiðslan 250 milljörðum króna á sambærilegu





verðlagi.“ Geir benti á að þetta jafngilti því að hlutdeild hvers íbúa í þjóðarkökunni hafi þrefaldast að raungildi. „Þessi þróun endurspeglar einnig sambærilega aukningu kaupmáttar heimilanna. Þetta er ekki svo lítið sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að á þessu tímabili hefur þjóðin gengið í gegnum að minnsta kosti þrjú erfið samdráttarskeið.“

Forsætisráðherra minnti á gildi menntunar og rannsókna og þróunar sem væru mikilvægir drifkraftar fyrir öflugt íslenskt samfélag. Í því sambandi nefndi hann stefnumörkun um að íslenskir háskólar yrðu í fremstu röð. Ísland sé hátækniþjóðfélag þar sem sköpuð eru verðmæti sem bæti líf skjör okkar sem þjóðar. Mikilvægt væri að byggja áfram á sama grunni og undanfarin ár. Setja ætti markmið um hlutfall háskólamenntaðra Íslendinga. Þeim hefði fjölgað úr rúnum fimmtungi í tæpan þriðjung og stefna ætti á að þeir yrðu á milli 50 og 60% þjóðarinnar, jafnframt að hlutfallslega jafn margar konur yrðu í stjórnunarstörfum í atvinnulífinu og karlar og það þyrfti að gerast fyrr en árið 2050. Ráðherra lauk máli sínu með því að árétta þá skoðun að stöðnun væri verst í óvinur framtíðarinnar, og sagðist hann vona að Íslendingar beri gæfu til að hafna þeirri leið.

Á fundinum var lögð fram og kynnt ítarleg könnun Capacent Gallup fyrir SA um væntingar fólks til framtíðarinnar, nánar tiltekið hvernig samfélag verður á Íslandi árið 2050. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir frá Capacent Gallup kynnti niðurstöðurnar en könnunin var bæði gerð meðal almennings og sérvalins úrtaks áhrifavalda í þjóðfélaginu. Bjartsýni þjóðarinnar mældist mikil og sagði meirihluti þjóðarinnar að líf skjör á Íslandi yrðu enn meðal þeirra bestu í heimi árið 2050. Þá taldi mikill meirihluti þjóðarinnar að Ísland yrði gengið í ESB árið 2050 eða 75,5%. Þó sögðust 44% almennings og tæp 48% áhrifavalda sjá fyrir að Ísland myndi standa frammi fyrir meiriháttar fjárhagslegum erfiðleikum eða kreppu á tímabilinu fram til 2050. Könnunina í heild má nálgast á vef SA.

Að loknum erindum í opinni dagskrá aðalfundar SA tóku við umræður um efni fundarins undir stjórn Vilhjálms Egilssonar, framkvæmdastjóra SA. Þátt tóku Guðfinna S. Bjarnadóttir fv. rektor HR, Karl Wernersson hjá Milestone, Þór Sigfússon forstjóri Sjóvá, Þóra Helgadóttir hagfræðingur í greiningardeild Kaupþings og Þórður Friðjónsson, forstjóri Nordic Exchange á Íslandi. Þau voru sammála um það að árið 2050 verði Ísland þekkt fyrir að skara fram úr á heimsvísu og hér verði einstakt fyrirmyndarþjóðfélag

þar sem líf skjör verði mjög góð. Rætt var m.a. um könnun Capacent Gallup fyrir SA. Þórður Friðjónsson sagði Íslendinga hafa gríðarlegt sjálfstraust sem hafi skilað sér í kraftmikilli útrás og aðlögunarhæfni. Ef nefna ætti eitt atriði sem væri forsenda þess að okkur farnaðist vel áfram, þá væri það að breyta viðhorfum til aldraðra og öldrunar. Álitsgjafarnir voru sammála um að lífeyriskerfið og séreignarsparnaður fólks myndi bæta stöðu þess í framtíðinni og flestir ef ekki allir myndu eiga vel ávaxtaðan ævisjóð.

Þór Sigfússon sagði í umræðunum að mestu máli skipti að þjóðin missti ekki trúna á athafnamennsku en sú trú væri mikil hér. Rætt var um líkurnar á að Íslendingar þyrftu að horfast í augu við meiriháttar kreppu fram til ársins 2050 og hvað mætti mögulega gera til að forðast það. Bent var á að mestu máli skipti að festast ekki í viðjum vanans, eða ákveðinni hugmyndafræði eða loforðum sem ekki væri inneign fyrir. Þóra Helgadóttir sagði nauðsynlegt að tryggja áfram samkeppnishæft atvinnulíf. Karl Wernersson sagði hættu á kreppu þegar verkefni væru leyst illa af hendi eða alls ekki og hættulegt væri þegar ríkið ætlaði sér um of. Gríðarleg verkefni bíði úrlausnar í heilbrigðisþjónustunni og í samgöngumálum væri svo sannarlega verk að vinna. Þar væru tækifæri til að virkja bæði einstaklinga og fyrirtæki til aðgerða.

Guðfinna S. Bjarnadóttir sagðist helst hræðast óstjórn í efnahags- og atvinnumálum. Miklu skipti að hlúa vel að menntamálum og skoða þar innviðina. Hún taldi bæði raunhæft og skynsamlegt að stefna að því að 50 til 60% fólks lyki námi í háskóla. Mannauðurinn væri það besta sem við ættum og hann ætti að ávaxta með stöðugri símenntun. Varðandi fjölgun aldraðra var varað við því að „sjúkdóma- og ellivæða“ fullfrískt fólk en jafnframt bent á að æskilegt væri að atvinnuþátttaka eldri þegna yrði valfrjáls þar sem sumir myndu kjósa að hætta snemma að vinna en aðrir ekki.

Á fundinum var brugðið upp myndskreiðum þar sem fjallað var um áhrif af fyrisjáanlegum breytingum á aldursmáttíðni þjóðarinnar. Þá rýndu valdir álitsgjafar í framtíðina og spáðu fyrir um þróun mála á Íslandi fram til ársins 2050.

## 12.2. STÖRF FRAMKVÆMDA-STJÓRNAR

Framkvæmdastjórn SA stýrir starfsemi samtakanna í samræmi við stefnumörkun stjórnar og hélt hún fimmtán fundi á starfsárinu. Framkvæmdastjórnin hélt stefnumótunarfund í byrjun júní 2007 í fundarsal í Bláa lóninu þar sem





fjallað var um stefnu samtakanna í komandi kjaraviðræðum, önnur vinnumarkaðsmál, samskipti við stjórnvöld og hagsmunagæslu innanlands sem erlendis. Á fundum framkvæmdastjórnarinnar voru efnahagsmál og kjaramál jafnan fastir liðir en auk þess var fjallað um fjárhagsáætlun samtakanna, stækkun skrifstofu SA í Brussel, tilnefningar í lífeyrissjóði, aðkomu SA að háskólunum í Reykjavík og á Bifröst, undirbúning að sameiningu SVP og FÍS og stuðning SA við það ferli, áherslur samtakanna í Evrópumálum og kynningar á þeim, gjaldmiðismál þjóðarinnar, loftslagsmál í tengslum við Balí-ráðstefnuna og byggðamál.

### 12.3. STÖRF STJÓRNAR

Stjórn SA kom fimm sinnum saman á starfsárinu. Á fundum stjórnarinnar var mikið fjallað um peningastefnu og gjaldmiðismál Íslands. Taldi stjórnin að SA þyrftu að herða röðurinn í gagnrýni á peningamálastefnuna og krefja stjórnvöld skýrra svara, því viðbrögð þeirra við gagnrýni SA hefðu verið óviðunandi. Þá taldi stjórnin að til skemri tíma þyrfti að endurskoða samkomulag ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um peningastefnuna og lögin um bankann og til lengri tíma að kanna upptöku evru. Stjórnin hvatti til þess að aðildarfélög SA færu í gegnum gjaldmiðilsumræðuna hvert fyrir sig, því SA gætu ekki komið fram með skýra stefnu varðandi upptöku nýs gjaldmiðils, nema um hana ríkti full samstaða. Þá fjallaði stjórnin um stefnu samtakanna í kjaramálum í aðdraganda kjaraviðræðna og einnig tók hún samningsdrög heildarsamninganna 17. febrúar 2008 til umfjöllunar áður en þeir voru undirritaðir.

### 12.4. FUNDIR MEÐ FRAMKVÆMDASTJÓRUM AÐILDARFÉLAGA SA

Framkvæmdastjórar SA og aðildarfélaganna átta hittast fyrsta mánudag hvers mánaðar á formlegum fundum sem alls urðu 10 á starfsárinu. Á fundum á starfsárinu var fjallað um fjölda mála sem tengjast starfi samtakanna, rekstri og stefnu. Meðal umfjöllunarefna, auk efnahags- og kjara-

mála, má nefna verðkannanir og óánægju með aðkomu ASÍ að þeim, úrgangsmál og kröfur ESB um endurnýtingu sem áhrif hafa hér á landi, vörumerkið Iceland, skattskil erlendra starfsmanna, tafir við útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa starfsmanna frá ríkjum utan EES, fríverslunarsamninga við Kanada og Kína, Brusselskrifstofu SA, byggðamál, samrekstur tölvukerfa SA og aðildarfélaga, fyrirhugaða sameiningu SVP og FÍS, ESB- og evruseminör á vegum SA, sameiginlegar verklagsreglur til þess að tryggja að samkeppnislögum sé fylgt, starfsmannaleigur og ábyrgð kaupanda þjónustu þeirra á skattgreiðslum, umsókn um leyfi til stækkunar Borgartúns 35 í 8 hæðir, loftslagsmál í tengslum við Balí-ráðstefnuna, skattamál og gjaldmiðismál þjóðarinnar.

### 12.5. MÁLEFNASTARF SA

Málefnaþing SA eru ellefu talsins en á starfsárinu var myndaður nýr málefnaþingur um byggða- og atvinnumál sem mótaði áherslur SA í málaflokknum og kynntar voru ráðstefnu í Borgarnesi 13. mars. Aðrir hópar fjalla um efnahagsmál, vinnumarkaðinn, skatta, menntun, jafnrétti, umhverfismál, lífeyrismál, samkeppnislög, alþjóðamál og um rannsóknir og nýsköpun. Flestir hópanna funda að jafnaði um það bil tvisvar á ári en umhverfishópur SA hefur fundað oft.

### 12.6. STARFSFÓLK SA

Tveir nýir starfsmenn gengu til liðs við Samtök atvinnulífsins á árinu. Róbert Trausti Árnason var ráðinn verkefnastjóri Evrópumála á stefnumótunar- og samskiptasviði Samtaka atvinnulífsins og Sigríður Kolbeinsdóttir var ráðinn móttökuritari á skrifstofusviði samtakanna.





# SKIPURIT SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Helstu hlutverk skrifstofu Samtaka atvinnulífsins eru að hafa fyrir hönd samtakanna umsjón með gerð og túlkun kjarasamninga, gæta hagsmuna félagsmanna í málaflokkum sem varða atvinnulífið í heild og veita félagsmönnum þjónustu og ráðgjöf eftir þörfum. Þá hefur hún umsjón með sameiginlegri stefnumótunar- og málefnavinnu innan SA og sér um að fylgja stefnunni eftir með upplýsingamiðlun og öðrum hætti.

Helstu ábyrgðarsvið vinnumarkaðssviðs eru að stuðla að framgangi hagkvæmra lausna á vinnumarkaði sem varðveita sveigjanleika og viðhalda stjórnunarrétti fyrirtækja, stuðla að bættum samskiptum fyrirtækja og starfsmanna, koma í veg fyrir ágreining á vinnustöðum og að leysa úr ágreiningi og stuðla að vinnufriði.




Helstu ábyrgðarsvið stefnumótunar- og samskiptasviðs eru að samtökin sýni frumkvæði og hafi ævinlega skýra stefnu, að tryggja miðlun réttra upplýsinga um stefnu og starfsemi, byggja upp og viðhalda góðri ímynd SA, og að koma SA í fremstu röð við að nýta upplýsingatækni.

Helstu ábyrgðarsvið hagdeildar eru að bregðast við óskum og kröfum um verkefni af hálfu stjórnar eða annarra eininga innan SA og að færa umræðu um efnahagsmál inn á nýjar brautir þar sem þörf krefur.

Helstu ábyrgðarsvið skrifstofusviðs eru að tryggja skilvirkni í rekstri SA og að veita öðrum sviðum á skrifstofu SA almenna skrifstofuþjónustu.

## Skipurit skrifstofu Samtaka atvinnulífsins Borgartúni 35



## ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

### Til stjórnar Samtaka Atvinnulífsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka Atvinnulífsins hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 1. apríl 2008

### PricewaterhouseCoopers hf

Stefán Bergsson, sign  
löggiltur endurskoðandi




# SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2007

	2007	2006
<b>Rekstrartekjur</b>		
Árgjöld aðildarfélaga	265.091.139	248.178.501
Þjónustusamningar	1.919.816	3.098.025
Styrkur til hag- og tæknideildar	2.400.000	2.400.000
Félagsheimilaskjöldur	5.293.969	5.478.482
Þóknun frá Vinnudeilusjóði v. fjárvörslu	3.000.000	3.000.000
Aðrar tekjur	4.395.305	6.196.117
	<u>282.100.229</u>	<u>268.351.125</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	176.726.266	160.242.322
Kostnaður v. funda og móta	25.823.215	28.468.861
Útbreiðslu- og félagsmál	38.903.421	23.606.746
Rekstur húsnæðis og annarra eigna	13.535.161	19.048.709
Afskriftir	4.963.544	6.591.948
	<u>259.951.607</u>	<u>237.958.586</u>
<b>Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (-gjöld)</b>	22.148.622	30.392.539
<b>Fjármunatekjur og (-gjöld)</b>		
Vaxtatekjur	11.551.213	39.588.075
Vextir og verðbætur	(284.547)	(416.222)
	<u>11.266.667</u>	<u>39.171.853</u>
<b>Hagnaður ársins</b>	<u>33.415.288</u>	<u>69.564.392</u>

**Greidd árgjöld 2007  
Flokkun eftir aðildarfélögum**



**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007**

**EIGNIR**

**Fastafjármunir**

	2007	2006
Varanlegir rekstrarfjármunir: . . . . .		
Fasteign, Borgartún 35 . . . . .	151.018.214	154.449.168
Bifreið . . . . .	2.880.000	4.320.000
Sumarhús . . . . .	4.073.941	4.166.531
Tölvubúnaður, innréttingar og skrifstofuáhöld . . . . .	2.490.693	2.490.693
	<u>160.462.848</u>	<u>165.426.392</u>

**Veltufjármunir**

Viðskiptamenn . . . . .	207.479	9.062.555
Vinnudeilusjóður SA, inneign . . . . .	135.191.127	172.691.597
Sjóður og bankainnstæður . . . . .	142.036.354	64.804.385
	<u>277.434.960</u>	<u>246.558.537</u>

<b>Eignir samtals . . . . .</b>	<u><u>437.897.808</u></u>	<u><u>411.984.929</u></u>
---------------------------------	---------------------------	---------------------------

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007**

**EIGIÐ FÉ OG SKULDIR**

**Eigið fé**

Óráðstafað eigið fé . . . . .	424.010.780	390.595.492
	<u>424.010.780</u>	<u>390.595.492</u>

**Skammtímaskuldir**

Ýmsar skammtímaskuldir . . . . .	13.887.028	21.389.437
	<u>13.887.028</u>	<u>21.389.437</u>

<b>Eigið fé og skuldir samtals. . . . .</b>	<u><u>437.897.808</u></u>	<u><u>411.984.929</u></u>
---	---------------------------	---------------------------

**ÁRITUN FORMANNS FRAMKVÆMDASTJÓRNAR**

Ársreikningar Samtaka atvinnulífsins voru samþykktir á framkvæmdastjórnarfundi þann 7. apríl 2008.

F.h. framkvæmdastjórnar,

Ingimundur Sigurpálsson, formaður sign.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri, sign.

**Réttarverndarsjóður SA árið 2007**

	2007	2006
Höfuðstóll 1/1 . . . . .	17.411.601	14.838.106
Ávöxtun ársins . . . . .	1.520.653	2.773.495
Úthlutað úr Réttarverndarsjóði . . . . .	0	(200.000)
	<u>18.932.254</u>	<u>17.411.601</u>




# VINNUDEILUSJÓÐUR SA

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2007

	2007	2006
<b>Rekstrartekjur</b>		
Árgjöld aðildarféлага	29.447.288	25.065.541
Húsaleiga	20.672.362	19.678.118
Bætur frá NEMIA	3.707.309	570.108
Fjármunatekjur	137.869.559	437.431.659
	<u>191.696.518</u>	<u>482.745.426</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Greiðslur til NEMIA	3.012.302	1.161.654
Rekstrarkostnaður húsnæðis	17.328.306	29.557.671
Þóknun til SA vegna fjárvörslu	3.000.000	3.000.000
Innh.kostnaður, endurskoðun o.fl.	2.117.882	1.953.832
	<u>25.458.490</u>	<u>35.673.157</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>	166.238.028	447.072.269
<b>Fjármagnsgjöld</b>		
Hluti SA í ávöxtun Vinnudeilusjóðs	(9.402.138)	(38.447.686)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<u>156.835.890</u>	<u>408.624.583</u>

315 m.kr. af 2.709 m.kr. eigin fé sjóðsins eru bundnar í fasteigninni Borgartúni 35, en aðrar eignir eru ávaxtaðar í innlendum og erlendum verðbréfum. Nafnávöxtun var 6,19% og raunávöxtun 0,33% á síðasta ári.

### Skipting verðbréfaeignar Vinnudeilusjóðs 31.12 2007



**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007**

**EIGNIR**

**Fastafjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteign . . . . .

Áhöld, tæki og innréttingar . . . . .

**2007**

**2006**

315.375.666

322.428.127

2.765.426

3.458.615

318.141.092

325.886.742

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Hlutabréf . . . . .

1.682.799.516

1.739.592.281

Skuldabréf . . . . .

848.234.817

702.784.170

Næsta árs afborgun skuldabréfa . . . . .

(28.053.103)

(24.849.393)

2.502.981.230

2.417.527.058

**Fastafjármunir samtals. . . . .**

**2.821.122.322**

**2.743.413.800**

**Veltufjármunir**

Skammtímakröfur: . . . . .

Viðskiptakröfur . . . . .

952.086

360.590

Óuppgerð viðskipti við fjárvörsluaðila . . . . .

40.603.458

0

Gjaldf. afborganir og vextir skuldabréfa . . . . .

0

975.877

Næsta árs afborgun skuldabréfa . . . . .

28.053.103

24.849.393

Bankainnstæður . . . . .

45.204.284

29.226.075

114.812.931

55.411.935

**Eignir samtals . . . . .**

**2.935.935.253**

**2.798.825.735**

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2007**

**EIGIÐ FÉ OG SKULDIR**

**Eigið fé**

Óráðstafað eigið fé . . . . .

2.708.622.555

2.551.786.665

**Skammtímaskuldir**

Skammtímalán í erlendri mynt . . . . .

56.696.254

46.303.437

Ógreiddur fjármagnstekjuskattur . . . . .

27.090.271

14.165.232

Skammtímalán við fjárvörsluaðila . . . . .

1.793.486

8.878.791

Samtök atvinnulífsins . . . . .

135.191.127

172.691.597

Ýmsar skammtímaskuldir . . . . .

6.541.561

5.000.014

227.312.699

247.039.071

**Eigið fé og skuldir samtals. . . . .**

**2.935.935.253**

**2.798.825.736**

Samþykkt í stjórn sjóðsins, þann 11. apríl 2008.



# Starfsfólk Samtaka atvinnulífsins



Arndís Arnardóttir  
ritari



Auður Guðmundsdóttir  
bókari



Álfrheiður M. Sívertsen  
lögmaður



Guðlaugur Stefánsson  
hagfræðingur



Guðrún Björk Bjarnadóttir  
lögmaður



Guðrún S. Eyjólfsdóttir  
verkefnastjóri



Hannes G. Sigurðsson  
aðstoðarfrankvæmdastjóri



Hrafnhildur Stefánsdóttir  
yfirfræðingur



Hörður Vilberg  
verkefnastjóri



Jón H. Magnússon  
lögmaður



Jón Rúnar Pálsson  
lögmaður



Jónína Gissuraradóttir  
félagsfræðingur



Kristín Jónsdóttir  
forstöðumaður  
skrifstofusviðs



Pétur Reimarsson  
forstöðumaður stefnu-  
mótunar- og samskiptasviðs



Ragnar Árnason  
forstöðumaður  
vinnumarkaðssviðs



Róbert Trausti Árnason  
verkefnastjóri Evrópumála



Sigrún Kristjánsdóttir  
forstöðumaður  
Evrópuskrifstofu SA



Sigríður Kolbeinsdóttir  
móttökuritari



Vilhjálmur Egilsson  
frankvæmdastjóri



Hús atvinnulífsins

## Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslenskra atvinnurekenda. Meginmarkmið SA er að skapa fyrirtækjum hagstæð skilyrði til að vaxa, þróast og bera arð. Samtökin kappkosta að veita félögum góða þjónustu og að vera öflugur málsvari atvinnulífsins gagnvart stjórnvöldum og almenningi.

## Tvíþætt aðild

Fyrirtæki verður aðili að SA með því að ganga í eitthvert aðildarfélaganna og öðlast þar með tvíþætta aðild. Alls eiga um 2000 fyrirtæki aðild að samtökunum.

Aðildarfélög SA eru átta og starfa á grundvelli atvinnugreina.

Pau eru:

- Landssamband íslenskra útvegsmanna
- Samorka
- Samtök ferðaþjónustunnar
- Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði
- Samtök fiskvinnslustöðva
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Samtök iðnaðarins
- SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu

### Samtök atvinnulífsins

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími 591 0000  
Myndsendir: 591 0050  
Veffang: [www.sa.is](http://www.sa.is)  
Netfang: [sa@sa.is](mailto:sa@sa.is)

### Evrópuskrifstofa atvinnulífsins

Avenue de Cortenbergh 168  
B-1000 Brussel  
Belgium  
Sími: 322 280 0852  
Myndsendir: 591 0050  
Netfang: [sigrun@sa.is](mailto:sigrun@sa.is)



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík  
[www.sa.is](http://www.sa.is)